allt
ÞÓRÐUR OG HAFSTEINN
*Fá næstum alltaf skoðun á Löduna*
• bílar • ferðir
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



## KOMST YFIR JÁTNINGAR
PÁLL ÁSGEIR ÁSGEIRSSON
*Byggir bók um Láru miðil á handriti hennar*
BÆKUR 28 ▶






FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
24. september 2005 - 257. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

# Höfðu samráð um mál Jóns Geralds gegn Baugi

**Styrmir Gunnarsson, Jón Steinar Gunnlaugsson og Kjartan Gunnarsson funduðu um Baugsmálið mánuðum áður en það var kært til lögreglu. Ritstjóri Morgunblaðsins og Jónína Benediktsdóttir voru í sambandi við Jón Gerald Sullenberger ítrekað áður en kæran var lögð fram.**

**BAUGSMÁL** Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins, og Jón Steinar Gunnlaugsson, nú hæstaréttardómari, funduðu um mál Jóns Geralds Sullenberger gegn Baugi í júní 2002, tveimur mánuðum áður en Jón Steinar lagði fram kæru fyrir hönd Jóns Geralds gegn forsvarsmönnum Baugs.

Fréttablaðið hefur undir höndum margs konar gögn sem sýna að Styrmir Gunnarsson, Jónína Benediktsdóttir og Jón Gerald Sullenberger höfðu unnið að undirbúningi málaferlanna gegn forsvarsmönnum Baugs að minnsta kosti frá því í maí þetta sama ár.


KJARTAN


JÓN STEINAR


STYRMIR

Styrmir staðfestir í samtali við Fréttablaðið að hafa haft milligöngu um að koma á sambandi milli Jóns Geralds og Jóns Steinars. Jón Steinar Gunnlaugsson sagðist í gær ekki vilja tjá sig um málið og þegar gengið var á hann kaus hann að slíta samtalinu. Jónína Benediktsdóttir greip til sömu ráða og Jón Steinar og sleit símtalinu án þess að svara nokkru efnislega.

Í tölvupósti sem Styrmir sendir Jónínu að kvöldi 1. júlí 2002 segir: „Þið þurfið ekki að hafa áhyggjur af þessu með Jón Steinar. Hann er algjörlega pottþéttur maður. Þegar ég talaði um þetta mál við Jón Steinar hafði ég Kjartan með. Þetta er eins innmúrað og innvígt eins og nokkur hlutur getur verið. Ég þekki hins vegar ekki samband Jóns Steinars og Tryggva og mun kanna það. En það er alveg sama hvaða menn Jón Steinar þekkir. Tryggð hans við ónefndan mann er innmúruð og ófrávíkjanleg og þess vegna þurfið þið Jón Gerald ekki að hafa nokkrar áhyggjur.“

Styrmir staðfestir að hann eigi við Kjartan Gunnarsson en neitar að gefa upp hver ónefndi maðurinn er. - sda/Sjá síðu 2.


MYND/AP

**FELLIBYLURINN NÁLGAST** Íbúi í Galveston í Texas virtist óhræddur í gær þegar hann hjólaði niður á bryggju í bænum. Vindasamt var á svæðinu en óttast er að fellibylurinn Rita skelli á strönd Texas af fullum þunga í dag.

Fellibylurinn Rita:

## Óttast staðbundið regn

**BANDARÍKIN** Aðeins var byrjað að hvessa í Houston í Bandaríkjunum seint í gær en ekki byrjað að rigna, að sögn Ólafs Árna Ásgeirssonar, ræðismanns sem ætlar að halda kyrru fyrir meðan fellibylurinn Rita gengur yfir.

Hann segir lögreglu hafa náð að greiða fyrir umferð út úr borginni með því að færa vegfarendum bensín og vatn. „Núna óttast menn helst að bylurinn stoppi þegar á land kemur og verði að flækjast hér í tvo, þrjá daga, en með því gæti komið geysimikil rigning,“ sagði hann, en kvað enn óvissu um hvar bylurinn myndi taka land.

Aron Pálmi Ágústsson var síðdegis í gær enn á flótta undan fellibylnum og hafði þá verið 26 klukkustundir í rútu með öðru flóttafólki. Hann var á leið til bæjarins Nacogdoches norðar í Texas. - óká/Sjá síðu 4.

Borgarstjóri um breytt skipulag miðborgar Reykjavíkur:

## Beitir sér fyrir Bæjarins bestu

**BORGARMÁL** Hið mikla umrót sem verður á hluta miðborgar Reykjavíkur vegna byggingar tónlistarhúss og tengdra mannvirkja vekur upp spurningar um framtíð Bæjarins bestu við Tryggvagötu. Bæjarins bestu er einn þekktasti og vinsælasti veitingastaður landsins og hefur staðið við Tryggvagötuna síðan snemma á sjöunda áratugnum.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segist ekki geta ímyndað sér annað en að Bæjarins bestu verði áfram á svæðinu og ætlar að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða. „Ég mun beita mér af fullum þunga til að hin menningarlega starfsemi sem felst í Bæjarins bestu verði áfram á svæðinu enda ómissandi þáttur í bæjarlífinu,“ segir borgarstjóri.



**BEÐIÐ EFTIR PYLSU** Borgarstjóri segir Bæjarins bestu ómissandi þátt í bæjarlífinu og ætlar að beita sér fyrir að staðurinn verði áfram á svæðinu.

Ljóst er að einhver hús í næsta nágrenni við Bæjarins bestu þurfa að víkja vegna stórframkvæmdanna sem hefjast á næsta ári og á að vera lokið 2009.

Viðbúið er að einhverjir myndu fella tár, ef ekki ganga af göflunum, ef hróflað yrði við Bæjarins bestu en merkja má af orðum borgarstjóra að þeir hinir sömu geta andað rólega. - bþs

## LAUGARDAGUR

### Fleiri tonn, færri krónur



Áætluð útflutningsverðmæti ársins 2005 verða um 22,6 milljörðum króna minni en ársins 2002 þrátt fyrir aukningu aflamagns. Helsta skýringin er óvenjusterk staða krónunnar. SJÁVARÚTVEGUR 24-25

### Bikarúrslitaleikurinn í dag

Valur og Fram spila til úrslita í VISA-bikar karla í knattspyrnu í dag og hefst leikurinn á Laugardalsvelli klukkan tvö.



ÍÞRÓTTIR 36

### Húmoristi sem gefst aldrei upp



Jón H. B. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra, er mikill húmoristi og maður augnabliksins, orðheppinn og sér spaugilegu hliðarnar á kringumstæðunum. Jón hefur í starfi sínu tileinkað sér aga. Hann þykir hafa góða stjórn á skapi sínu en reiðist sé honum gert rangt til. MAÐUR VIKUNNAR 16

### Siðapostuli rokkhundanna

Frosti Logason dagskrárstjóri útvarpsstöðvarinnar X-ið ætlar markvisst að bæta ímynd stöðvarinnar. Groddaleg slagorð hafa verið tekin úr spilun. FÓLK 54

## VEÐRIÐ Í DAG




**SNJÓKOMA NYRÐRA** með skafrenningi á heiðum. Bjart með köflum syðra. Hiti 0-5 stig en víða næturfrost. VEÐUR 4

30
Bílabúð Benna
30 ára
*Glæsilegur afmælispakki fylgir öllum nýjum Chevrolet.*
Bílabúð Benna
Bílabúð Benna • Vagnhöfða 23
Sími 590 2000 • www.benni.is

Frjáls íbúðalán
4,15%
verðtryggðir vextir
Himinn og haf/SÍA
FRJÁLSI



## SPURNING DAGSINS

*Logi, verðurðu með opið hús í tilefni dagsins?*

„Sex sinnum í viku frá 10. október."

Logi Bergmann Eiðsson hefur verið ráðinn ritstjóri nýs sjónvarpsþáttar sem hefur vinnuheitið Opið hús.

Leit að hermannaveikibakteríum stendur yfir á Landspítala:

# Bakteríur á tveimur stöðum á spítalanum

**HEILBRIGÐISMÁL** Leit stendur nú yfir að bakteríum sem valda hermannaveiki á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, að sögn Ólafs Guðlaugssonar yfirlæknis á sýkingavarnadeild spítalans. Leitað er í öllum loftræstikerfum og vatnskerfum. Bakterían hefur fundist á tveimur stöðum á spítalanum, að sögn Ólafs.

„Í leit sem gerð var á spítalanum árin 1986–87 fannst bakterían á allnokkrum stöðum," segir Ólafur. „Nú erum við að athuga hversu mikið þetta er. Í framhaldi af því verður gripið til viðeigandi ráðstafana. Þær fara nokkuð eftir því hve algengt þetta er."

Ólafur segir að leitin sé afar tímafrek. Henni sé nú lokið á nokkrum svæðum en önnur séu ókönnuð. Verkið muni að líkindum taka tvo mánuði til viðbótar.

„Það hefur satt best að segja komið þægilega á óvart hversu lítið hefur fundist af þessari bakteríu á spítalanum það sem komið er. Þær bakteríur sem hafa fundist hafa verið í vatnskerfinu. Hluti þess hefur verið endurnýjaðar frá því að síðasta leit var gerð og stórir tankar sem voru í húsinu hafa verið fjarlægðir. Þar sem bakteríur hafa fundist nú hefur verið skipt um lagnir og krana og hitinn hækkaður í vatnskerfinu til að fjarlægja þær." - jss



**LANDSPÍTALI – HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Leitað verður að hermannaveikibakteríum á öllum spítalanum.

Lífeyrissjóður Austurlands:

# Sakir fyrndar vegna dráttar

**LÖGREGLA** Sakargiftir gegn forsvarsmönnum Lífeyrissjóðs Austurlands eru fyrndar að hluta vegna tafa í rannsókn efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, að því er fram kom í fréttum Stöðvar tvö í gær.

Hrafnkell A. Jónsson, fyrrverandi stjórnarformaður sjóðsins, segist hefðu viljað láta rannsaka málið að fullu, enda óþolandi að eiga yfir höfði sér „einhverjar óskilgreindar fyrndar sakir".

Jón H. Snorrason, yfirmaður efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra, taldi rannsóknina ekki hafa tekið óeðlilega langan tíma. ■



MYND/EINAR MÁR GUNNLAUGSSON

**ELDUR Í METANBÍLL** Eldurinn kviknaði framan í bílnum en metangaskútúrinn er í honum aftanverðum. Ekki er talið að sprengihætta hafi verið af kútnum.

Höfuðborgin í gær:

# Metanbíll brann

**SLÖKKVILIÐ** Lítil póstflutningabifreið brann á gatnamótum Laugavegs og Nóatúns í gær og er ónýt. Ökumaður bifreiðarinnar slapp, en vegfarandi lét hann vita af reyk undir bílnum.

Að sögn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins skemmdist nokkuð af bögglum og öðrum pósti í bílnum, sem á skammri stundu varð alelda. Bíllinn gengur fyrir metangasi, en slökkvilið taldi að af metankútum bílanna ætti ekki að stafa sprengihætta, því þeir hleypi af sér þrýstingi. - óká

Ólöglegt olíusamráð:

# Vill bætur

**OLÍUSAMRÁÐ** Útgerðarfyrirtækið Guðmundur Runólfsson hf. á Grundarfirði ætlar að sækja fyrir dómi bætur vegna ólöglegs samráðs olíufélaganna. Útgerðin er fyrst til að lýsa þessu yfir en fleiri hugsa sinn gang.

„Það er búið að ákveða þetta," segir Guðmundur Smári Guðmundsson, framkvæmdastjóri útgerðarinnar, en unnið er að lokafrágangi kærunnar. Hann segir kæruna byggða á gögnum aftur í tímann. „Þetta verður náttúrlega slagur en við erum harðákveðin í að taka þann slag," segir hann. Ekki liggur enn fyrir hversu hárra bóta fyrirtækið ætlar að krefjast. „Við höfum keypt olíu fyrir tugi milljóna á ári hverju, þannig að upphæðirnar eru háar." - óká

# Eyddu fingraförum Morgunblaðsins

**Ritstjóri Morgunblaðsins lét blaðamann þýða texta fyrir Jón Gerald Sullenberger og bað Jónínu Benediktsdóttur að eyða fingraförum Morgunblaðsins af verkinu. Jón Gerald hikaði lengi við að fara að ráðum Styrmis og Jónínu.**

**BAUGSMÁL** Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins, segir að Jón Gerald Sullenberger hafi verið mjög hikandi við að leita eftir aðstoð Jóns Steinars Gunnlaugssonar, nú hæstaréttardómara, við undirbúning að kæru á hendur forsvarsmönnum Baugs.

Í tölvupósti milli Styrmis og Jónínu Benediktsdóttur kemur fram að Jónína hafi ítrekað hvatt Jón Gerald til þess að fara að ráðum Styrmis og setja sig í samband við Jón Steinar. Styrmir leggur það til strax í maí 2002 að Jón Gerald leiti til Jóns Steinars. Enn í júlí er Jón Gerald mjög óviss um hvort hann vilji fara að ráðum Styrmis og Jónínu.

Hinn 8. maí skrifar Jónína í tölvupósti til Styrmis: „Hann er svo illur út í feðgana að hann langar mest til að kála þeim. [...] Það þarf einhvern veginn að tala við drenginn og róa hann þannig að honum finnist hann ekki vera sekur. Styrmir, heldur þú að Davíð væri til í að hringja í hann. Það held ég að virki langbest." Hinn 20. maí segir Jónína í tölvupósti til Styrmis: „Hann er að brotna drengurinn."

Styrmir neitar því aðspurður að hann hafi haft bein samskipti við Davíð Oddsson um þetta mál. Jónína sleit samtali við Fréttablaðið áður en hægt var að spyrja hana hvort hún hafi átt við Davíð Oddsson í þessu samhengi.

Þegar Styrmir er beðinn um að útskýra aðkomu sína að þessu máli segist hann hafa fengið mikið af gögnum og upplýsingum um málið veturinn og vorið 2002 sem hann taldi ekki eiga erindi á síður Morgunblaðsins. Hann hafi hins vegar bent Jóni Geraldi á að leita til Jóns Steinars Gunnlaugssonar, þáverandi hæstaréttarlögmanns.

Meðal þeirra gagna sem Fréttablaðið hefur er bréf á ensku sem er þýtt af einum blaðamanna Morgunblaðsins fyrir Jón Gerald að beiðni Styrmis. Í tölvupósti til Jónínu segir ritstjórinn: „Má ég biðja þig að eyða fingraförum Morgunblaðsins af þessu skjali og senda það síðan til Jóns Geralds? Ég kann það ekki eins og þú veizt." Styrmir segir ástæðu þessa vera þá að Jón Gerald hafi borið sig illa og ekki haft efni á þýðingu þar sem forsvarsmenn Baugs hafi farið svo illa með hann.

sda@frettabladid.is





MYND/AP

**ÁFRÝJA** Aðaltalsmenn verjenda Khodorkovskís, Robert Amsterdam og Júrí Schmidt.

Khodorkovskí-málið:

# Boða áfrýjun til Strassborgar

**RÚSSLAND, AP** Saksóknarar í Moskvu lýstu því yfir í gær að dómsmáli olíuviðskiptajöfursins Mikhaíls Khodorkovskí væri lokið. En lögmenn hans hétu því að málinu yrði skotið til Mannréttindadómstóls Evrópu.

Dómstóll í Moskvu hafnaði á fimmtudag áfrýjun Khodorkovskís á níu ára fangelsisdómi sem felldur var yfir honum í maí fyrir skattsvik og auðgunarglæpi, eftir réttarhöld sem margir álitu af pólitískum rótum runnin. ■

Skoðanakönnun Gallup:

# Framsókn fengi 2,7 prósent

**SKOÐANAKÖNNUN** Sjálfstæðisflokkur fengi 56,1 prósent atkvæða og 9 borgarfulltrúa ef kosið væri í borgarstjórnarkosningum í dag, samkvæmt nýrri könnun Gallup. Fréttastofa útvarps sagði frá þessu í gær. Samfylking fengi 27,8 prósent atkvæða og fjóra borgarfulltrúa. Vinstri grænir fengju 11,4 prósent atkvæða og tvo borgarfulltrúa Framsóknarflokkurinn fengi 2,7 prósent og Frjálslyndi flokkurinn fengi 2 prósent. Hvorugur flokkurinn fengi kjörinn borgarfulltrúa.

Úrtakið var 1.270 borgarbúar og var svarhlutfall 61 prósent. 21,5 prósent sögðust óákveðnir, tæp 10 prósent neituðu að svara og 5 prósent sögðust myndu skila auðu. - ss

Alltaf einfalt
ódýrt bensín
15 stöðvar!
www.ob.is

Starfsmenn Ríkislögreglustjóra deila enn hart á formann Samfylkingarinnar

# Vinnum óháð pólitísku ástandi

**BAUGSMÁLIÐ** Starfsmenn efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra telja að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hafi hvorki svarað því hvaða veiðileyfi hafi verið gefið út á Baug né á hvern hátt upphafi rannsóknar máls á hendur fyrirtækinu hafi verið háttað.

Starfsmennirnir ítrekuðu sjónarmið sín á ný í gær og fullyrða að veiðileyfi eða andrúmsloft hafi engin áhrif á að ákvörðun var tekin um að hefja opinbera rannsókn í málinu.

Formenn innan Landssambands lögreglumanna taka heilshugar undir yfirlýsingar starfsmanna efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóraembættisins en fundur þeirra var haldinn í gær.

„Ekkert er hæft í því að lögreglumenn séu viljalaus verkfæri í höndum utanaðkomandi aðila og ásakanir þess efnis eru í raun ásakanir um alvarleg hegningarlagabrot fjölda lögreglumanna... Fundurinn telur hreint með ólíkindum hvernig ákveðnir einstaklingar hafa tjáð sig með órökstuddum hætti og látið liggja að undirlægjuhætti og misbeitingu valds innan lögreglunnar og í raun í réttarkerfinu öllu,"segir í ályktun formannafundarins.



**ARNAR JENSSON AÐSTOÐARYFIRLÖGREGLUÞJÓNN** „Ingibjörg Sólrún telur að við höfum skolast með einhverju andrúmslofti sem er vitanlega alrangt."



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR** Ingibjörg Sólrún kveðst ekki taka athugasemdir lögreglumannanna til sín. „Þeir hljóta að vera að tala til einhvers annars en mín."

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kveðst hvorki taka ítrekanir starfsmanna efnahagsbrotadeildar til sín né ályktun formanna Landssambands lögreglumanna. „Þeir hljóta að vera að tala til einhvers annars en mín." -jh

# KATTASÝNING
# Í GARÐHEIMUM UM HELGINA!
frá kl 12.00 - 17.00 laugardag og sunnudag




- SPYRJIÐ DÝRALÆKNIRINN!
- FULLT AF TILBOÐUM
- OG KYNNINGUM!
- LUKKUPOTTUR!

KYNNING Á ÚRVALS KATTAFÓÐRI FRÁ:

Hill's | ROYAL CANIN | Purina PRO PLAN

## ERIKUTILBOÐ



3 STK
750 KR



LAUKAMARKAÐURINN
-FRÁBÆR TILBOÐ!

**30 % afsláttur**
af afskornum blómum
um helgina!

GARÐHEIMAR

**Lærið að gera töskur úr þæfðri ull**
- sýnikennsla frá 14.00 – 17.00
laugardag og sunnudag.

HEIMUR SKEMMTILEGRA HLUTA OG HUGMYNDA!

Stekkjarbakka 6 | Sími 540 3300 | www.gardheimar.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 23.09.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 61,61 | 61,91 |
| Sterlingspund | GBP | 110,03 | 110,57 |
| Evra | EUR | 74,66 | 75,08 |
| Dönsk króna | DKK | 10,004 | 10,062 |
| Norsk króna | NOK | 9,582 | 9,638 |
| Sænsk króna | SEK | 7,97 | 8,016 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5524 | 0,5556 |
| SDR | XDR | 89,74 | 90,28 |

*Gengisvísitala krónunnar*
104,9294

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Viðhorfskönnun tölfræðistofnunar Evrópusambandsins:

# Mikill stuðningur við aðild Íslands

**EVRÓPUMÁL** Sjö af hverjum tíu íbúum Evrópusambandslandanna 25 vilja að Ísland fái aðild að sambandinu. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýjustu Eurobarometer-könnunarinnar, viðhorfskönnunar sem tölfræðistofnun ESB, Eurostat, gerir reglulega í öllum aðildarríkjunum.

Meðal þess sem fram kemur í niðurstöðunum er að þegar íbúar ESB-landanna eru spurðir um afstöðu til hugsanlegrar frekari stækkunar sambandsins tróna EFTA-ríkin Sviss, Noregur og Ísland efst á lista. 78 prósent ESB-búa vildu sjá Sviss og Noreg í sambandinu en 70 prósent Ísland.

Aftur á móti er stuðningur við aðild Tyrklands aðeins helmingur af stuðningnum við aðild Íslands. 35 prósent ESB-búa styðja inngöngu Tyrkja en 52 prósent lýsa sig andvíg henni. Stuðningur er einnig tiltölulega lítill við aðild Rúmeníu og Búlgaríu, þótt búið sé að gera aðildarsamninga við þessi tvö lönd. Réttur helmingur ESB-búa vill sjá Búlgaríu í sambandinu og 45 prósent Rúmeníu. 41 prósent er andvígt inngöngu þeirra. Í könnuninni kom fram að fólk í nýju aðildarríkjunum er almennt mun jákvæðara gagnvart frekari stækkun sambandsins en íbúar eldri aðildarríkjanna. **- aa**




MYND/GETTYIMAGES

**GEGN AÐILD TYRKLANDS** Tvöfalt fleiri ESB-búar styðja aðild Íslands en Tyrklands að sambandinu. Hér sjást liðsmenn samtaka gegn ESB-aðild Tyrklands safna undirskriftum í Berlín nýlega. Aðildarviðræður við Tyrki eiga að hefjast 3. október.

Skattalagabrot í rekstri Móa:

# Sektin tæpar 70 milljónir

**DÓMSMÁL** Fyrrum framkvæmdastjóri og stjórnarmaður fuglabúsins Móa, Ólafur Jón Guðjónsson, hefur verið dæmdur til að greiða 68 milljónir króna í sekt til ríkissjóðs. Þá var hann dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár.

Ólafur var kærður fyrir að standa ekki með eðlilegum hætti skil á staðgreiðslu opinberra gjalda sem haldið var eftir af launum starfsmanna árið 2002, alls tæpum 36 milljónum króna. Móar voru úrskurðaðir gjaldþrota í byrjun nóvember 2003.

Dómurinn segir brot framkvæmdastjórans meiriháttar. Greiddar höfðu verið tæpar 40 milljónir inn á staðgreiðsluskuldina, en sektin er bundin lögum. **- óká**




Heimildir: Census Bureau; NOAA; Weather Underground; Department of Energy; Information Administration; Louisiana Geographic Information Center; ESRI AP

Hlutabréfaútboð Össurar:

# Allt seldist upp

**VIÐSKIPTI** Yfir 96 prósent hluthafa stoð- og stuðningstækjafyrirtækisins Össurar tóku þátt í hlutafjáraukningu félagsins.

Samtals óskuðu þeir eftir kaupum fyrir 8,3 milljarða króna, sem er 62 prósent umfram það hlutafé sem í boði var. Félagið selur í útboðinu 63 milljónir nýrra hluta á genginu 81 sem eru að andvirði ríflega fimm milljarðar króna.

Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings banka hafði umsjón með útboðinu sem var liður í fjármögnun á kaupum Össurar á bandaríska félaginu Royce Medical Holdings. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Í NEW YORK** Choe Su Hon heilsar Kofi Annan.

Norður-Kórea:

# Þiggja ekki mataraðstoð

**NEW YORK, AP** Norður-Kóreumenn segjast ekki lengur þurfa matvælaaðstoð frá Sameinuðu þjóðunum enda þótt vannæring sé viðvarandi vandamál í landinu.

Talsmaður stjórnvalda í Norður-Kóreu segir að landsmenn fái nú nóg af mat úr öðrum áttum og þurfi því ekki á aðstoð að halda sem í raun sé aðeins pólitísk beita. Hann lét að því liggja að Bandaríkjamenn veittu þeim aðstoð til þess að fá þá ofan af kjarnavopnaframleiðslu, en viðræður um það mál hafa staðið að undanförnu. ■

# Flóttaleiðir lokuðust

**Mikill fjöldi var enn fastur í umferðarteppum á flótta undan fellibylnum Ritu sem nálgast Texas og Louisiana. Þó virtist sem milljónaborgin Houston slyppi við það versta. Flóðvarnargarðar voru aftur farnir að bresta í New Orleans.**

**BANDARÍKIN, AP** Fellibylurinn Rita nálgaðist strönd Texas og Louisiana óðfluga í gær. Umferð var í hnút á helstu flóttaleiðunum, þjóðvegunum inn í land. Jafnvel var óttast að margt fólk yrði enn fast í umferðarteppum eða í bensínlausum bílum þegar bylurinn skylli á, með vindhraða allt upp í 220 km/klst og hamslausri úrkomu. Einnig var óttast að bylurinn ylli miklu tjóni á olíuhreinsistöðvum í Texas og hálflamaði þannig olíuiðnað Bandaríkjanna. Allt að 24 manns fórust þegar eldur kom upp í hópferðabíl, sem í voru íbúar elliheimilis sem var verið að flytja í öruggt skjól.

Í New Orleans var mikil rigning sem olli því strax í gær að ein viðgerðin á flóðvarnargörðunum brast. Ýtti það undir ótta um að borgin færi aftur á kaf af völdum Ritu.

„Það versta sem við óttuðumst að gæti gerst er að gerast. Varnargarðarnir munu bresta ef svo fer fram sem horfir og þar með mun allt svæðið sem áður fór á kaf fara aftur á kaf,“ sagði Barry Guidry, liðsmaður þjóðvarðliðsins sem unnið hefur að viðgerðum á varnargörðunum í New Orleans.

Því var spáð að fellibylurinn skylli snemma í dag á ströndinni á mótum Texas og Louisiana. Leiðin sem búist var við að bylurinn færi virtist myndu hlífa strandbænum Galveston og milljónaborginni Houston við því allra versta. En Rita myndi plægja í gegnum olíuvinnslu- og efnaverksmiðjumiðstöðvarnar í Beaumont og Port Arthur, um 120 km austur af Houston. Almannavarnastjóri Texas, Jack Colley, spáði því að Rita myndi eyðileggja um 5.700 hús í ríkinu og valda um 8,2 milljarða dala tjóni.

George W. Bush, sem var ríkisstjóri Texas áður en hann varð forseti, flaug til heimaríkis síns frá Washington í gær.

Nærri tvær milljónir íbúa strandsvæðanna fengu fyrirmæli um að yfirgefa heimili sín. Það olli þvílíkum umferðarteppum að sumir gáfust upp á því að reyna að komast leiðar sinnar inn í land og héldu aftur heim.

**audunn@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**PALLBÍLL SPRAKK** Reykur stígur upp af staðnum þar sem pallbíllinn sprakk á útifundi Hamas-samtakanna á Gaza í gær.

Sprenging á Gaza:

# Sjö féllu og tugir særðust

**PALESTÍNA, AP** Pallbíll sem hópur grímuklæddra herskárra Palestínumanna ók um á sprakk í loft upp á útifundi Hamas-samtakanna á Gazasvæðinu í gær. Að minnsta kosti sjö Palestínumenn létu lífið og um 85 særðust, að sögn sjúkrahúslækna.

Að sögn vitna voru heimatilbúin vopn um borð í pallbílnum og palestínskir lögreglumenn sögðu sprenginguna sennilegast hafa orðið vegna ógætilegrar meðferðar sprengiefna. Hamas-samtökin hikuðu hins vegar ekki við að kenna Ísraelum um, ísraelskar herflugvélar hefðu sést fljúga yfir. Ísraelar neituðu að hafa komið nærri. ■

MasterCard kynnir:
OKTÓBERBÍÓFEST
Í Háskólabíói og Regnboga 26. október - 14. nóvember 2005
40 MYNDIR Á 3 VIKUM
HVERT FER JÖKULL II?
„Mundi það drepa þetta lið að halda þetta að sumri til?“
- JÖKULL II

Iceland Film Festival
iff
20% afsláttur af 10 mynda pössum til MasterCard korthafa.
Sjá www.kreditkort.is
ICELANDAIR
ICELANDAIR HOTELS
Talstöðin FM 90,9
www.icelandfilmfestival.is



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

## VEÐURSPÁ

**HARÐA VETUR FYRIR NORÐAN**
Veðurkortin næstu daga eru afskaplega vetrarleg, svo ekki sé meira sagt. Í rauninni norðan áhlaup eins og þau gerast að vetri. Norðurhelmingur landsins eru undirlagður af norðan vindi, snjókomu og hita við frostark þegar best lætur. Afskaplega óspennandi því skv. dagatalinu er enn sumar!!!

**HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI**
Ákveðin norðan átt. Bjart með köflum en hætt við stöku slydduða snjóéljum með kvöldinu. Hiti 0-4 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




Stíf norðan átt um megin hluta landsins síst þó á Austurlandi.

*» mánudagur*




Hvöss norðaustan átt.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C hálfskýjað | París | 21°C léttskýjað | Alicante | 27°C heiðskírt |
| Osló | 16°C alskýjað | Berlín | 21°C léttskýjað | Milano | 25°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 21°C hálfskýjað | Frankfurt | 18°C skúrir | New York | 22°C hálfskýjað |
| Helsinki | 17°C hálfskýjað | Madrid | 27°C hálfskýjað | San Francisco | 21°C léttskýjað |
| London | 17°C léttskýjað | Barcelona | 24°C heiðskírt | Orlando/Florida | 32°C léttskýjað |

* Svæði þar sem búast má við talsverði vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Afnemum VSK af öllum fatnaði

## TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.



**Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án VSK.**

**Dagana 23.-25. september afnemum við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 25. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA



KJÖRKASSINN

*Eiga sveitarfélögin Garður, Reykjanesbær og Sandgerði að sameinast?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

Já 71%

Nei 29%

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Heldurðu að Baugsmálið fái efnislega meðferð fyrir dómi?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir


Kostnaður heilbrigðisráðuneytis fór fram úr fjárheimildum fyrri hluta ársins:

# Milljarður umfram áætlanir

**RÍKISFJÁRMÁL** Útgjöld ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins námu samtals um 149 milljörðum króna samkvæmt yfirliti sem fjármálaráðherra kynnti á fundi ríkisstjórnarinnar í gær.

Áætlanir gerðu ráð fyrir að útgjöldin yrðu alls um 154 milljarðar króna og voru því þremur prósentum innan heimilda eða 4,6 milljörðum króna.

Rekstrargjöld stofnana námu liðlega 70 milljörðum króna og er það 1,8 milljarðar umfram fjárheimildir. Mestu munar um að kostnaður heilbrigðisráðuneytisins varð nærri einum milljarði króna meiri en áætlað var á fyrri helmingi ársins. Einnig fór menntamálaráðuneytið um 570 milljónir króna fram úr heimildum.

Greiðslur bóta, trygginga og styrkja voru 2,7 milljörðum króna lægri á fyrri helmingi ársins en áætlað var eða um 58 milljarðar króna. Þar vegur þyngst að styrkir utanríkisráðuneytisins til alþjóðastofnana og þróunaraðstoðar voru liðlega 1,1 milljarði króna undir áætlun.

Viðhald og stofnkostnaður varð liðlega þremur milljörðum króna lægri en áætlað var og nam alls rúmum sjö milljörðum króna. Mestu munar um 1,5 milljarða króna inneign samgönguráðuneytisins og 530 milljóna króna inneign heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins.

- jh



**LANDSPÍTALI – HÁSKÓLASJÚKRAHÚS** Erfitt reynist að halda heilbrigðiskostnaði í skefjum og innan fjárheimilda.

Óeirðir á Írlandi:

## Barist um eiturlyfjasölu

**ÍRLAND, AP** Ein samtök herskárra sambandssinna á Norður-Írlandi, Ulster Volunteer Force, hafa staðið á bak við 23 líkamsárásir, þar af fjögur morð, síðan 1. júlí, segir alþjóðlegt rannsóknarráð. Allar árásirnar hafa beinst gegn öðrum samtökum herskárra sambandssinna, Loyalist Volunteer Force. Lögregla telur að árásirnar hafi verið gerðar í þeim tilgangi að endurheimta stöðu UVF innan eiturlyfjaheimsins í Belfast.

Lögreglan hefur varað fjölmarga við árásunum og telur nefndin að margir eigi þeim upplýsingum líf sitt að launa. ■

Vararíkissaksóknari:

## Sönnunargögn skorti í málinu

**DÓMSMÁL** Skortur á sönnunargögnum var ástæða þess að ríkissaksóknari ákærði ekki þrjá menn fyrir að nauðga konu árið 2002, að sögn Ragnheiðar Harðardóttur vararíkissaksóknara. Konan fór í einkamál og vann það.



**RAGNHEIÐUR HARÐARDÓTTIR**

Ragnheiður segir að Hæstiréttur hafi ekki véfengt ákvörðunina.

„Þess ber að gæta að ólíkar sönnunarreglur gilda í saka- og einkamálum,“ segir Ragnheiður. „Í sakamálum liggur sönnunarbyrðin á ákæruvaldinu, en í einkamálum ber þeim sem kærður er að sýna fram á sakleysi sitt.“

- smk

Þingmaður Samfylkingar:

## Dáist að kjarki konunnar

**DÓMSMÁL** „Ég vil bara taka undir hvert orð sem Atli Gíslason lögmaður hefur sagt í þessu máli. Það er löngu orðið tímabært að sjónarmið kvenna séu tekin til greina, og að sá miski sem það að lenda í nauðgun er, verði bættur,“ segir Guðrún Ögmundsdóttir alþingismaður og bætir því við að hún dáist að kjarki konunnar að fara í einkamál.



**GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR**

Guðrún segist vona að niðurstaða Hæstaréttar skili sér beint inn í vinnuhóp dómsmálaráðherra sem vinnur að endurskoðun laga um heimilis- og kynferðisofbeldi.

- smk

# Sinntu ekki rannsókninni

**Rannsókn á hópnauðgun var ýtt til hliðar vegna líkamsárásar sem upp kom sömu helgi. Lögmaður konunnar segir kynfrelsi íslenskra kvenna ekki njóta réttarverndar og átelur vinnubrögð lögreglu.**

**DÓMSMÁL** Rannsókn á hópnauðgun konu í ágúst 2002 var ýtt til hliðar vegna alvarlegrar líkamsárásar sem upp kom sömu helgi. Þetta kemur fram í skýringum lögreglu í Reykjavík til ríkissaksóknara eftir að verjandi konunnar hafði óskað eftir frekari upplýsingum um rannsóknina.

Konan höfðaði sjálf mál á hendur mönnunum eftir að ríkissaksóknari ákvað að falla frá saksókn og tveir dómsmálaráðherrar höfðu neitað að liðsinna henni. Þó að Hæstiréttur telji það sannað að mennirnir hafi brotið á konunni, þá sæta þeir ekki refsingu vegna glæpsins, og mun hann ekki koma fram á sakaskrám þeirra.

„En ég held þeir hljóti að vera sakbitnir og sektin mun vera eins og hlekkir um háls þeirra alla þeirra ævi. Þetta mál mun fylgja þeim þó það hafi verið einkamál,“ segir Atli Gíslason hæstaréttarlögmaður, verjandi konunnar. „Þetta mál segir manni að kynfrelsi íslenskra kvenna nýtur ekki réttarverndar innan íslenska réttarvörslukerfisins. Það er verið að rústa líf þessara kvenna sem eru fórnarlömb kynferðisafbrotamanna, og réttarvörslukerfið virðist ekki gera sér grein fyrir þessu.“

Konan bar vitni um að í ágúst 2002 hefði hún kynnst mönnunum þremur á skemmtistað í Reykjavík og farið með þeim í íbúð í Breiðholti í þeirri trú að fleira fólk væri á leið í samkvæmið. Rétturinn heyrði hvernig einn mannanna, sem konan sagðist óttast, hafði frumkvæði að mökum við konuna gegn vilja hennar og kallaði svo á hina tvo. Allir þrír höfðu þeir síðan mök við konuna hver á eftir öðrum og samtímis. Hún leitaði hjálpar hjá neyðarlínunni sömu nótt og kærði nauðgunina í framhaldi af því.

„Í ársbyrjun 2003 ákvað ríkissaksóknari að falla frá saksókn á hendur mönnunum vegna skorts á sönnunargögnum. Lögmenn konunnar öfluðu nýrra gagna í tvígang og fóru með til saksóknara, en í bæði skiptin neituðu yfirvöld að taka málið upp aftur, “segir Atli.

Í september 2003 bað lögmaður konunnar dómsmálaráðherra um að niðurfelling saksóknarinnar yrði felld úr gildi, en Björn Bjarnason ráðherra hafnaði því. Áður segist konan hafa farið sjálf til Sólveigar Pétursdóttur, þáverandi dómsmálaráðherra, en ekki fengið neina aðstoð við málið.

„Hún kom alls staðar að lokuðum dyrum,“ segir Atli.

Konan stefndi því mönnunum og töldu bæði Héraðsdómur Reykjavíkur og Hæstiréttur nægar sannanir vera fyrir því að mennirnir hefðu brotið gegn frelsi og persónu konunnar.

smk@frettabladid.is



MYND/GETTY

**FÓRNARLAMB NAUÐGUNAR** Oft reynist fórnarlömbum nauðgunar erfitt að fá sár sín grædd. Myndin tengist ekki atburðunum sem greinin fjallar um.

**SÉR SJÁLF UM INNHEIMTU**

Konan hefur sótt um að fá að sækja miskabæturnar í ríkissjóð, en þá sér ríkið um að innheimta féð af mönnunum þremur. En þar sem hámarksfjárhæð miskabóta sem þolendur afbrota geta sótt til ríkisins er einungis 600.000 króna auk vaxta mun hún þurfa að sjá sjálf um innheimtu þeirra 500.000 króna sem vantar upp á.

**KÆRÐAR NAUÐGANIR OG SKYLD BROT**

| Ár | Alls | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmd í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 26 | 19 | 7 | 3 | 4 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2000 | 39 | 27 | 12 | 4 | 8 | 3 | 0 | 3 | 0 |
| 2001 | 29 | 18 | 11 | 5 | 6 | 6 | 1 | 5 | 0 |
| 2002 | 58 | 37 | 21* | 5 | 14 | 9 | 2 | 7 | 0 |
| 2003 | 65 | 49 | 16 | 11 | 5 | 4 | 1 | 3 | 0 |
| 2004 | 43 | 32 | 10** | 3 | 4 | 2 | 0 | 1 | 1 |
| **Alls** | **260** | **182** | **77** | **31** | **41** | **26** | **4** | **21** | **1** |

HEIMILD: RÍKISSAKSÓKNARI

* Árið 2002 var ein útgefin ákæra afturkölluð eftir að ákærði lést. Önnur ákæra frá sama ári er ódæmd þar sem ákærði er erlendis og hefur ekki tekist að hafa uppi á dvalarstað.

** Af þeim tíu málum sem ákært var í árið 2004 eru þrjú enn ódæmd í héraðsdómi. Eitt mál frá sama ári sætir framhaldsrannsókn.






Kynferðisbrotamaður dæmdur fyrir líkamsárás:

# Tvö ár bætast við fyrri dóm

**DÓMSMÁL** Rúmlega fertugur karlmaður hefur verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að ráðast í mars í fyrra á mann með kylfu og berja hann ítrekað fast í höfuðið. Þá var hann dæmdur fyrir að hafa haft í fórum sínum fíkniefni, hass, amfetamín og MDMA-töflur, og fyrir nokkra smáþjófnaði.

Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur, en hann bætist við dóm sem maðurinn hlaut í febrúar síðastliðnum fyrir „ítrekuð og svívirðileg“ kynferðisbrot gegn stjúpdóttur hans á árunum 1997 til 2002.

Einnig var ákærður fyrir þátttöku í árásinni í fyrra drengur, sem þá var 17 ára, en þeir félagar höfðu hitt manninn niðri í bæ og buðu honum far í hús í Reykjavík þar sem sá ætlaði að hitta fyrir fyrrverandi eiginkonu sína. Fram kom að tilgangur árásarinnar hefði verið að ræna af manninum eiturlyfjum. Maðurinn og drengurinn voru dæmdir til að greiða fórnarlambi sínu 600 þúsund krónur í skaðabætur. Lögmaður drengsins segir hann ósáttan við dóminn, en hann kveðst hvergi hafa komið nærri árásinni og íhugar áfrýjun.

- óká



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Maður sem hlotið hefur fjölda dóma var í síðustu viku dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir líkamsárás, þjófnað og fíkniefnamisferli. Í byrjun árs var hann dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir kynferðisbrot, auðgunar- og fíkniefnabrot.



4stk erikur 999

Frábær eriku- og haust-plöntusýning í Sigtúni

# erikusýning



Nú er haustlaukatíminn



Heilsársseríur 499

blómaval
*heillandi heimur*

Sigtún - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvernig þotum hefur Avion Group fest kaup á?

2 Hvað fer Reykjavíkurborg fram á háar bætur vegna samráðs olíufélaganna?

3 Til hvaða enska fótboltaliðs er Davíð Þór Viðarsson að fara til reynslu?

SVÖRIN ERU Á BLS. 54

Álits nefndar um vændi, klámiðnað og mansal að vænta:

# Sænska leiðin er umdeild

**DÓMSMÁL** Vonast er til að nefnd um mismunandi löggjöf um vændi, klámiðnað og mansal í Evrópu muni skila af sér niðurstöðum fyrir lok mánaðarins. Líklegt þykir að nefndin skili af sér fleiri en einu áliti þar sem skiptar skoðanir eru innan hennar um ágæti sænsku leiðarinnar um að gera kaup á vændi refsiverð.

Í nóvember í fyrra skipaði Björn Bjarnason dómsmálaráðherra starfshóp sem átti að kynna sér reynslu af mismunandi löggjöf um vændi, klámiðnað og mansal í Evrópu. Sérstaklega átti nefndin að kynna sér reynslu Svía af löggjöf sem gerir kaup á vændi refsiverð og meta kosti þeirrar löggjafar og galla. Samkvæmt skipunarbréfi nefndarinnar á hún að bera reynsluna af mismunandi viðhorfum og löggjöf í nágrannalöndunum saman við aðstæður hér á landi.

Í nefndinni sitja alþingismennirnir Kolbrún Halldórsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Gunnar Örn Örlygsson, Jónína Bjartmarz og Ásta Möller. Formaður hennar er Ragna Árnadóttir, skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. - ss




**MÓTMÆLAGANGA** Nefnd sem fjallar um vændi, klámiðnað og mansal ætlar að skila af sér niðurstöðum fyrir lok mánaðar.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**EKIÐ Á BARN** Ekið var á barn á Strandgötu í Hafnarfirði í fyrrakvöld. Óhappið átti sér stað á móts við Kelduhvamm og var barnið að fara yfir götu. Ekki er gangbraut á þessum slóðum. Rannsókn á slysadeild leiddi í ljós að barnið var óbrotið. Margt ungt fólk er nú að stíga sín fyrstu skref í umferðinni.

**ÓKU Á LJÓSASTAUR** Bifreið var ekið á ljósastaur í Hafnarfirði í fyrrakvöld. Tveir voru í bílnum og eru þeir ómeiddir. Í samræðum við mennina komst lögregla að því að þeir voru ekki sammála um hvor þeirra hefði ekið bílnum. Virtust þeir vera í annarlegu ástandi og verða yfirheyrðir þegar betur liggur á þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**FRÁ SLYSSTAÐ** Björgunarfólk heldur á líkum sem fundust eftir slysið.

Ráðherra fórst í þyrluslysi:

## Enginn grunur um hryðjuverk

**MEXÍKÓ, AP** Stjórnvöld í Mexíkó fullyrða að um slys hafi verið að ræða þegar öryggismálaráðherra landsins og lögreglustjóri létust ásamt sjö öðrum þegar þyrla hrapaði á miðvikudag. Einum mannanna um borð hafði nýlega verið hótað lífláti af eiturlyfjabarónum en stjórnvöld segja ekkert benda til annars en að slysið hafi orsakast af slæmu veðri. Mexíkó hefur lengi átt undir högg að sækja á alþjóðavettvangi vegna spillingar og glæpa í landinu.

## DÓMSMÁL

**KJÁLKABRAUT MANN**
Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt 24 ára gamlan mann í 30 daga fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár, fyrir að slá annan mann þannig að hann nef- og kjálkabrotnaði. Sakborningurinn gekkst við árásinni en efaðist um afleiðingarnar. Vitnaleiðslur bentu óyggjandi til þess að hann hafði valdið áverkunum.

# Mikill ótti við sektarkennd

**Foreldrar fyrirbura eru mótfallnir því að ákvörðun um meðferð, sem heldur þeim á lífi, sé eingöngu í höndum lækna. Óttinn við sektarkennd er mikill hjá foreldrum í þessum aðstæðum.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Foreldrar fyrirbura með fæðingarþyngd minni en 1000 grömm við fæðingu vilja sjálfir vera þátttakendur í ákvörðun um það hvort hætta beri meðferð á barninu eða ekki, en börn sem fæðast svo lítil verður að meðhöndla sérstaklega eigi þau að halda lífi og hætta er á að fötlun eða alvarleg veikindi hrjái þau sem lifa af. Þetta kemur fram í rannsókn sem Jónína Einarsdóttir mannfræðingur gerði og kynnti á ráðstefnu um málefni fatlaðra í Gullinhömrum í fyrradag.

Jónína segir að óttinn við sektarkennd sé vissulega mikill hjá foreldrum í þessum aðstæðum en þó ekki svo að þeir vilji skjóta sér undan ábyrgð af ákvörðuninni.

Helst vilja þeir að samkomulag um þessa þætti náist við lækna en ef það tekst ekki vilja þeir að foreldrar hafi rétt til að neita að meðferð sé hætt. Hins vegar eru skiptar skoðanir meðal foreldra um það hvort þeir eigi að geta krafist þess að meðferð sé hætt án samþykkis lækna. „Eitt foreldranna sagði sem svo að fóstureyðing væri leyfð seint á meðgöngu ef alvarlegur vandi steðjaði að og því þá ekki að leyfa að meðferð verði hætt á sömu forsendum," segir Jónína.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**JÓNÍNA EINARSDÓTTIR MANNFRÆÐINGUR** Jónína hélt fyrirlestur um viðhorf foreldra fyrirbura á ráðstefnu um málefni fatlaðra sem haldið var í Gullinhömrum í gær en seinni dagur ráðstefnunnar er í dag.

Flestir foreldranna álíta einnig sem svo að til séu aðstæður sem réttlæti að meðferð sé hætt á fyrirburum. Ástæður sem foreldrar gáfu fyrir því að réttlæta mætti þá ákvörðun voru að betra væri að hætta meðferð ef sýnt þætti að hún væri kvalafull og myndi líklega aðeins fresta andláti. Einnig nefndu foreldrar að betra væri að hætta meðferð ef sýnt væri að barnið ætti „ekkert líf" fyrir höndum, eins og þeir orðuðu það. Hjá flestum felst það í því að þau gætu ekki átt mannleg samskipti.

„Foreldrarnir eru flestir nokkuð bjartsýnir á framtíðina, og tala oft um börnin sín sem kraftaverkabörn og þegar kemur að takmörkunum í getu barnanna útskýra þeir það oft sem svo að þau séu svolítið eftir á en það lagist þegar þau „verða stór" eins og þau segja," bætir Jónína við. Hún segir að það hafi komið sér á óvart hversu börnin voru kröftug.

jse@frettabladid.is


# Hversu vel þekkir þú þig og þína?

Í þessari nýju og skemmtilegu bók er leyndardómum stjörnumerkjanna lokið upp á nýstárlegan hátt. Hér finnur þú upplýsingar um það hvernig fólk fætt undir hverju merki nálgast lífið, ástina og kynlífið og hvaða afstöðu það hefur til fjármála, matar, vinnu og heimilis.

**Einstök leið til að kynnast sjálfum sér, maka, vinum og fjölskyldu á algjörlega nýjan hátt!**




HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

Almenna bókafélagið
edda.is


FRÉTTABLAÐIÐ/PÉTUR




**SPARISJÓÐURINN** Eitt útibúa Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis tók með viku millibili í sumar við tveimur fölsuðum ávísunum frá útlendingum sem þannig sviku út tæpa milljón króna.

Erlendir ávísanafalsarar fyrir dómi:

## Gáfu upp fölsk nöfn í fyrstu

**DÓMSMÁL** Par sem sveik tæpa milljón króna út úr Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis og tæpar 60.000 krónur út úr KB banka í Reykjavík með ávísanafalsi kom fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur í vikunni.

Maðurinn sem er 33 ára kvaðst áður heita Timothy Claude Newkirk og konan, sem er 25 ára, sagðist heita Suzanne Claire Hydon. Núna segist maðurinn hins vegar heita Joshua Olayiwola Oladapo og vera frá Nígeríu og konan segist vera frá Líberíu og heita Susan Hyns.

Ávísanirnar leystu þau út í maí og júní, þá fyrstu í KB banka, en hún var upp á 900 dollara. Með viku millibili í byrjun júní leystu þau út tvær ávísanir hjá Sparisjóðnum, upp á 8.500 og 6.500 dollara. Ávísanirnar útbjó parið sjálft, en þær virtust útgefnar af tveimur amerískum bönkum, Founders Federal Union og Chase-bankanum í New York.

Bankarnir krefjast báðir bóta vegna svikanna. - óká

# ÓTRÚLEG VERÐ!







**„VALETTA" SÓFASETT**

Einstaklega fallegt og vandað sófasett úr ekta leðri. Breiddin á 3ja sæta sófanum er 216 sm og breiddin á 2ja sæta sófanum er 159 sm. Einnig fáanlegur 1 sæta verð aðeins **24.900,-** Fallegt sófasett á mjög góðu verði!







**„WILMA" SÓFASETT**

Fallegt, brúnt leðursófasett með grófum saumum.




**„OMAR" LEÐURSÓFASETT 3 + 2**

Glæsilegt sófasett með ekta leðri á slitflötum. Komið og skoðið.
St. 3 sæta 195 sm. St. 2ja sæta 150 sm







**„CHESTERFIELD" LEÐURSÓFASETT 3 + 1 + 1**

Glæsileg og klassísk „Chesterfield" sófasett. Vönduð og góð sófasett á frábæru verði! 3ja sæta sófi verð aðeins: 99.900,- Stóll verð aðeins: 49.990,-




**„PALMERA" HORNSVEFNSÓFI**

Glæsilegur hornsvefnsófi með slitsterku áklæði. Fáanlegur í rauðum og gráum lit með polyester áklæði. Einnig til í kremlit með efni úr míkrófíber sem er mjög auðvelt að þrífa. Auðvelt að breyta í svefnsófa fyrir 2. Svefnsófi með innbyggðri rúmfatageymslu.

-góð kaup
RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

TILBOÐIÐ GILDIR 23. - 25. SEPTEMBER 2005




**KOSIÐ Í PÓLLANDI** Varsjárbúar bíða eftir lest á járnbrautarstöð borgarinnar í gær, fyrir framan kosningaáróðursspjald forsetaframbjóðandans Lech Kaczynski, en hann nýtur mikils forskots í skoðanakönnunum. Kosið er til þings í Póllandi nú um helgina en forsetakosningar verða 9. október.

Hæstiréttur klofnaði í máli deildarstjóra tollgæslu:

# Rekinn tollari fær ekki bætur

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur féllst ekki á 27 milljóna króna bótakröfu deildarstjóra tollgæslunnar á Selfossi sem vikið var frá störfum vegna gruns um aðild að tolla- og hegningarlagabrotum við tollafgreiðslu á bílum til landsins. Hann þarf í staðinn að reiða fram 400.000 krónur í málskostnað til ríkisins.

Maðurinn var ákærður fyrir hluta af brotunum, en sýknaður í Héraðsdómi. Hann höfðaði þá mál á hendur ríkinu til greiðslu bóta og fékk samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur eina milljón króna, sem hann verður nú af með dómi Hæstaréttar.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**SELFOSS** Hæstiréttur segir deildarstjóra tollgæslu á Selfossi hafa orðið uppvísan að „stórfelldri og ítrekaðri vanrækslu og hirðuleysi í starfi sínu“ og því hafi verið heimilt að reka hann.

Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari skilaði séráratkvæði þar sem hann taldi grundvöll til bótagreiðslna, en taldi ekki ástæðu til að fjalla um upphæðir þar sem meirihluti dómsins hafði komist að annarri niðurstöðu. Hann taldi ekki hafa verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti að lagaskilyrði hafi verið fyrir að víkja manninum að fullu úr embætti og ríkið hafi tekið áhættu með því að reka manninn áður en dómur féll í máli hans. **- óká**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**SKEMMDARVARGAR Á FERÐ** Skemmdarvargar voru á ferð í Reykjanesbæ í fyrradag. Lögregla fékk tvær tilkynningar um eignaspjöll á bifreiðum. Afturrúða hafði verið brotin á annari bifreiðinni. Búið var að dælda afturhluta hinnar ofan við annað afturljósið, auk þess sem afturljós var brotið.

**ÖKUNÍÐINGUM REFSAÐ** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi tvo menn í þrjátíu daga gæsluvarðhald fyrir brot á umferðarlögum í júní síðastliðnum. Annar þeirra, 25 ára gamall Hafnfirðingur, var dæmdur fyrir að hafa ekið ökuréttindalaus. Hinn maðurinn, 28 ára gamall Kópavogsbúi, var ákærður fyrir ölvunarakstur og var hann jafnframt sviptur ökuréttindum ævilangt.

Manchester flugvöllur:

# Grunur um hryðjuverk

**MANCHESTER, AP** Breska lögreglan handtók mann á flugvellinum í Manchester í gærmorgun vegna gruns um að hann hafi ætlað að fremja hryðjuverk. Maðurinn veitti mikla mótspyrnu við handtökuna og þurftu lögreglumenn að nota rafmagnsbyssu til að yfirbuga hann, að sögn talsmanns lögreglunnar. Grunsamleg taska fannst á flugvellinum og fjarlægði lögregla hana og sprengdi. Hluta flugvallarins var lokað og flugumferð var takmörkuð um hríð. ■




**MANCHESTER-FLUGVÖLLUR** Hluta flugstöðvarinnar var lokað í gær.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**JARÐSETTUR Í ÍSRAEL** Syrgjendur Simons Wiesenthal fylgjast með er hann er lagður til hinstu hvílu í gyðingakirkjugarði í Tel Aviv í gær.

Útför í Tel Aviv í Ísrael:

# Wiesenthal greftraður

**ÍSRAEL, AP** Útför nasistaveiðarans Simons Wiesenthal fór fram í Tel Aviv í Ísrael í gær. Viðstaddir voru fjölmargir háttsettir gestir, fólk sem lifði af helförina og aðdáendur Wiesenthals, sem andaðist á 97. aldursári á heimili sínu í Vínarborg aðfaranótt þriðjudags. Wiesenthal lifði sjálfur af vist í útrýmingarbúðum nasista og eyddi því sem eftir var langrar ævi sinnar í að leita uppi stríðsglæpamenn nasista og fá þá dregna fyrir rétt. ■

Viðgerðum er lokið á Alþingishúsinu:

# Fatlaðir hafa fullt aðgengi

**ALÞINGI** „Afar mínir sögðu mér það báðir sem ungum dreng að hér væri það landsynningurinn sem væri verstur, enda voru það þær hliðar sem fyrst gáfu sig,“ sagði Halldór Blöndal, forseti Alþingis þegar hann kynnti endurbætur á húsinu í gær. Endurbótunum er nú formlega lokið en gagngerar viðgerðir hafa farið fram á öllu húsinu síðustu þrjú sumrin. Þetta er í fyrsta sinn sem gert hefur verið við húsið í heild sinni, en það var byggt á árunum 1880 til 1881.

Húsinu hefur verið haldið í sinni upprunalegu mynd en viðbót lyftu er augljós breyting. Lyftan mun veita fötluðum fullan aðgang að húsinu. Jafnframt hefur verið gengið frá lögnum þannig að þær eru ekki lýti á veggjum.

„Mér hefur liðið mjög vel sem forseta Alþingis og er stoltur af því að kveðja vinnustaðinn með þessu verki,“ sagði Halldór í gær.

Almenningi er boðið að skoða Alþingishúsið og Skálann í dag frá klukkan 10 til 15. **- saj**



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**HALLDÓR BLÖNDAL** Forseti Alþingis kynnti endurbæturnar á húsinu í gær.




Þingkosningar fara fram í Póllandi um helgina:

# Hægriflokkum spáð sigri

**PÓLLAND, AP** Þingkosningar fara fram í Póllandi nú um helgina. Tveir miðju-hægriflokkar mælast fylgismestir í skoðanakönnunum og er búist við því að vinstriflokkarnir sem stóðu að fráfarandi minnihlutastjórn bíði mikið afhroð.

Flokkarnir sem spáð er sigri stefna að því að mynda samsteypustjórn, sem gæti jafnvel haft tvo þriðju hluta þingsæta á bak við sig, en það væri nógu stór meirihluti til að koma stjórnarskrárbreytingum í gegn.

Nokkuð óljóst er hvor flokkurinn mun koma sterkari út úr þessum kosningum, flokkur frjálshyggjumanna sem staðráðnir eru í að draga úr ríkisumsvifum eða flokkur sem er mjög íhaldssamur í félagsmálum og vill varðveita velferðarkerfið. Hvor flokkurinn hefur yfirhöndina í komandi ríkisstjórnarsamstarfi mun hafa mikið að segja um væntanlega efnahagsstefnu hennar.

Sá fyrrnefndi, Borgaravettvangurinn, mældist í síðustu skoðanakönnunum með um 34 prósent fylgi en hinn, íhaldsflokkurinn Lög og réttlæti, með 29 prósent. **- aa**



MYND/AP

**SIGURVISSIR** Flokksleiðtogar pólska hægriflokksins Borgaravettvangs, Jan Rokita og Donald Tusk, á kosningafundi í Varsjá í gær.

# Flottir bílar!

## Bílaþing á Kletthálsi



**VW Touareg V6 sjálfsk.**
árg. 03 ek. 37.000
**verð 4.950.000 kr.**



**Skoda Superb 2,8 sjálfsk.**
árg. 03 ek. 28.000
**verð 3.390.000 kr.**



**Audi A3 Sportback sjálfsk.**
árg. 05 ek. 8.000
**verð 2.580.000 kr.**



**MMC Pajero 3,5 33" sjálfsk.**
árg. 02 ek. 41.000
**verð 3.790.000 kr.**



**VW Golf 1,6 Variant beinsk.**
árg. 00 ek. 73.000
**verð 890.000 kr.**



**Nissan Terrano 2,7 sjálfsk.**
árg. 99 ek. 110.000
**verð 1.690.000 kr.**



**Audi A4 3,0 quattro sjálfsk.**
árg. 03 ek. 34.000
**verð 4.450.000 kr.**



**VW Passat 1,9 TDI sjálfsk.**
árg. 02 ek. 171.000
**verð 1.560.000 kr.**

## Bílaþing við Laugaveg



**Skoda Octavia 1,6 sjálfsk.**
árg. 04 ek. 25.000
**verð 1.620.000 kr.**



**Audi TT 1,8T beinsk.**
árg. 02 ek. 39.000
**verð 2.790.000 kr.**



**MMC Pajero 3,2 dísil sjálfsk.**
árg. 05 ek. 30.000
**verð 4.690.000 kr.**



**Skoda Fabia 1,2 beinsk.**
árg. 04 ek. 23.000
**verð 1.150.000 kr.**



**Skoda Superb 1,8T sjálfsk.**
árg. 04 ek. 25.000
**verð 2.370.000 kr.**



**VW Golf TDI beinsk.**
árg. 04 ek. 23.000
**verð 1.890.000 kr.**



**Skoda Octavia Combi 2,0 sjálfsk.**
árg. 04 ek. 30.000
**verð 1.770.000 kr.**



**VW Passat 4Motion 2,0**
árg. 05 ek. 13.000
**verð 2.590.000 kr.**

**Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • Laugardaga 12–16**

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5040 | www.bilathing.is

HEKLA® www.bilathing.is bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
*Númer eitt í notuðum bílum*

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Óvissa er um stjórnarmyndun í Þýskalandi eftir kosningarnar um síðustu helgi.

## Bæði gera tilkall til kanslarastólsins

Stjórnarmyndunarviðræður í Þýskalandi eru í biðstöðu fram í næstu viku, eftir að leiðtogar flokkanna ræddust óformlega við á sögufrægu veitingahúsi í nágrenni þinghússins í Berlín fyrir helgi. Mesta athyglin beindist að fundi þeirra Gerhards Schröder og Angelu Merkel, leiðtoga stóru flokkanna, sem hvorugt náði markmiði sínu í kosningunum um síðustu helgi. Staða þeirra er sú að bæði telja sig eiga tilkall til kanslaraembættisins, en kannski með ólíkum hætti þó. Flokksmenn þeirra hafa karpað um það síðustu daga hvor flokkurinn hafi komið betur út úr kosningunum, því ýmist hefur verið talað um Kristilega demókrata og systurflokk þeirra í Bæjaralandi sem eitt eða þá flokk Angelu Merkel einn og sér. Í daglegu tali skilja menn þó ekki á milli þeirra. Þýskir kjósendur veittu hvorki Schröder né Merkel afgerandi stuðning í kosningunum og það skapar þessa óvissu.

Í byrjun hinnar stuttu kosningabaráttu virtist Schröder kanslari standa höllum fætti og hann átti því á brattann að sækja. Merkel stóð heldur ekki sérstaklega vel að vígi í upphafi, þrátt fyrir að hún væri leiðtogi stærsta stjórnarandstöðuflokksins og hefði lagt fram tillögur um ýmsar endurbætur á þýsku efnahagslífi. Það er eins og hún hafi aldrei verið viðurkennd af stórum hluta Þjóðverja, vegna þess að hún bjó í austurhluta landsins og hefur átt á brattann að sækja í fjölmiðlum miðað við Schröder, sem jafnan sópar að á opinberum vettvangi. Hann gerðist þó full aðsópsmikill í kjölfar úrslita kosninganna þegar leiðtogarnir ræddu úrslitin í sjónvarpi. Þá talaði hann þannig til keppinautar síns að hann hefur sjálfur viðurkennt opinberlega að sú framkoma hafi ekki verið honum samboðin.

Í umræðum fyrir helgi var aðallega talað um þrjá möguleika við stjórnarmyndun. Það var þá í fysta lagi samsteypustjórn stóru flokkanna tveggja – Jafnaðarmanna og Kristilegra demókrata. Í öðru lagi hefur verið talað um „umferðarljósa"-samsteypustjórn jafnaðarmanna, frjálsra demókrata og græningja, en einkennislitir þessara flokka eru rautt, gult og grænt. Í þriðja lagi hefur verið talað um „Jamaíku"-samsteypustjórn, en þá er átt við fánaliti Jamaíku; svart, gult og grænt, sem eru einkennislitir Kristilegra demókrata og tveggja fyrrnefndra smáflokka.

Ýmsar kenningar eru uppi um allar þessar samsteypustjórnir en flestir virðast hallast að stjórn stóru flokkanna. Hún myndi verða með um sjötíu prósent kjósenda Þýskalands að baki sér og gæti þess vegna hrundið í framkvæmd nauðsynlegum endurbótum sem eru orðnar mjög aðkallandi í landinu. Slíkri samsteypustjórn er hins vegar ekki spáð langlífi og er þá gjarnan vitnað til stjórnar sem var við völd fyrir mörgum árum. Það er kannski kanslarastóllinn eða forsætisráðherrastóllinn sem stendur helst í vegi fyrir stjórn stóru flokkanna og vera má að lausnin verði sú að hvorugt þeirra Schröders eða Merkel setjist í hann, heldur einhverjir minni spámenn flokkanna, sem þó hafa verið í framvarðarsveit þeirra. Með slíkri stórstjórn yrði heldur ekki hætta á því að nauðsynleg umbótamál stönduðu vegna afstöðu Sambandsráðsins, sem er eins konar efri deild þýska þingsins og skipuð forsætisráðherrum sambandsríkjanna, en þar hafa kristilegir haft meirihluta að undanförnu. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### „Dúbíus vörumerki"

Árni Helgason ræðir um framboð Gísla Martteins Baldurssonar á vefritinu djoflaeyjan.com. Hann skrifar: „Mér finnst öllu athyglisverðara en hvort Gísli hafi lokið einhverjum 20 einingum í stjórnmálafræði, þær pólitísku skoðanir hann hefur í grunninn. Hann hefur nefnilega yfirleitt verið talinn frjálshyggjumaður, eða því sem næst, og hefur hann meira að segja verið sakaður um þann pólitíska glæp, sem þykir einhverra hluta vegna hvað verstur í huga margra Íslendinga, að vera sammála Hannesi Hólmsteini Gissurarsyni að málum og hugsjónum. Alveg sama hve íslenskt samfélag er orðið mótað af þeim skoðunum sem Hannes barðist fyrir á sínum tíma þykir hann enn dúbíus vörumerki og fylgismenn hans þar af leiðandi varasamir menn."



### Frjálshyggjan týnd

Árni Helgason heldur áfram: „Engu að síður hefur meint „frjálshyggjuhneigð" Gísla Marteins lítið verið til umfjöllunar það sem af er kosningaslagnum. En sé hann jafnmikill frjálshyggjumaður og af er látið, er það allrar athygli vert, því áherslur í borgarpólítík hafa hingað til verið allt annað en langt til hægri. Gjaldfrjáls leikskóli, frístundaheimili, heitur matur í skólum, skipulagsmál, almenningssamgöngur – allt eru þetta nú frekar sósíalísk mál í eðli sínu eða nútímalega jafnaðarmannaleg, eins og það heitir víst í dag. Og spurningin er því hvort Gísli ætli að vera frjálshyggjuborgarstjóri. Ætlar hann að einkavæða strætókerfið – eða vill hann halda því til streitu að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu eyði 1,2 milljörðum á ári í þetta kerfi?"

### Nýr meirihluti

Ný skoðanakönnun Gallup, sem kynnt var í gær, sýnir að Sjálfstæðisflokkurinn fengi 56,1% atkvæða og níu borgarfulltrúa ef nú væri gengið til borgarstjórnarkosninga í Reykjavík. Líklegt er að þetta muni herða prófkjörsslaginn hjá Sjálfstæðisflokknum. Þar er bersýnilega ekki bara tekist á um oddvitasæti flokksins heldur einnig stól borgarstjórans í Reykjavík.

gm@frettabladid.is

## Sólbráð veldur Skaftárhlaupum

UMRÆÐAN
ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR



HALLUR MAGNÚSSON

Það er álíka gáfulegt hjá Seðlabanka Íslands að kenna Íbúðalánasjóði um þensluna í efnahagslífinu og það væri gáfulegt hjá Veðurstofu Íslands að kenna sólbráð um Skaftárhlaup. Sannleikurinn er sá að lítt ígrunduð, hömlulaus stórsókn KB banka inn á húsnæðislánamarkaðinn í ágústmánuði 2004, er meginástæðan fyrir þenslunni og óhóflegum hækkunum á fasteignaverði sem ýtt hafa undir verðbólgu undanfarna mánuði. Samkeppnisaðilar KB banka urðu að sjálfsögðu að fylgja á eftir og við tók hart viðskiptastríð bankanna þar sem öllum hömlum var aflétt og hundruðum milljarða dælt út í hagkerfið.

Hófleg útlán Íbúðalánasjóðs þar sem hámarkslánið er tiltölulega lágt, hafði lítið að segja í útlánastraumnum auk þess sem sjóðurinn lánar ekki til endurfjármögnunar. Áhrif sjóðsins eru líklega svipuð og áhrif sólbráðar á vatnsmagn í Skaftárhlaupum.

Það er umhugsunarvert að nú hafa komið fram sjónarmið frá einum færasta sérfræðingi landsins í peningamálum, Yngva Erni Kristinssyni, sem átti farsælan starfsferil í Seðlabankanum áður en hann gekk til liðs við almenna bankakerfið, þar sem hann telur mistök og rangar aðgerðir Seðlabankans eiga stóran hlut á því ástandi sem skapast hefur á íbúðalánamarkaði.

*Sannleikurinn er sá að lítt ígrunduð, hömlulaus stórsókn KB banka inn á húsnæðislánamarkaðinn í ágústmánuði 2004, er meginástæðan fyrir þenslunni og óhóflegum hækkunum á fasteignaverði sem ýtt hefur undir verðbólgu undanfarna mánuði.*

Seðlabankinn hafi með lækkun bindiskyldu fyllt vasa bankakerfisins af peningum sem þeir gátu dælt út á lánamarkaðinn í formi endurfjármögnunarlána, sem miðuðu að því að ryðja Íbúðalánasjóði út af lánamarkaði. Einnig að Seðlabankinn hafi of seint hækkað vexti og of lítið. Seðlabankinn ber því að líkindum mikla ábyrgð á ástandinu. Það skýtur því skökku við að Seðlabankinn einbeitir sér að kenna Íbúðalánasjóði um stöðu mála á afar veikum forsendum. Yngvi Örn bendir einnig á að tímasetning breytinga á útlánum Íbúðalánasjóðs hafi verið óheppileg og aukið á þrýstinginn. Það kann eitthvað að vera til í því, en það verður að hafa í huga að þegar flóðbylgja útlána bankakerfisins fór af stað hafði Íbúðalánasjóður ekki hækkað lánshlutföll sín og hámarkslán var afar hóflegt.

Staðreyndin er nefnilega sú að yfirlýst stefna félagsmálaráðherra var að breytingarnar í 90% lán myndu taka mið af efnahagslegu ástandi. Ætlunin var að 90% áfanganum yrði náð árið 2007 og að hámarkslán yrði þá einungis 15 milljónir nema fasteignaverð hefði hækkað því meira á tímabilinu. Þannig myndu áhrif breytinganna hafa jákvæð áhrif á efnahagslífið sem hefði þurft slíkan stuðning í kjölfar virkjana- og álversframkvæmda á Austurlandi og á Grundartanga.

Þetta vissu forsvarsmenn bankanna þótt þeir reyni nú að kenna þá fyrirhuguðum breytingum á lánum Íbúðalánasjóðs um útlánastórflóð bankakerfisins. Hins vegar var engin ástæða fyrir félagsmálaráðherra og Íbúðalánasjóð að bíða til ársins 2007 og halda hámarksláninu allt of lágu þegar bankarnir höfðu numið úr gildi allar hömlur, dælt á annað hundrað milljarða út á lánamarkaðinn til endurfjármögnunar og lánað allt að 100% veðhlutfall. Slík töf hefði engu skipt til eða frá efnahagslega séð, einungis gert sjóðnum erfiðara að tryggja landsmönnum öllum öruggan aðgang að lánum fyrir hóflegt húsnæði, en eins og kunnugt er gera bankarnir upp á milli almennings eftir búsetu.

*Höfundur er sviðsstjóri þróunarsviðs Íbúðalánasjóðs.*



**ÞENSLA Á HÚSNÆÐISMARKAÐI** Greinarhöfundur telur að KB banki og Seðlabankinn beri mikla ábyrgð á þeirri miklu þenslu sem er á húsnæðislánamarkaðnum.







LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA
vísir

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# 30 ára stórafmæli Bílabúðar Benna

## laugardaginn 24. september kl. 13 - 17

Andlitsmálun, leikrit, útileikir, trúðar og söngur fyrir börnin.





Sjáðu elsta Chevrolet bílinn á Íslandi, árgerð 1922, og kraftmesta Chevrolet bílinn, 2.300 hestöfl.



**30 METRA AFMÆLIS-KAKA**

Kjörís

Coca-Cola



**Glæsilegur afmælispakki**
fylgir öllum nýjum Chevrolet: Alessio álfelgur með sumardekkjum og vetrardekk á stálfelgum að verðmæti
**allt að 120.000 kr.**



Bílabúð Benna
**30** ára



Taktu þátt í léttum afmælisleik og þú getur unnið afnot af nýjum Chevrolet Kalos í heilt ár!

hausverk / SÍA

PORSCHE SSANGYONG CHEVROLET

Bílabúð Benna

Vagnhöfða 23 • **Sími 590 2000** • **www.benni.is**

# VELKOMIN Í STÆRSTU HÚSGAGNAV

**Húsgagnahöllin hefur stækkað svo um munar við opnun 3. hæðarinnar og aukið vöruúrvalið til muna. Á 1. hæðinni bjóðum við upp á frábært frá heimsþekktum framleiðendum á borð við Bodum og Zone. Á 2. hæð er að finna danska nútíma hönnun og á 3. hæðinni klassísk húsgögn f**



55% AFSLÁTTUR

ABERDEEN 3 SÆTA
**49.980**
verð áður 99.980
Litir: Camel, khaki og grár

## Aberdeen 3+2 og tungusófar SÍÐUSTU SET



**DROPLINE LJÓS** H 27 cm
ýmsir litir.

**3.890**
verð áður 4.890



**ECLIPS** skálar,
tvær stærðir,
4 stk. saman.

4 stk. **2.790** verð áður 3.480

4 stk. **2.990** verð áður 3.980



**29.980** VERÐ ÁÐUR **59.980**

**AGENT MADRID** svefnsófi 140x200, fæst svartur og natur. Kr. **39.980**

50% AFSLÁTTUR



**19.980** VERÐ ÁÐUR **29.980**

**RIVA** kommóða með 4 skúffum, fæst grá og hvít B:80 D:45 H:85 cm kr. **19.980**



**47.980** VERÐ ÁÐUR **69.980**

**VIOLETTE** svefnsófi 130X190 cm, fæst í sandlit og grár eins og á mynd. Kr. **47.980**

30% AFSLÁTTUR



**11.980** VERÐ ÁÐUR **15.980**

**NAIA 214** kommóða B:77 D:50 H:92 cm fæst í hlyn, hvít og kirsuber kr. **11.980**

**OPIÐ ALLA DAGA** Mánudaga - föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18

# ERSLUN Á ÍSLANDI

HÚSGAGNAHÖLLIN

rval af gjafavöru
i Bandaríkjunum.



45% AFSLÁTTUR

ABERDEEN 2 SÆTA
**39.980**
verð áður 89.980
Litir: Camel, khaki og grár

ABERDEEN TUNGUS FI
**59.980**
verð áður 109.980
Litir: brúnn og camel

**ABERDEEN** skemill, brúnn, grár
kr. **11.980** áður ~~24.980~~

# TIN Á OFURAFSLÆTTI UM HELGINA!



55% AFSLÁTTUR

3 SÆTA
48.980 VERÐ ÁÐUR **109.980**

3 SÆTA
44.980 VERÐ ÁÐUR **99.980**

**SÓFI 5202** 3. sæta sandlitaður B:240 D:90 H:95 cm kr. **48.980.** 2. sæta sandlitaður B:193 D:90 H:95 cm kr. **44.980**



50% AFSLÁTTUR

**20% afsláttur**
af borðstofustólum
ef keypt er
borðstofuborð

49.980 VERÐ ÁÐUR **99.980**

**IMAGINE** borðstofuborð hlynur. B:100 L:160/205 cm kr. **49.980**



30% AFSLÁTTUR

47.980 VERÐ ÁÐUR **69.980**

**ASPEN** LAZYBOY ruggustóll, með leðri á slitflötum.
B:85 D:85 H:45/100 cm kr. **47.980**




MAÐUR VIKUNNAR

# Húmoristi sem gefst aldrei upp

JÓN H.B. SNORRASON
YFIRMAÐUR EFNAHAGSBROTADEILDAR RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA

Stuttu eftir að vandræði Baugsmálsins komust í hámæli kom kunningi Jóns H. B. Snorrasonar inn á veitingahús í höfuðborginni. Margir gestir voru á staðnum, en eftir að hafa skimað yfir staðinn kom hann auga á Jón og gekk þá rakleitt til hans. Jón tók kveðju kunningjans vel og sagði kankvíslega: „Mikið er ég feginn að þú skulir hafa komið til mín og heilsað mér – ég þekki svo marga hér inni sem gerðu það ekki.“

Þessi saga er lýsandi fyrir skopskyn Jóns, sem er mikill húmoristi og maður augnabliksins, orðheppinn og sér spaugilegu hliðarnar á kringumstæðunum. Hann getur verið stríðinn og stungið upp í menn en gerir jafnframt grín að sjálfum sér.

Jón Helgi Birkir Snorrason fæddist 14. nóvember 1954 á Skógum undir Eyjafjöllum og þar ólst hann upp. Í frítíma sínum dvelst hann oft með fjölskyldunni í sumarbústað sínum nærri bernskuslóðunum, en hann nýtur þess að vera úti og í fallegu umhverfi.

Jón er lögreglumaður af lífi og sál og minnist enn í dag fyrstu sumranna í vegaeftirlitinu. Árin sem hann stundaði laganámið vann hann einnig hjá rannsóknarlögreglunni og nokkrum árum eftir námslok var hann orðinn deildarstjóri hjá henni. Hann var skipaður saksóknari og yfirmaður efnahagsbrotadeildar ríkislögreglustjóra þegar hún var stofnuð árið 1997.

Jón er sagður mjög heiðarlegur og orðheldinn af bæði vinum og samstarfsmönnum, duglegur og samviskusamur í þeim verkum sem hann tekur sér fyrir hendur og gefst ekki upp þó á móti blási.



Þá má hann ekkert aumt sjá og ef eitthvað bjátar á hjá vinum hans er hann fyrstur manna á vettvang, stendur með sínu fólki, hvetur það áfram og stappar í það stálinu. Enn fremur þykir innsæi hans gott – einn samstarfsmaður sagði hann góðan leiðsögumann í náttúrunni, lögunum og lífinu.

Jón er og hefur alltaf verið stækur bindindismaður, en sló þó ekki slöku við í skemmtunum á sínum yngri árum. Þá var hann jafnan bílstjóri og gætti þess að koma öllum sínum mönnum í hús áður en nóttin var úti.

Jón hefur í starfi sínu tileinkað sér aga. Hann þykir hafa góða stjórn á skapi sínu en reiðist sé honum gert rangt til. Sagt er að skúrkarnir eigi gott með að játa í návist hans þar sem hann hafi tamið sér framkomu sem gerir öll samtöl þægileg. Blaðamenn hafa þó ekki fengið að kynnast þessari hlið á Jóni, en þeim þykir oft snúið að eiga í samskiptum við efnahagsbrotadeildina.

Eiginkona Jóns er Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri og saman eiga þau þrjár dætur. Þau þykja samhent hjón og góð í umgengni. Jón virðist snemma hafa sett mjög skörp skil á milli vinnunnar og einkalífsins. Samstarfsmennirnir vita lítið um einkalíf hans og vinirnir eru löngu hættir að forvitnast um vinnuna – þeir frétta ekkert af henni nema úr fjölmiðlum.

Einhverjum kann að koma það á óvart eftir fjölmiðlaumræðu síðustu daga, en öllum ber saman um að Jón sé algerlega áhugalaus um stjórnmál og engin leið að staðsetja hann þar því hann tali aldrei um hana. Vinir hans hafa hins vegar ekki frekar en samstarfsmennirnir nokkra trú á því rannsóknin á Baugi stafi af illum hvötum því Jón geri það eitt sem honum þyki rétt.

Þeir vara menn líka við því að vanmeta Jón, en eins og áður segir, þá gefst hann aldrei upp – og er vanur að eiga síðasta orðið. ■

TEIKNING: HELGI SIGURÐSSON – HUGVERK.IS

# Einkavæddur Landssími sýnir klærnar

UMRÆÐAN
AFLEIÐING EINKAVÆÐINGAR



JÓN BJARNASON
ALÞINGISMAÐUR

*Nú er það arðsemiskrafan og gróðinn til nýrra eigenda, sem ræður för í rekstri fyrirtækisins en ekki skyldurnar við samfélagið. Einkavæðing almannaþjónustunnar bitnar ávallt harðast á landsbyggðinni.*

Miðvikudaginn 21. sept. komu fulltrúar nýrra eigenda Landssímans (Símans) til Blönduóss þar sem starfsmönnum fyrirtækisins var tilkynnt að þeim væri sagt upp störfum og starfstöðinni lokað frá og með 1. nóv. nk. Áfram var haldið til Siglufjarðar með sama boðskap, uppsögn og lokun. Nú er það arðsemiskrafan og gróðinn til nýrra eigenda sem ræður för í rekstri fyrirtækisins en ekki skyldurnar við samfélagið. Einkavæðing almannaþjónustunnar bitnar ávallt harðast á landsbyggðinni. En það eru ekki aðeins störfin og nærþjónustan sem tapast heldur hverfur mikilvægur hlekkur í samþættu tæknisamfélagi, sem staðir eins og Blönduós og Siglufjörður eru mjög viðkvæmir fyrir.

Aðalfundur nýs fyrirtækis um Símann var haldinn síðasta laugardag og ný stjórn kosin. Og nýja stjórnin bíður ekki boðanna. Fyrsta leiðin til Blönduóss. Hér var þrem starfsmönnum meða áratuga starfsaldur sagt upp og lokað. Á Blönduósi hefur um áratugi verið rekin þjónustustöð Landssímans, sem hefur sinnt allri símavinnu í Austur-Húnavatnssýslu og þjónustað símnotendur með nýlagningu og viðhaldi síma og annars fjarskiptabúnaðar. Þá hafa starfsmennirnir einnig sinnt eftirliti með sendistöðvum útvarps og sjónvarps á svæðinu. Á Siglufirði endurtók sagan sig en þar var tveim tæknimönnum sagt upp og starfstöðinni lokað. Er nú einangrun á Siglufirði og fábreyti starfa næg fyrir. Með lokun þessara stöðva verður atvinnulífið fáskrúðugra eftir. Starfsmenn með sérhæfða menntun á þessum stöðum hlaupa ekki svo glatt í önnur störf á sínu sviði. Nærþjónusta af þessu tagi skiptir gríðarlega miklu máli fyrir íbúana og atvinnulífið og styrkir samkeppnishæfni byggðarlagsins og fyrirtækjanna, að ekki sé minnst á öryggið sem er af því að hafa þjónustuna nærri. Bilanir verða oft helst þegar síst skyldi. Lokun stöðvanna er mikið alvörumál fyrir þessi byggðarlög.

Landssíminn hefur nú verið einkavæddur og seldur. Mikill meirihluti þjóðarinnar var andvígur þessari sölu, vildi að þjóðin ætti Símann. Ljóst er að Síminn verður hér eftir fyrst og fremst rekinn sem gróðafyrirtæki en ekki þjónustustofnun og það munu landsmenn fá að reyna á næstu dögum, misserum og árum. Vinstri grænir vöruðu við sölunni. Síminn er grunnþjónusta sem á að vera í opinberri eigu og styrk fyrirtækisins átti að nota til að byggja upp öflugt fjarskiptakerfi þar sem íbúar alls landsins sætu við sama borð óháð búsetu. Reynsla annarra þjóða af einkavæðingu fjarskipta þýðir lækkað þjónustustig í dreifbýli og hærra verð. Ekki var Síminn rekstrarbaggi, hann skilaði mörgum miljörðum króna í arð til ríkisins árlega.

Hvað segja nú einkavæðingarflokkarnir?

Nú er Síminn seldur og mörgum finnst stoða lítið að mótmæla. En ég skora á sveitarstjórnir íbúa og fyrirtæki í Austur-Húnavatnssýslu og á Siglufirði að mótmæla þessari aðför að þjónustustofnun Símans á þessum stöðum og krefjast þess að sú ákvörðun verði dregin til baka og tæknistörfin tryggð áfram í heimabyggð.




**Philips Flat sjónvarp með Ambilight**
Það verður ekki aftur snúið. Þú munt aldrei vilja slökkva á Ambilight tækninni, þeirri fyrstu og einu í heiminum. Myndir og litir fá aukna vídd – ólíkt öllu sem þú hefur séð. Flöt sjónvörp með Ambilight frá Philips – næsta skref í framþróun sjónvarpstækninnar.

PIXEL PLUS 2 HD

PHILIPS
sense and simplicity

ambi light 2

Heimilistæki
SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

# Tímamótaákvörðun leiðtogafundar

UMRÆÐAN
SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR

ÁRNI SNÆVARR



Alheimsleiðtogafundurinn 2005 sem nýlokið er í New York var mörgum vonbrigði þar á meðal íslenskum stjórnvöldum sem lýst höfðu stuðningi við flest ef ekki öll meginsjónarmið í tillögum Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu Þjóðanna sem kenndar voru við Aukið frelsi. Í raun lýstu bæði Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra og Davíð Oddsson, utanríkisráðherra mjög afdráttarlausum stuðningi við tillögurnar í ræðum sínum á fundunum í New York en jafnframt vonbrigðum með að margar tillögur Annans hefðu ekki náð fram að ganga svo sem í mannréttindamálum, öryggismálum, og hryðjuverkum svo eitthvað sé nefnt. Davíð Oddsson ítrekaði einnig með afdráttarlausum hætti stuðning við Þúsaldarmarkmiðin sem samþykkt voru á árþúsundamótafundinum árið 2000. Sú yfirlýsing og Monterrey yfirlýsingin frá 2002 felur í sér að þróuð ríki á borð við Ísland greiði 0,7% af þjóðarframleiðslu til opinberrar þróunaraðstoðar en þetta hlutfall er nú um 0,2% hér á landi

En þótt íslenskir ráðamenn hafi ekki dregið dul á vonbrigði sín, hitti Davíð Oddsson naglann á höfuðið í ræðu sinni á Allsherjarþinginu þegar hann tók sérstaklega út atriði sem lítið hefur farið fyrir í fjölmiðlum, samþykkt fundarins um réttinn til að vernda óbreytta borgara: „Öryggisráðinu og öðrum stofnunum hefur með þessari samþykkt verið gefið skýrt umboð – og reyndar skyldað til – að grípa til aðgerða þegar glæpir gegn mannkyninu eru framdir“.

Ýmsir hafa orðið til þess að benda á í umræðum að loknum leiðtogafundinum að þessi yfirlýsing ein verði til þess að hans verði minnst sem tímamótafundar, þannig kallaði Human Rights Watch samþykktina „sögulega“.

Ríki heims hafa hingað til verið mjög treg til þess að gefa eftir nokkurn hluta af fullveldi sínu, ekki síst að viðurkenna rétt alþjóðasamfélagsins til að hlutast til um innri mál. Þetta atriði hefur hvað eftir annað verið þrætuepli á undanförnum árum og nægir að nefna Bosníustríðið, Kosovo og Rúanda. Kofi Annan hóf baráttu sína fyrir að rétturinn til að vernda yrði viðurkenndur í alþjóðalögum fyrir fimm árum og nú hefur Sameinuðu Þjóðunum verið veitt formlegt vald til þess að vernda borgara ríkis gegn stjórnvöldum sínum.

*Vonir standa svo til að Íslendingar hlíti kalli Kofi Annan og styðji af alefli stofnun Mannréttindaráðsins. Ástæða er til að benda á að Ísland kunni að eiga fyllsta erindi til setu í ráðinu því hvað sem segja má um hæfni vopnlausrar smáþjóðar til að fjalla um stríð og frið, getur enginn efast um að á sviði mannréttinda erum við í fremstu röð.*



KOFI ANNAN „Það var mörgum vonbrigði að ekki var tekin formleg ákvörðun um stofnun nýs Mannréttindaráðs á Alheimsleiðtogafundinum og margir lausir endar skildir eftir,“ segir greinarhöfundur. Kofi Annan hafi hins vegar bent á í ræðu sinni á Allsherjarþinginu að því var gefið skýrt umboð til að gera það.

Ian Williams, benti á í grein í breska blaðinu Guardian á dögunum að 191 ríki, þar á meðal Súdan og Norður-Kórea, hefðu nú viðurkennt þá nýju túlkun á alþjóðalögum að alþjóðasamfélagið hefði rétt til íhlutunar ef innlend yfirvöld vanræktu þá skyldu að vernda borgarana fyrir þjóðarmorði, þjóðernishreinsunum og glæpum gegn mannkyninu: „Þetta er of seint til að bjarga Darfúr, að ekki sé minnst á Rúanda og Kambódíu: en þetta er stórkostleg breyting“.

Walker bendir á að næst þegar morðin í Darfúr komi til kasta öryggisráðsins muni það ekki duga vinum Súdan-stjórnar þar að vitna til alþjóðalaga um fullveldi ríkja innan sinna landamæra.

Það var mörgum vonbrigði að ekki var tekin formleg ákvörðun um stofnun nýs Mannréttindaráðs á Alheimsleiðtogafundinum og margir lausir endar skildir eftir. Kofi Annan benti hins vegar á í ræðu sinni á Allsherjarþinginu að því var gefið skýrt umboð til að gera það. Davíð Oddsson lagði ríka áherslu á í ræðu sinni að rekið yrði smiðshöggið á verkið og komið yrði í veg fyrir að verstu þrjótarnir í mannréttindabrotum gætu átt þar sæti.

Kofi Annan hvatti aðildarríkin til þess að styðja af alefli við bakið á Svíanum Jan Eliasson, forseta Allsherjarþingsins en hann mun reyna að koma málinu í höfn á þinginu sem nú stendur yfir. Fyllsta ástæða er til að ætla að hann njóti afdráttarlauss stuðnings íslenskra stjórnvalda.

Ánægjulegt er að sjá hve eindregið Ísland styður „réttinn til að vernda“ ekki síst með það í huga að Íslendingar eru í framboði til öryggisráðsins þar sem mun reyna á þennan rétt. Vonir standa svo til að Íslendingar hlíti kalli Kofi Annan og styðji af alefli stofnun Mannréttindaráðsins. Ástæða er til að benda á að Ísland kunni að eiga fyllsta erindi til setu í ráðinu því hvað sem segja má um hæfni vopnlausrar smáþjóðar til að fjalla um stríð og frið, getur enginn efast um að á sviði mannréttinda erum við í fremstu röð.

*Höfundur er upplýsingafulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum.*

## AF NETINU

### Valdaskipti í Sjálfstæðisflokknum

Valdaskiptin í Sjálfstæðisflokknum virðast ætla að ganga svo smurt fyrir sig að andstæðingar flokksins hljóta að hafa áhyggjur. Enn sem komið er fær maður ekki séð að neitt sé hæft í kenningum um að flokkurinn lendi í vandræðum þegar Davíð hættir, að hann hljóti gliðna í sundur þegar hins sterka leiðtoga nýtur ekki við líkt og gerðist með breska íhaldið þegar Thatcher hætti. Þvert á móti – maður skynjar vissan létti. Ekki síst hjá sjálfstæðismönnum. Þeir sjá ýmis tækifæri í stöðunni. Allt ber þetta merki vel hannaðrar atburðarásar. Geir Haarde tekur við formennsku, hann verður kosinn með standandi lófataki á landsfundi í október. Þorgerður Katrín verður kjörin varaformaður með miklum yfirburðum. Kristján Þór Júlíusson á Akureyri mun ekki ríða feitum hesti frá viðureign við hana. Líklega er framboð hans hugsað til að hann stimpli sig inn sem leiðtogi flokksins á Norðurlandi. Sennilega væri þó heppilegast fyrir hann að draga sig til baka, annars er við því að búast að hann fái útreið í kosningunni.

**Egill Helgason á visir.is**

### Löngu gleymd hláturstaug

Það kitlaði í mér löngu gleymda hláturstaug þar sem ég sat í einsemd minni og íhugaði tilgang lífsins og embættis ríkislögreglustjóra þegar ég rak augun í skondna frétt á baksíðu Moggans. Hún var um jaðrakana sem er fuglategund í tilvistarkreppu – líkt og svo margir íhaldsmenn þessa dagana eftir vistaskipti Hans Sem Öllu Réði. Ungt íslenskt doktorsefni frá mínum gamla háskóla í Austur-Anglíu sagði fréttamanninum að sumir jaðrakanar noti vond búsvæði og virðist ekki færir um að fara á betri staði. Slíkir einstaklingar séu „fastir í neikvæðri afstöðu út í lífið.“ Þetta varð Morgunblaðinu tilefni til að búa til fyrirsögnina: „Jaðrakanar eru íhaldssamir.“ Jæja, hugsaði ég og hló upphátt – þeir þekkja sitt heimafólk á Mogganum!

**Össur Skarphéðinsson á ossur.hexia.net**



# Ríkislögreglustjóri slítur sundur friðinn

UMRÆÐAN
BAUGSMÁLIÐ



STEFÁN HILMARSSON

Arnar Jensson lögreglumaður tjáði sig um svokallað Baugsmál í sjónvarpinu í gær. Orðræða hans þar var á köflum með slíkum endemum að maður efaðist um að þessi maður væri staddur á sömu öld og í sama veruleika og við hin. Margir hafa sjálfsagt séð þetta og heyrt en mig langar samt að staldra við fáein atriði, þar sem málið er mér skylt. Ástæða viðtalsins er augljóslega sú að yfirstjórn ríkislögreglustjóra hefur ekki þolað þá gagnrýni, sem hún hefur hlotið í fjölmiðlum undanfarna daga. Vegna þess hefur sú ákvörðun verið tekin að senda Arnar lögreglumann út á akurinn svo þjóðin gæti öðlast „rétta“ sýn á Baugsmálið. Það er greinilega ekki liðið að þessir vesalings einstaklingar, sem hafa verið sakborningar í ónýtri rannsókn RLS sl. þrjú ár æmti undan valdinu, þegar niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur um ónýti þessa máls liggur fyrir. „Sannleikanum“ skal komið inn hjá þjóðinni. Í byrjun Kastljóssþáttarins var lögreglumaðurinn inntur eftir upphafi málsins og söfnun sakarefna í framhaldi þess. Þáttarstjórnandi, Sigmar Guðmundsson, spurði: „Þannig að þið farið þarna inn og veltið við hverjum steini og skoðið á bak við hverja einustu ...“ Og Arnar lögreglumaður svarar: „Nei, nei, nei við fórum inn til þess að takast á við tiltekin tvö sakarefni en þegar við erum að rannsaka þau þá koma í ljós ýmis önnur atriði eins og til dæmis færslur milli reikninga, eins og til dæmis lánveitingar sem eru skráðar á viðskiptamannareikninga og svo framvegis. Eins og þið hafið séð í þessari ákæru og það er bara eðlileg þróun í málinu. Þetta er bara mjög hefðbundið og er ekkert sérstakt í þessu máli. Mjög algengt að svona gerist, svona verði sakarefni til og til þess er ákærandinn að rétta okkur af og meta er þetta nægilegt til þess að taka það upp eða ekki.“. Ja, nú rífur í svo um munar! Starfa rannsóknarmenn lögreglunnar eftir öðrum lögum og reglum en aðrir landsmenn? Sannast enn orð Þorgeirs Ljósvetningagoða, „Það mun verða satt, er vér slítum í sundur lögin, að vér munum og slíta friðinn?“ Lið lögreglunnar gerði leit í húsakynnum Baugs hf. vegna tveggja tilgreindra sakarefna og komst við þá iðju á snoðir um færslur á milli reikninga og lánveitingar sem skráðar voru á viðskiptamannareikninga. Líklega leituðu þeir með sömu áfergju og mælt er fyrir um í gömlum lagatexta Grágásar þar sem því er lýst hvernig leita skuli líkamsleifa í kirkjugarði sem á að færa, en sagt er þar að leitarmenn skuli: „Ö leita svo beina sem þeir mundu fjár ef þar væri von í jörðu.“ Framhald málsins (hið þriggja ára langa rannsóknarmaraþon og ákæra sem hvorki sakborningar, verjendur né dómarar geta fest hendur á) var svo bara „eðlilegt“ og mjög svo „hefðbundið“ að mati lögreglumannsins. Fróðlegt væri að heyra hann færa rök fyrir þessum orðum. Hvenær varð það saknæmt eða tortryggilegt athæfi að færa færslur á milli reikninga og skrá lánveitingar á viðskiptamannareikninga? Hvað er þetta „og svo framvegis“ sem lögreglumaðurinn dylgjar með? Allir sem þekkja hið minnsta til fyrirtækjareksturs og viðskipta vita það að millifærslur og færsla lánveitinga á viðskiptamannareikninga eru hvort tveggja allsendis löglegar ráðstafanir og ærið algengar. Ætli þeir séu ekki orðnir bara hafa gert eða látið gera millifærslu? Við sem mest kynni höfum haft af Baugsmálinu svonefnda vitum hvers konar endileysa það er í heild sinni og þekkjum öll ólíkindin og útskryppisháttinn sem hafa einkennt það allt frá upphafi. Manni er því jafnan ekki hlátur eða glens í huga þegar þetta mál ber á góma. Hjákátleg frammistaða Arnars lögreglumanns í sjónvarpinu þótti mér þó í aðra röndina brosleg og eymdarlegur væll hans í dag undan þeirri gagnrýni sem hann og aðrir hjá RLS hafa orðið fyrir upp á síðkastið. Hvað mættum við þá ekki segja? Miðað við þau viðhorf sem birtust hjá Arnari lögreglumanni væri RLS áreiðanlega kærast að gefa út eina allsherjar ákæru á hendur öllum forráðamönnum félaga í landinu og hinum varhugaverðu endurskoðendum þeirra sem sitja við sveittir að skrifa upp á allar hinar saknæmu millifærslur. Þar sem hér verður sjálfsagt um nokkur þúsund manns að ræða væri gráupplagt að hafa réttarhöldin á Þingvöllum, hinum forna alþingisstað, en utan vébanda. Svo gæti vasavanur dómari fengið að dæma hyskið í útlegð.

> *Yfirstjórn ríkislögreglustjóra hefur ekki þolað þá gagnrýni, sem hún hefur hlotið í fjölmiðlum undanfarna daga.*

*Höfundur er framkvæmdastjóri fjármálasviðs Baugs.*

# Mataræði barna

UMRÆÐAN
BÖRN OG NEYSLA



JÓRUNN FRÍMANNSDÓTTIR

Offita er vaxandi vandamál meðal barna á Íslandi, fyrir því eru aðallega tvær ástæður, mataræðið og minni hreyfing. Hvað getum við gert til að reyna að snúa þessari þróun við? Í þessari grein ætla ég að fjalla um mataræðið, hreyfingin bíður betri tíma.

Við fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í menntaráði lögðum fram svohljóðandi tillögu í ráðinu 17. febrúar sl. „Fulltrúar Sjálfstæðismanna leggja til að gerð verði úttekt á næringargildi matar sem nemendum í skólum og leikskólum borgarinnar er boðið upp á. Úttektin verði gerð í samráði við fagaðila. Starfsmenn Fræðslumiðstöðvar og Leikskóla Reykjavíkur komi með tillögur um tilhögun og framkvæmd verksins.“ Tillögunni var frestað en loksins afgreidd og samþykkt á fundi menntaráðs 1. september sl. meira en hálfu ári síðar.

Rík ástæða er til að skoða það sem börnin okkar fá að borða í skólanum. Er MSG í matnum? Hvert er sykurmagnið? Hvernig hefur maturinn verið unninn og hvert er næringarinnihaldið? Hvaða aukaefni eru notuð? Hvert er magn fitu? Og svo mætti lengi telja. Það er líka nauðsynlegt að velta því fyrir sér af hverju við þurfum að setja sætuefni s.s. aspartam í alla skapaða hluti. Er ekki nær að nota náttúrulegar afurðir s.s. ávexti eða einfaldlega hrásykur til að bragðbæta þær matvörur sem við bjóðum börnunum okkar uppá? Mikilvægt er að fræða börn og foreldra í auknum mæli um næringarinnihald hinna ýmsu fæðuflokka.

Í matvöruverslununum má sjá fólk með körfur fullar af mikið unnum matvörum sem einfalt er að setja í ofninn, diet-gosi með aspartam og öðrum aukaefnum, snakki með MSG, mjólkurafurðum með aspartam og svona mætti lengi telja, meira og minna tilbúnar afurðir, með lítið næringargildi. Það eru margir sem sem átta sig ekki ekki á því hvað lítil næring er í ýmsum þeim vörum sem við kaupum og því minni næring sem er í hverjum munnbita því fleiri bita þurfum við til að mæta þörfinni, maginn stækkar, sem gerir það að verkum að við getum borðað meira og þar af leiðandi borðum við svo enn meira og svona koll af kolli og allt leiðir þetta á endanum til offitu, vegna þess að við höfum ekki orku til að hreyfa okkur mikið því næringin gefur ekki nægilega orku. Það er ekki furða þó að börn séu þreytt, áhugalaus og pirruð ef næringin sem þau fá uppfyllir ekki þarfir þeirra.

„Við erum það sem við borðum.“ Börn eru móttækileg fyrir hvers kyns fræðslu, foreldra með sitt fyrsta barn þyrstir í fræðslu. Við þurfum að leggja höfuðáherslu á að fræða foreldra og börn um mikilvægi góðrar næringar og hjálpa foreldrum við að velja það sem best hentar börnum þeirra. Við þurfum jafnframt að sýna gott fordæmi í leik- og grunnskólum borgarinnar. Við erum á góðri leið og mötuneytin sem komin eru þegar í marga af skólum borgarinnar lofa svo sannarlega góðu. En það er ekki nóg að hafa búninginn, innihaldið skiptir höfuðmáli. Höfum metnað til að gera enn betur í þessum efnum í Reykjavík, að mörgu er að hyggja, með aukinni fræðslu og góðu fordæmi er ég viss um að hægt er að breyta ýmsu og það mun skila okkur ánægðari og einbeittari börnum.

*Höfundur er hjúkrunarfræðingur og varaborgarfulltrúi.*




## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 4.604 **+0,19%** **Fjöldi viðskipta:** 235 **Velta:** 2.974 milljónir

**MESTA HÆKKUN**
Hampiðjan +14,49%
Atorka +1,7%
Landsbankinn +1,38%

**MESTA LÆKKUN**
Marel -1,88%
Össur -1,18%
Íslandsbanki -0,99%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,10 -0,24% ... Bakkavör 43,70 -0,23% ... Burðarás 17,90 +0,00% ... FL Group 14,50 -0,69% ... Flaga 3,67 +0,00% ... HB Grandi 9,10 +0,00% ... Íslandsbanki 14,95 -0,99% ... Jarðboranir 19,90 +0,00% ... KB banki 593,00 +0,68% ... Kögun 53,80 -0,37% ... Landsbankinn 22,00 +1,38% ... Marel 67,70 -1,88% ... SÍF 4,80 +0,00% ... Straumur 13,80 +0,36% ... Össur 84,00 -1,18%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*



### Veðurhagspáin

Enn titra olíumarkaðir vegna fellibylja. Framleiðsla á olíusvæðum í Texas liggur nú niðri vegna fellibylsins Ritu. Slíkar náttúruhamfarir eru í sjálfu sér ekki til þess fallnar að gantast með, en áhrif fellibyljanna á markaði eru miklar. Þannig velta menn því fyrir sér hvort ekki sé að opnast leið fyrir veðurfræðinga inn í fjármálageirann eða í störf hjá olíufélögunum. Náttúran hefur alltaf haft mikil áhrif á afkomu mannkynsins og spurning hvort ekki er ráð að hafa náttúrufræðinga að störfum í fjármálageiranum. Kannski verður þess ekki langt að bíða að Siggi stormur mæti til að gera grein fyrir notkun verðurspárlíkana við hagspá.

### Orgíuhagkerfið

Skrif um efnahagsmál geta orðið mörgum erfið, sérstaklega þegar á að skýra á einfaldan hátt þau ágætu fræði hagfræðina. Fyrir fjölmiðla reynist oft þrautin þyngri að skrifa með þeim hætti að skemmtilegt sé að lesa. Líkinga- og myndmál er oft besta leiðin til að vekja bæði áhuga á skilning. Húmor er líka öflugt tæki og skemmtileg framsetning þar ekki að vera á kostnað þess að staðreyndum og upplýsingum sé vel haldið til haga. Þetta vita sennilega best blaðamenn hins virta tímarits Economist. Í síðasta tölublaði þess rits er fyrirsögn yfir grein um japanskt efnahagslífi. „Viagra hagkerfið", með undirfyrirsögninni. „Japan eldist en efnahagslífið lítur fjörlegar út." Hér hafa menn sótt líkingar í veislur, en kannski er næst á dagskrá að líkja íslensku efnahagslífi við orgíur.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Skuldabréfaútgáfa erlendra aðila jókst enn í gær þegar þýska fjármálstofnunin KfW stækkaði fyrri skuldabréfaflokk sinn um þrjá milljarða eða upp í sex milljarða íslenskra króna. Nemur samanlögð útgáfa erlendra og innlendra aðila því 55 milljörðum króna.

Ómar Svavarsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri sölu- og þjónustusviðs OgVodafone. Hann hefur áður unnið sem framkvæmdastjóri einstaklingssviðs Sjóvár-Almennra hf.

Gengið hefur verið frá samningi um að SÍF selji alla hluti sína í Iceland Seafood International og Trosi ehf. Kaupendur eru Ker hf., Benedikt Sveinsson og Bjarni Benediktsson. Benedikt verður nýr forstjóri Iceland Seafood International.

# Atorka Group næststærst í Hampiðjunni

### Komnir með yfir tuttugu prósenta hlut

Tveir lífeyrissjóðir og VÍS hafa selt hlutabréf sín í Hampiðjunni til fjárfestingarfélagsins Atorku Group og fengið hlutabréf í Atorku í staðinn. Lífeyrissjóðirnir Bankastræti hafa selt um fimmtán prósenta hlut í Hampiðjunni, Sameinaði lífeyrissjóðurinn um 4,3 prósent og VÍS um 2,8 prósent. Þá hefur lífeyrissjóðurinn Lífiðn selt tæplega tveggja prósenta hlut í Hampiðjunni.

Auk Atorku keypti tryggingafélagið Sjóvá tæplega fimm prósenta hlut. Hlutur Sjóvár í Hampiðjunni er kominn í ríflega níu prósent.

Viðskiptin höfðu áhrif á gengi bréfa Hampiðjunnar sem hækkuðu um 14,49 prósent í gær.

Eftir kaupin er Atorka orðin annar stærsti hluthafinn í Hampiðjunni með fimmtungshlut en Vogun er sem fyrr stærsti eigandinn með 28,5 prósenta eignarhlut.

- eþa

AÐALFUNDUR SÍF HF. 05




Aðalfundur SÍF hf. verður haldinn mánudaginn 10. október, kl. 18.00, á Nordica hotel, sölum H og I.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess sl. starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýringum endurskoðanda lagður fram til samþykktar.
3. Ákveðin þóknun til stjórnar.
4. Kosning stjórnar félagsins.
5. Kosning endurskoðenda félagsins.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega kunna að verða lögð fyrir fundinn eða fundurinn samþykkir að taka til meðferðar.

Tillögur frá hluthöfum sem bera á fram á aðalfundinum skulu vera komnar í hendur stjórnarinnar eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfundinn.

Dagskrá aðalfundarins, ársreikningur félagsins og endanlegar tillögur munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis sjö dögum fyrir aðalfundinn.

Fundargögn og atkvæðaseðlar verða afhentir við innganginn og á skrifstofu félagsins að Fornubúðum 5, Hafnarfirði, fundardaginn.

*Hafnarfirði, 23. september 2005*
*Stjórn SÍF hf.*

SÍF hf. er leiðandi fyrirtæki í framleiðslu fullunninna matvæla fyrir Evrópumarkað. Hjá SÍF starfa tæplega 4.000 manns en félagið starfrækir 12 verksmiðjur í Frakklandi, Englandi, Skotlandi og á Spáni. Framleiðslan er seld undir eigin vörumerkjum, sem eru Labeyrie, Blini, Delpierre, Skandia og Lyons Seafoods, og vörumerkjum verslanakeðja.

SÍF

# Vinveitt tilboð verður óvinveitt

**Stjórnarformaður Skandia er í minnihluta eftir að stjórn félagsins hafnaði yfirtökutilboði Old Mutual. Burðarás ætlar að selja sín hlutabréf. Ef Old Mutual tekur Skandia yfir er ljóst að yfirtakan verður fjandsamleg.**




LJÓSMYND/AFP

**TEKIST Á Í SKANDIA** Burðarás er einn eigenda Skandia og vill selja bréf sín til Old Mutual, eins og aðrir stærstu hluthafar félagsins. Stjórnin er hins vegar á öðru máli og hafnaði yfirtökutilboðinu.

„Ég sit áfram enn sem komið er. Ég hef ekki ákveðið hvaða afstöðu ég tek til áframhaldandi setu," segir Bernt Magnusson, stjórnarformaður Skandia, eftir að meirihluti sænska fjármálafyrirtækisins Skandia hafnaði yfirtökutilboði suður-afríska tryggingafélagsins Old Mutual. Bernt lenti í minnihluta innan stjórnarinnar ásamt tveimur öðrum stjórnarmönnum.

Þar með telst tilboðið vera orðið óvinveitt, enda ætlar Old Mutual að halda yfirtökuáformum til streitu þrátt fyrir að margir hluthafar þess vilji að tilboðið sé unnið í samvinnu við stjórn Skandia.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins þá ætla fjórir stærstu hluthafarnir að selja, þar á meðal Burðarás, Cevian Capital og Fidelity. Sænski ríkislífeyrissjóðurinn Andra AP-Fonden, sem einnig er meðal stærstu hluthafa, ætlar hins vegar ekki að selja.

Búist er við að boðað verði til hluthafafundar í Skandia í október, þar sem ný stjórn verður líklega kosin en stærstu hluthafarnir eru ósáttir við vinnubrögð meirihluta stjórnar.

Meirihlutinn telur það ekki þjóna hagsmunum hluthafa og starfsmanna að ganga að tilboði Old Mutual. Í yfirlýsingu meirihlutans kemur fram að í tilboðinu liggi vanmat á vaxtartækifærum félagsins og núverandi markaðsstöðu þess. Einnig kemur þar fram að yfirtökuverðið sé of lágt en Old Mutual býður 43,6 sænskar krónur fyrir hvern hlut í Skandia en greitt er annars vegar með peningum og hins vegar nýjum hlutabréfum í Old Mutual.

Minnihlutinn, Bernt, varastjórnarformaðurinn Björn Björnsson og Christer Gardell hjá Cevian Capital, náinn samstarfsmaður Burðaráss, ráðleggja hluthöfum að ganga að tilboðinu. Þeir álíta að í tilboðinu felist mikil tækifæri fyrir Skandia auk þess sem mikill sparnaður næst fram í rekstri beggja fyrirtækja.

eggert@frettabladid.is

# Hefja útrás í tryggingageiranum

**VÍS kaupir í norsku tryggingafélagi.**

Vátryggingafélag Íslands hefur fest kaup á 9,98 prósenta hlut í norska tryggingafélaginu Protector Forsikring. Að sögn Ásgeirs Baldurs hjá VÍS er norska félagið alhliða tryggingafélag en hefur einkum sérhæft sig í eigendaskiptatryggingum eða þjónustu við seljendur fasteigna sem vilja verja sig ef upp koma gallar í fasteignunum við sölu þeirra.

„Við útilokum ekki að við munum auka hlut okkar í félaginu enda teljum við það gott félag. Við lítum á þetta sem strategíska fjárfestingu enda hefur fyrirtækið gott stjórnendateymi og mikla reynslu innanborðs," segir Ásgeir.

Norska félagið hóf starfsemi 2003 og eru höfuðstöðvar þess í Osló.

Ásgeir segir VÍS líta til annarra fjárfestingakosta á Norðurlöndunum en yfirlýst stefna félagsins sé að stækka og eflast á öllum hliðum starfseminnar. Íslensk tryggingafélög hafa að engu eða litlu leyti stundað fjárfestingar í erlendum tryggingafélögum og má því leiða að því líkur að útrás sé hafin í tryggingageiranum.

- hb



**ÁSGEIR BALDURS** Segir VÍS ætla að sækja á tryggingamarkað á Norðurlöndunum.






**Motorlift ML 700**
Bílskúrshurðaopnari
5746582

CHAMBERLAIN MotorLift™






# Láttu þér líða vel

Fyrir aðeins 19.995 kr. getur þú fullkomnað ökuferðina.
Tryggðu þér Motorlift ML 700 bílskúrshurðaopnarann


**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál



**PARACELSUS**
(1493-1541) lést þennan dag.

*„Læknisfræði er ekki aðeins vísindagrein, hún er einnig listform.“*

***Paracelsus var frægur svissneskur gullgerðarmaður og læknir sem lagði stund á dulfræði.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 24. SEPTEMBER 622

## *Spámaðurinn kemur til Medinu*



Á þessum degi árið 622 kom Múhammeð spámaður til borgarinnar Medinu, en fyrr um sumarið hafði hann flúið frá Mekka. Hegira, eins og flóttinn er nefndur upp á latínu, var síðar látinn marka upphafsár íslamska dagatalsins. Múhammeð spámaður fæddist um árið 570. Hálfþrítugur kvæntist hann auðugri ekkju og gerðist kaupmaður. Árið 610 er Gabríel erkiengill sagður hafa birst honum og tjáð honum að hann væri sendiboði guðs. Eftir það einkenndist ævi hans af opinberunum sem síðar var safnað í Kóraninn, trúarrit múslima. Múhammeð boðaði eingyðistrú sem kölluð var islam og merkir að gefa sig á guði á vald. Múslimi er sá sem það hefur gert. Hann predikaði gegn ríkum kaupmönnum, sem hann taldi siðlausa og gráðuga og fordæmdi fjölgyðistrú og skurðgoðadýrkun. Frændi hans var höfðingi ættbálksins sem Múhammeð tilheyrði og hélt verndarhendi yfir honum, en þegar hann féll frá hófust ofsóknir gegn Múhammeð og fylgismönnum hans, sem fór fjölgandi. Sumarið 622 stóð til að ráða Múhammeð af dögum og flúði hann þá til Mekka og kom þangað á þessum degi sama ár. Þar byggði hann upp veldi sitt og átta árum síðar var hann orðinn öflugasti höfðingi Arabíu og lagði Mekku undir sig. Hann lést árið 632 er veldi hans var rétt að byrja að breiða úr sér.

## MERKISATBURÐIR

**1621** Fyrsta dagblað Englands er prentað.

**1963** Mjólkurvörur hækka í verði um fjórðung og daginn eftir hækkar kjöt um þriðjung.

**1966** Menntaskólinn við Hamrahlíð er settur í fyrsta sinn. Fastráðnir kennarar voru sex.

**1968** Fyrsta skurðaðgerðin er gerð á Borgarspítala í Fossvogi.

**1975** Fyrstu Bretarnir komast á topp Everest.

**1988** Ben Johnson sigrar í 100 metra hlaupi á Ólympíuleikunum í Seoul.

**1993** Samtök iðnaðarins eru stofnuð í Reykjavík.

## ANDLÁT

**Sigríður Jóhannesdóttir**, Suðurmýri 8, Seltjarnarnesi, andaðist á Landspítalanum sunnudaginn 18. september.

**Guðrún Reykdal**, Hlíðarvegi 27, Siglufirði, lést á hjúkrunarheimilinu Eir miðvikudaginn 21. september.

**Vigdís Guðbrandsdóttir** frá Reyðará lést á hjúkrunarheimilinu á Höfn miðvikudaginn 21. september.

**Þorsteinn Hjartarson** vélstjóri, Stekkjarholti 18, Akranesi, andaðist á sjúkrahúsi Akraness miðvikudaginn 21. september.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

## JARÐARFARIR

13.00 **Séra Árni Bergur Sigurbjörnsson**, sóknarprestur í Áskirkju, verður jarðsunginn frá Áskirkju.

13.30 **Guðrún Einarsdóttir**, Gilsstreymi, Lundarreykjadal, verður jarðsungin frá Lundarkirkju.

13.30 **Gunnar Gunnlaugsson** frá Syðri Sýrlæk, Suðurengi 1, Selfossi, verður jarðsunginn frá Villingaholtskirkju.

14.00 **Helga Jónína Sigurðardóttir**, Aðalgötu 24 (Kolku), Ólafsfirði, verður jarðsungin frá Ólafsfjarðarkirkju.

14.00 **Laufey Guðbjörnsdóttir**, Gilhaga í Öxarfirði, verður jarðsungin frá Skinnastaðakirkju.

14.00 **Ósk Snorradóttir**, frá Hlíðarenda í Vestmannaeyjum, verður jarðsungin frá Landakirkju.

14.00 **Þórarinn Þorleifsson**, Flúðabakka 2, Blönduósi, verður jarðsunginn frá Blönduóskirkju.



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Baldurs Gunnarssonar**
Móbarði 10, Hafnarfirði.

**Alda Traustadóttir**
**Kristín Marja Baldursdóttir** **Björgvin Björgvinsson**
**Dagbjörg Baldursdóttir** **Tómas Frosti Sæmundsson**
**Trausti Baldursson** **Gunnhildur Pálsdóttir**
**Gunnur Baldursdóttir** **Svavar Ellertsson**
**Alda Baldursdóttir** **Þorsteinn Jónsson**
**Þórdís Kristjánsdóttir** **Magnús Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og mágur,*

**Ólafur Ketils Gamalíelsson**
frá Stað, Ásvöllum 3, Grindavík,

andaðist á heimili sínu miðvikudaginn 21. september. Jarðarförin auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Guðbjörn S. Thorstensen**
**Hermann Th. Ólafsson** **Margrét Benediktsdóttir**
**Bjarni G. Ólafsson** **Hafdís Karlsdóttir**
**Gestur Ólafsson** **Linda Kristmundsdóttir**
**Sólveig Ólafsdóttir** **Eiríkur Dagbjartsson**
**Elsa K. Hermannsdóttir**
**og aðrir aðstandendur**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginkonu minnar, dóttur, móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Laufeyjar Öldu Guðbrandsdóttur**
Sleitustöðum II, Skagafirði.

*Jón Sigurðsson*
**Hulda Regína Jónsdóttir**
**Reynir Þór Jónsson** **Ingibjörg Jónsdóttir**
**Íris Hulda Jónsdóttir** **Björn Gunnar Karlsson**
**Gísli Rúnar Jónsson**
**Lilja Magnea Jónsdóttir** **Skúli Hermann Bragason**
**og ömmubörnin.**

**GARÐAR CORTES**, ÓPERUSÖNGVARI OG SKÓLASTJÓRI SÖNGSKÓLANS ER 65 ÁRA

# Sýður súpu fyrir fjölskylduna

„Ætli ég búi ekki til grænmetissúpu og ostaköku,“ segir Garðar Cortes, óperusöngvari og skólastjóri Söngskólans í Reykjavík, en Garðar er 65 ára í dag. „Ég er ekki mjög afmælisdagasinnaður sem gerir mig ekki vinsælan innan fjölskyldunnar því ég man ekki eftir neinum afmælisdögum,“ segir Garðar hlæjandi.

Garðar eyddi hluta úr sumri í að kanna hálendi Íslands á jeppa. Hann vill þó ekki þvælast einn á fjöllum en kýs heldur að fara með hópi. „Það er eitt að kunna að keyra bíl og annað að kunna að keyra hann á fjalli,“ segir Garðar sem meðal annars fór í Kerlingarfjöll í sumar. Honum fannst ótrúlegt að sjá snjóleysið enda eru ekki mörg ár síðan Kerlingarfjöll voru snævi þakin allan ársins hring. „Veðráttan er að breytast alveg ótrúlega og alveg óhugnanlega meira að segja,“ segir Garðar sem vonast til að geta komist austur að Kárahnjúkum áður en allt fer í kaf.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SÖNGVARI OG STJÓRNANDI** „Ég er ekki mjög afmælisdagasinnaður sem gerir mig ekki vinsælan innan fjölskyldunnar því ég man ekki eftir neinum afmælisdögum,“ segir Garðar hlæjandi.

Garðar er mikilsmetinn tónlistarmaður og ferðast töluvert vegna vinnu sinnar. Honum er oft á tíðum boðið til útlanda að syngja og stjórna hljómsveitum og nú síðast fór hann til Búlgaríu í þeim tilgangi. Á efnisskránni voru meðal annars verk eftir Schubert, Strauss og Jón Leifs. „Við spiluðum forleikinn að Galdra-Lofti sem var mjög spennandi,“ segir Garðar sem fór í sumar að hlusta á Garðar Thor son sinn syngja í Rossini-óperu á Rossini-hátíð í Wildbad í Þýskalandi. Garðar er stoltur af syni sínum og finnst skemmtilegt að hann skuli hafa fetað í fótspor sín en þrjú af fjórum börnum Garðars hafa helgað sig tónlistinni.

Söngskólinn í Reykjavík er kominn á fulla ferð eftir sumarfrí en eitt stærsta verkefni vetrarins verður að setja upp Töfraflautuna eftir Mozart. „Hún verður flutt á afmælisdegi Mozarts í janúar,“ segir Garðar sem segir mjög þakklátt að stjórna nemendum sínum. Óperan verður flutt á íslensku í þýðingu Þorsteins Gylfasonar. Þorsteinn var góður vinur Garðars og verður óperan flutt til minningar um hann.

# Síðasti sonur Guttorms

Síðasti kálfur nautsins Guttorms og sá 25. í röðinni er kominn í heiminn. Móðir kálfsins heitir Búkolla og er frá bænum Selalæk á Rangárvöllum. Hún er fjögurra vetra og bar hún snemma í gærmorgun í Húsdýragarðinum. Kálfurinn er rauðskjöldóttur að lit og sver sig þar bæði í móður- og föðurætt. Eitthvað var sá litli smeykur við að líta dagsins ljós og þurfti dýralæknir að aðstoða Búkollu við burðinn.

Bolakálfurinn er hinn myndarlegasti og sæll og glaður eftir síðustu þrautir. Hann hefur ekki hlotið nafn og vilja starfsmenn garðsins kynnast skapferli hans til að nafnið hæfi honum. Það kemur þó ekki til greina að hann verði nefndur eftir föður síns. Ólíklegt þykir einnig að hann verði arftaki föður síns í garðinum en starfsfólk garðsins skimar nú eftir ljúflyndu nauti sem getur fyllt það skarð sem Guttormur skildi eftir.



**GUTTORMSSON** Kálfurinn hefur ekki hlotið nafn enn sem komið er en ljóst er að hann verður ekki nefndur eftir föður sínum.

Þrjár kýr eru í Húsdýragarðinum um þessar mundir og mun kýrin Branda bera í þessum mánuði. Blökk á einnig von á sér en mun ekki bera fyrr en í byrjun næsta árs. Þess má geta að kýr þurfa að eignast kálf einu sinni á ári svo að nytin haldist í þeim og þær mjólki sem mest þær mega. Meðgöngutími kúa er 287 dagar, eða rúmir níu mánuðir, rétt eins og hjá okkur mannfólkinu.

## AFMÆLI



**Inga Jóna Þórðardóttir**, formaður Leikfélags Reykjavíkur, er 54 ára.



**Kristín Ómarsdóttir** rithöfundur er 43 ára.



**Björg Thorarensen** lagaprófessor er 39 ára.



**Andri Þór Guðmundsson**, forstj. Ölgerðarinnar, er 39 ára.



**Ólafur Kjartan Sigurðarson**söngvari er 37 ára.



**Garðar Cortes** óperusöngvari er 65 ára.

**Guðrún Arnardóttir** frjálsíþróttakona er 34 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



**1821** Cyprian K. Norwid listmálari og skáld.



**1859** Julius Klengel tónskáld.



**1896** F. Scott Fitzgerald rithöfundur.



**1911** Konstantín Tsérnenkó, leiðtogi Sovétríkjanna.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

# OPIÐ ELDHÚS
sýningarhelgi

OPIÐ LAUGARDAG FRÁ 11-17
OG SUNNUDAG FRÁ 13-17

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800



HTH

*– HTH eldhús eru ekki eins dýr og þau líta út fyrir að vera.*

# VELKOMIN Í GLÆSILEGAN SÝNINGARSAL OKKAR AÐ LÁGMÚLA 8

Ef þú ert að huga að nýju eldhúsi er upplagt að skoða kosti HTH. Í glæsilegum sýningarsal okkar sérðu allt það nýjasta í eldhústækjum frá AEG fléttað saman við innréttingar frá HTH. Þetta samspil HTH og AEG er ekki bara fallegt og vandað heldur er heildarlausn af þessu tagi á góðum kjörum hjá Bræðrunum Ormsson.



AEG
FULLKOMIN LÖGUN OG LEIKNI



Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu






**ERFIÐUR RÓÐUR** Útgerðarfyrirtæki hafa átt á brattan að sækja undanfarin misseri vegna sterkrar stöðu krónunnar. Útlit er fyrir að útflutningsverðmæti sjávarafurða muni dragast saman um sautján prósent á þessu ári miðað við árið 2002.

# Fleiri tonn, færri krónur

Áætluð útflutningsverðmæti ársins 2005 verða um 22,6 milljörðum króna minni en ársins 2002 þrátt fyrir aukningu aflamagns. Helsta skýringin er óvenjusterk staða krónunnar. ***Sigríður Dögg Auðunsdóttir*** skoðaði stöðu sjávarútvegsins og þróunina síðustu ár í ljósi síhækkandi gengis krónunnar.

Verðmæti útfluttra sjávarafurða drógust saman um ellefu prósent milli áranna 2002 og 2004 þrátt fyrir aukið aflamagn og hækkun afurðaverðs á erlendum mörkuðum á árinu 2004. Helsta ástæða verðmætalækkunarinnar er óvenjuhátt gengi íslensku krónunnar.

Ef borin er saman verðvísitala í sjávarútvegi milli þessara tveggja ára kemur í ljós að verðvísitalan í íslenskum krónum lækkaði um tólf prósent á tímabilinu en verðvísitala í erlendri mynt lækkaði á sama tíma um fimm prósent. Munurinn á vísitölu eftir mynt er því sjö prósentustig.

Munurinn á vísitölunni í erlendri mynt og íslenskri eykst enn meir ef tekið er mið af þriggja ára tímabili, frá júní 2002 til júní 2005. Á þeim þremur árum lækkar verðvísitala sjávarafurða í íslenskri mynt um fimmtán prósent en hækkar um þrjú prósent í erlendri mynt á sama tímabili. Munurinn á vísitölunni eftir mynt á tímabilinu er því átján prósentustig.

**Verðmæti minnka um fimmtán milljarða**

Verðmæti útfluttra sjávarafurða í íslenskum krónum minnkuðu um fimmtán milljarða milli áranna 2002 og 2005 þrátt fyrir að aflamagnið hefði aukist um tæp þrjú prósent. Ef miðað er við þróun krónunnar á þessu ári og verðvísitölu sjávarafurða í júní 2005 má gera ráð fyrir að verðmæti útfluttra sjávarafurða minnka enn meir á milli áranna 2004 og 2005 en á milli áranna á undan.

Útflutningsverðmæti fyrstu sjö mánaða þessa árs eru um 66,6 milljarðar króna. Ef gert er ráð fyrir að útflutningsverðmæti verði svipuð út árið og til þessa munu útflutningsverðmæti ársins 2005 nema um 114 milljörðum króna. Það er um sautján prósenta lækkun frá því árið 2002 og um sex prósenta lækkun milli ára.

Samkvæmt þessu verða útflutningsverðmæti ársins 2005 í

**VERÐVÍSITALA SJÁVARAFURÐA OG GENGIS**




| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vísitala sjávarafurða í íslenskum krónum | 132 | 166 | 162 | 146 | 142 | 138 |
| Vísitala sjávarafurða reiknað í SDR | 101 | 103 | 113 | 107 | 107 | 116 |
| Vísitala gengisskráningar | 113 | 135 | 131 | 123 | 121 | 110 |

Heimild: Hagstofa Íslands og Seðlabanki Íslands



íslenskum krónum um 22,6 milljörðum króna lægri en ársins 2002.

**Færri krónur fyrir afurðirnar**

Arnar Sigurmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka fiskvinnslustöðva, segir að fyrirtæki í sjávarútvegi hafi brugðist við gengishækkun á árinu 2004 með því að þrýsta á hækkun á afurðaverði á erlendum mörkuðum. „Það tókst að nokkru, og að sumu leyti betur en vonast var eftir en ekki er hið sama uppi á teningnum fyrir árið 2005,“ segir hann.

„Verð á sjávarafurðum að frátaldri rækju er yfirleitt í góðu lagi í erlendri mynt. Gengið er hins vegar að íþyngja okkur verulega, þannig að sum fyrirtæki hafa látið undan. Nú er krónan í sögulegu hámarki til margra ára og erum við því einfaldlega að fá færri krónur fyrir afurðirnar,“ segir Arnar.

Sveinn Hjörtur Hjartarson, hagfræðingur Landssambands íslenskra útvegsmanna, segir að útflutnings- og samkeppnisatvinnuvegirnir geti ekki búið við svo mikla hækkun á gengi krónunnar í lengri tíma. „Sjávarútvegurinn hefur brugðist við hækkandi gengi krónunnar með því að hagræða í rekstri en auk þess hefur dregið úr áhrifum þeirrar verðlækkunar sem hefur aftur orðið á afurðum okkar í íslenskum krónum vegna hækkandi gengis krónunnar með auknum botnfisksafla og verðhækkun í erlendum gjaldeyri á sjávarafurðum á erlendum mörkuðum. Það er þó ekki hægt að hagræða endalaust eða hækka verð á afurðum erlendis til þess að mæta tekjusamdrætti í íslenskum krónum. Það endar með því að neytendur erlendis vilja ekki kaupa dýran fisk og fara að borða annað, svo sem kjúklinga-, nauta- og svínakjöt,“ segir Sveinn.

„Sjávarútvegurinn og samkeppnisgreinarnar verða að draga saman og fyrirtækin lenda í rekstrarerfiðleikum. Þau verða rekin með tapi, það gengur á eigið fé þeirra og þau verða veikburða eða rekstur þeirra stöðvast,“ segir Sveinn.

**AFLI* OG AFLAVERÐMÆTI** 2000-2004**

| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Botnfiskafli | 465 | 438 | 450 | 465 | 492 |
| Flatfiskafli | 30 | 33 | 35 | 37 | 31 |
| Uppsjávarafli | 1.439 | 1.468 | 1.593 | 1432 | 1.172 |
| Skel- og krabbadýraafli | 46 | 47 | 55 | 46 | 32.687 |
| **Samtals*** | **1.980** | **1.987** | **2.133** | **1.980** | **1.728** |
| **Verðmæti**** | **71.135** | **78.294** | **81.226** | **69.438** | **67.975** |

* þúsundir tonna ** milljónir króna á verðlagi ársins 2004

Heimild: Hagstofa Íslands

**Erfiðast hjá millistórum fyrirtækjum**

Arnar tekur undir orð Sveins og segir að framlegð fyrirtækja hafi minnkað verulega vegna þessara aðstæðna. Ástandið bitni einna mest á fyrirtækjum sem hafi verið í slæmri stöðu fyrir, til að mynda fyrirtækjum í rækjuvinnslu. „Þegar hefur nokkrum rækjuverksmiðjum verið lokað en þeim hefur fækkað á stuttum tíma úr um það bil sextán í tíu. Ástæðan fyrir erfiðleikum í rækjuvinnslu er ekki alveg sú sama og önnur sjávarútvegsfyrirtæki hafa þurft að glíma við vegna hækkunar krónunnar því fyrirtæki í rækjuvinnslu hafa verið að kaupa erlent hráefni. Verð á hráefninu hefur ekki verið alveg í takt við þróun rækjuafurðaverðs,“ segir Arnar. „Sterk staða krónunnar er hins vegar það sem hefur gert útslagið hjá mörgum þessara fyrirtækja,“ segir hann.

Arnar segir að erfiðleikar sjávarútvegsfyrirtækja séu ekki landshlutaskiptir. Fyrirtæki af millistærð virðist fara verst út úr ástandinu og hafi jafnvel gengið í gegnum allsherjar endurskipulagningu fyrir stuttu. „Staðan er erfiðust hjá fyrirtækjum sem hafa byggt allt sitt á því að hafa gert hagræðingarráðstafanir og geta séð til lands. Með styrkingu krónunnar verður framlegðin svo hverfandi lítil og verður til þess að fyrirtækin eru rekin með halla. Þá er ekkert vit í að halda áfram óbreyttum rekstri og lánastofnanir hætta að veita fjármagni í rekstur þeirra,“ segir Arnar.

Hann bendir á að þótt staðan sé ef til vill viðunandi hjá stóru fyrirtækjunum sé hún langt frá því að vera góð. „Fyrirtækin eru kannski að einhverju leyti réttu megin við núllið en það byggist eingöngu á því hvað veiðar og vinnsla eru fjölbreytt og víðtækum hagræðingaraðgerðum sem ráðist hefur verið í,“ segir hann.

**Laun sjómanna lækka**

Sveinn bendir á að laun sjómanna séu tengd afurðaverði með einum eða öðrum hætti. „Þeir hafa því orðið fyrir tekjulækkun í íslenskum krónum á meðan aðrar stéttir hafa hækkað umtalsvert. Þetta leiðir til þess að sjávarútvegurinn missir sína hæfustu starfsmenn til starfa í landi og það veikir greinina einnig, svo og þau byggðarlög sem eiga afkomu sína undir sjávarútvegi,“ segir hann. „Þetta er ekki björt mynd sem hér er dregin upp,“ segir Sveinn.

Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambandsins, segir að sjómenn séu við það að gefast upp. „Laun sjómanna hafa dregist saman um fimmtán til tuttugu prósent frá því 2002 á meðan laun annarra hafa verið að hækka,“ segir Sævar. Ástæðuna segir hann fyrst og fremst styrk krónunnar en jafnframt lækkandi afurðaverð og hækkandi olíuverð. „Það er þungt hljóð í sjómönnum. Þetta hreinlega getur ekki gengið til frambúðar. Menn sem hafa verið á sjó í áratugi eru að gefast upp því þeir hafa það orðið betra í landi,“ segir hann.

**Þróuninni ekki afstýrt**

Sveinn segir að gengi krónunnar sé orðið hættulega hátt og fátt í augnablikinu bendi til þess að þessari alvarlegu þróun verði afstýrt. „Nýlegar fréttir af kaupum spákaupmanna erlendis á skuldabréfum í íslenskum krónum ýta enn frekar undir það að gengi krónunnar eigi eftir að styrkjast frekar en hitt. Það er aftur á eftir að valda umtalsverðum timburmönnum í efnahagsmálum þjóðarinnar þegar þessari uppsveiflu lýkur. Hvenær það verður mun tíminn einn leiða í ljós en sagan segir okkur að það gerist yfirleitt fyrr en flestir spá,“ segir Sveinn.

Arnar er að sama skapi áhyggjufullur. „Ef krónan heldur áfram að vera svona sterk, tölum ekki um ef hún styrkist frekar en hitt, mun þessi þróun einfaldlega halda áfram. Fyrirtæki í útflutningi munu smám saman dragast saman. Skipum hefur verið lagt og dregið hefur verið úr framleiðslu í þeirri von að aðstæðurnar breytist til batnaðar því við trúum því að þetta ástand geti ekki varað endalaust,“ segir Arnar.

„Þetta hlýtur að taka enda. Reyndar héldum við að honum væri að því nú enda hljóðaði spá um gengisþróunina upp á að gengisvísitalan yrði á bilinu 120 til 122 um þetta leyti en hún er í kringum 106 um þessar mundir. Þarna á milli eru fimmtán til sextán prósent og munar gríðarlega um það í afkomu fyrirtækjanna,“ segir Arnar.

Spurður um hvaða lausn sé í sjónmáli segir Arnar að eina vonin sé að markaðurinn bregðist við sem fyrst. „Líkurnar á að krónan falli aukast í takt við styrk krónunnar,“ segir hann. „Markaðurinn hlýtur að fara að átta sig á því að þetta er ekki lengur raunhæft og útflutningsfyrirtækjunum blæðir, sama hvort það er í ferðaþjónustu eða sjávarútvegi,“ segir Arnar.

Hann segist þó ekki óttast framtíð sjávarútvegsins. „Annað myndi gefa eftir fyrst ef Íslendingar stæðu frammi fyrir því að sjávarútvegurinn væri að fara á hliðina,“ segir hann.

**AFLI OG AFLAVERÐMÆTI**




| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Afli* | 1.980 | 1.987 | 2.133 | 1.980 | 1.728 |
| Verðmæti** | 71 | 78 | 81 | 69 | 68 |

* þúsundir tonna ** milljarðar króna á verðlagi ársins 2004

Heimild: Hagstofa Íslands

**ÚTFLUTTAR SJÁVARAFURÐIR**




| | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---|---|---|---|---|---|
| Útfluttar afurðir* | 728 | 782 | 807 | 809 | 828 |
| Verðmæti** | 113 | 136 | 137 | 117 | 122 |

* þúsundir tonna ** milljarðar króna á verðlagi ársins 2004

Heimild: Hagstofa Íslands


# FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ Í VESTURBÆ

## OPNUM NÝJAN ÞJÓNUSTUSKÁLA VESTURGARÐS

- Ávarp borgarstjóra
- Skerjafjarðarskáldið Kristján Hreinsson flytur ljóð
- Tónlistaratriði tónlistarskólans Do re mi
- Vesturbæjarleikarnir – pokahlaup, myndastyttuleikur o.fl.
- Hausthátíð, *Vesturbær – bærinn okkar*
- Veitingar o.fl. o.fl.

**Laugardaginn 24. september, kl. 14.00 - 16.00, Vesturgarði að Hjarðarhaga 45-47.**

Þorsteinn
félagsráðgjafi

Óskar Dýrmundur
framkvæmdastjóri



## Á ÞJÓNUSTUMIÐSTÖÐINNI Í ÞÍNU HVERFI!

Reykjavíkurborg
www.reykjavik.is

Bryndís
kennsluráðgjafi

Trausti
frístundaráðgjafi



**Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Vesturgarður** - Hjarðarhaga 45-47 • **Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða** - Skúlagötu 21 • **Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis** - Síðumúla 39
**Þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness, Miðgarður** - Langarima 21 • **Þjónustumiðstöð Breiðholts** - Álfabakka 12 • **Þjónustumiðstöð Árbæjar** - Bæjarhálsi 1

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, **4 11 11 11**, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



FRÉTTABLAÐIÐ/IFAW

**ÍSLANDSSLÉTTBAKUR STINGUR SÉR Á KAF** Næturnar um borð í Söng hvalanna gátu verið magnaðar. Björgvin rifjar upp eina slíka. „Einu sinni þegar ég kom á vakt upp á dekk var allt svo rólegt að ég hélt að eitthvað væri að. Þá var mér sagt að hlusta. Allt var kjurt, blindaþoka og niðamyrkur og það heyrðist bara í hvölum. Þetta var mjög mystískt og maður skynjaði fjölda hvala um kring án þess að sjá nokkuð.“

# Á slóðum íslandssléttbaka

Líffræðingarnir **Björgvin Hilmarsson** og **Erla Eir Eyjólfsdóttir** vörðu sumarleyfinu sínu við hvalarannsóknir um borð í seglskútunni Song of the Whale. Siglt var frá Bandaríkjunum til Kanada og fylgst með hegðun íslandssléttbaka, sem eru í bráðri útrýmingarhættu. *Björn Þór Sigbjörnsson* hitti Björgvin og Erlu og forvitnaðist um lífið um borð.

Söngur hvalanna (e. Song of the Whale) er 22 metra löng skúta með þrjátíu metra hátt mastur og búin nýjasta tæknibúnaði. Hún er hönnuð og smíðuð með það fyrir augum að valda dýrum sem minnstu ónæði og er skrúfa hennar til dæmis óvenju hljóðlát.

Dýraverndarsamtökin International Fund for Animal Welfare (IFAW) gera skútuna út til rannsókna á hvölum og í sumar var sjónum beint að íslandssléttbaknum (e. North Atlantic Right Whale) úti fyrir austurströnd Bandaríkjanna og Kanada.

Íslensku líffræðingarnir Björgvin Hilmarsson og Erla Eir Eyjólfsdóttir voru í áhöfninni í þrjár vikur í ágúst og tóku þátt í rannsóknunum. Hann vinnur í Blóðbankanum en hún er leiðsögumaður á hvalaskoðunarbátnum Eldingu og stundar rannsóknir á kæfisvefni á Landspítalanum.

„Dagarnir voru hver öðrum ólíkir,“ svarar Erla, spurð um hefðbundinn dag um borð. „Við unnum á vöktum og gengum í hvert verk í eina klukkustund í einu.“ Áhöfnin skiptist á að stýra fleyinu, fylgjast með hvölum og skrá niður upplýsingar. Unnið var í fjórar stundir í senn að degi til en þrjár að næturlagi.

Misjafnt var hversu margir voru í áhöfn en þegar fæst var gáfust aðeins þrjár til fjórar klukkustundir til svefns í einu.

Björgvin og Erla láta vel af vistinni um borð þó þau hafi mátt búa þröngt. „Þetta var reyndar stærra og flottara en ég þorði að vona,“ segir Björgvin. „Við sváfum í kojum, þarna voru tvö lítil baðherbergi og við máttum fara í sturtu á tveggja daga fresti. Það þurfti að spara vatnið.“ Og eins og gengur þurftu þau að stíga á móti öldunni og þegar siglt var fyrir seglum lagðist skútan nánast á hlið.

## Aðeins 300 einstaklingar eftir

Íslandssléttbakurinn er í bráðri útrýmingarhættu og að líkindum er hann sú tegund sjávarspendýra sem fæstir einstaklingar eru til af. Talið er að um 300 dýr séu eftir í höfunum en harkalega var gengið á stofninn á árum og öldum áður, ekki síst við Íslandsstrendur. Kom það ekki síst til af því að auðvelt var að veiða íslandssléttbak þar sem hann er svifaseinn og hægsyndur og að auki með sextíu sentimetra þykkt spiklag sem gerði það að verkum að hræ hans flaut og var því þægilegt til verkunar á hafi úti.

Rannsóknir áhafnarinnar á Söng hvalanna voru tvíþættar. Hvalir voru leitaðir uppi, tegund þeirra greind og fylgst með hegðun þeirra og stefnu. Svo voru gerðar tilraunir með hljóðmælingar en markmið þeirra er að setja upp baujur við helstu skipaleiðir svo sjófarendur geti vitað hvort hvala sé að vænta á leiðum þeirra og forðað hugsanlegum árekstrum við þá.

Að auki voru tekin svifsýni til að kanna æti hvalsins.

Björgvin segir ævintýri líkast að hlýða á hljóð undirdjúpanna. „Það er eins og þú sért kominn inn í frumskóg nema þú heyrir í höfrungum og hvölum.“ Og allt starfið var eftir þessu – ævintýri líkast.

## Hvalirnir heilla

International Fund for Animal Welfare er samtök sem vinna að aukinni velferð villtra og taminna dýra um allan heim. Það gera þau með kröfu um að dregið sé úr drápi dýra að nauðsynjalausu, búsvæði villtra dýra verði vernduð og með björgun dýra sem eru í útrýmingarhættu. Allar rannsóknir eru því gerðar án þess að dýrin séu drepin, öfugt við það sem gerist á Íslandi þar sem hrefnur eru skotnar í vísindaskyni.

Það var áhuginn á hvölum sem dró Erlu að Söng hvalanna og rannsóknunum um borð. „Ég er spennt fyrir hvölum og langar að sinna rannsóknum á þeim í framtíðinni. Þetta var því gott tækifæri til að kynnast þessari hlið rannsókna,“ segir hún.

Björgvin var ekki síður að kynna sér starfsemi dýraverndarsamtaka. „Mér hefur leiðst hve miklar öfgar eru í umræðunni á Íslandi og líka hvernig dýraverndarsamtök hafa verið útmáluð sem öfgasamtök og félagsmenn jafnvel sagðir hryðjuverkamenn. Mér fannst því gott að kynnast svona samtökum og sjá hvaða hugsanaháttur væri í gangi. Mér fannst þetta líka spennandi vettvangur til að stunda rannsóknir og koma á framandi slóðir. Svo hafa hvalir alltaf heillað mig.



**SÖNGUR HVALANNA** Skútan er glæsileg og vel fer um áhöfnina um borð. Þegar siglt er fyrir seglum hallast hún á aðra hliðina og þurfa skipverjar að standa rétt svo þá taki ekki útbyrðis. Myndin af skútunni og hvalnum eru fengnar úr safni IFAW.



**BLÁSIÐ AF KRAFTI** Blástur íslandssléttbaksins er vafflaga og afar tilkomumikill. Einkenni hvers einstaklings eru greinileg og hvítar rákir við kjaft greina þennan frá öðrum.



**BJÖRGVIN OG ERLA** IFAW nýtur velvildar margra einstaklinga og fyrirtækja og má nefna að Icelandair styrkti íslensku líffræðingana til utanfararinnar.

## » UM ÍSLANDSSLÉTTBAKINN

Talið er að aðeins 300 einstaklingar séu eftir í höfunum en gegndarlaus sókn í stofninn allt fram á tuttugustu öldina gekk honum afar nærri. Að líkindum er íslandssléttbakurinn sú tegund sjávarspendýra sem hvað fæstir einstaklingar eru til af.
Íslandssléttbakurinn er gríðarleg skepna og verða tarfarnir um átján metra langir og allt að áttatíu tonn að þyngd. Kýrnar eru minni.
Kálfarnir vega um tonn við fæðingu og geta vænst að lifa í þrjátíu til sjötíu ár.
Íslandssléttbakurinn er svifaseinn og hægfara og á því á hættu að verða sigldur niður af stórum og öflugum flutningaskipum sem eiga leið eftir austurströnd Ameríku, þar sem dýrin halda sig helst.
Íslandssléttbakur var síðast veiddur við Ísland árið 1902.




# Opnum glæsilegan 400fm Italsofa sýningarsal í verslun okkar að Ármúla 8













Veldu draumahúsgögnin hjá okkur eða settu saman sérpöntun að þínum óskum
Ath. sunnudagurinn 25. sept. er síðasti dagur sérpantana fyrir jól.

**Italsofa** Frábær verð og gæði
The Italian touch

**Opið** 10-18 Laugard. 11-16/Sunnud.13-16

**Val húsgögn**
Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**

KORTER.IS

# *Játningar* Láru miðils

Íslendingar hafa alltaf haft mikinn áhuga á hinum látnu. Miðlar hafa því alltaf notið töluverðrar virðingar og vinsælda hér á landi. Lára miðill var ein þeirra frægustu en á miðri síðustu öld var hún dæmd fyrir svik. Nú er væntanleg bók um Láru en hún verður að stærstum hluta byggð á hennar eigin frásögn. *Freyr Gígja Gunnarsson* ræddi við **Pál Ásgeir Ásgeirsson**, sem komst yfir játningar Láru miðils.



**PÁLL ÁSGEIR ÁSGEIRSSON** Skrifaði árið 1996 bók um sögu spíritismans ásamt Bjarna Guðmarssyni. Þá komst hann á snoðir um að handrit Láru miðils kynni að vera til.

Fyrir grúskara er það að halda á handriti sem hefur legið ósnert í sextíu ár ómetanlegt," segir Páll Ásgeir Ásgeirsson blaðamaður. Þetta handrit kemur brátt fyrir augu almennings og hefur að geyma játningar Láru miðils. Hún skrifaði ævisögu að því er talið er fyrir Víkingsútgáfuna fyrir sextíu árum. Líklegt er að hætt hafi verið við bókina af nærgætni við þá sem hún nefnir í frásögn sinni. Þó eru á kreiki margar sögusagnir um aðrar ástæður. Páll Ásgeir fékk enn fremur að skoða málskjölin sem hafa legið í þagnargildi samkvæmt svokallaðri áttatíu ára reglu. „Ég fékk sérstakt leyfi frá þjóðskjalaverði," segir Páll Ásgeir um aðganginn að gögnum dómsmálsins.

### Stofustúlkuna dreymir um frægð

Páll Ásgeir ræddi meðal annars við eiginmann Láru, sem sagði hana hafa brennt handritið. Það var því lengi vel talið glatað. Fyrir tæpu einu og hálfu ári birtist það á handritadeild Landsbókasafnsins en það hafði þá verið í vörslu Sigurðar Nordal. „Þegar ég fékk það í hendurnar vissi ég að þarna var eitthvað merkilegt á ferðinni," segir Páll Ásgeir.

Saga Láru er í senn baráttu- og sorgarsaga. Hún er fædd árið 1899 og alin upp í sárri fátækt hjá ömmu sinni og afa. Sveitarómagi. „Örlögin haga því þannig að hún kemur til Reykjavíkur sextán ára gömul og fær starf sem stofustúlka hjá Einari Kvaran, einum af upphafsmönnum spíritismans á Íslandi," segir Páll.

Á árum sínum hjá Einari komst hin unga Lára í kynni við hefðarfólkið á Íslandi. Það þótti fínt að vera á kafi í spíritisma. „Hún heyrði þarna af miðlum sem voru frægir, lifðu eins og kóngar og ferðuðust um heiminn," útskýrir Páll Ásgeir og telur að meðan á þessari dvöl stóð hafi hún fyrst alið með sér draum um að verða miðill. „Hún féll síðan í öngvit á miðilsfundi hjá Einari og viðstaddir voru sannfærðir um að þarna væri barn með mikla hæfileika," segir Páll. Samkvæmt læknisskýrslum, sem dregnar voru fram við réttarhöldin yfir henni, var Lára haldin flogaveiki.

### Lára verður fræg

Lára fór þó ekki að hafa í sig og á með skyggnilýsingum fyrr en tíu árum síðar. Hún segir sjálf að það hafi verið gert vegna erfiðra heimilisaðstæðna. Á þessum tíma voru miðlar í tísku og mikil eftirsókn eftir þeim. „Lára var ákaflega falleg kona sem hafði mikla persónutöfra og átti auðvelt með að tala fólk til," segir Páll. „Hún átti að vera þeim kostum gædd að æla úr sér útfrymi. Úr þeim urðu síðan til líkamningar, látið fólk og dýr," útskýrir hann en þeir sem voru viðstaddir miðilsfundi hjá



**ÚTFRYMI ÆLT** Fundargestir horfa agndofa á líkamninga Láru. María dóttir hennar krýpur fremst á myndinni og á líklega að vera nunnan Clementína sem var tíður gestur á fundum Láru. Líkamningurinn er tengdur miðlinum með útfrymi. (Ljósm: Sigurður Tómasson. Þjóðminjasafn Íslands.)

Láru sáu úlfalda, fólk úr öllum heimsálfum og heimilisdýr sem hlupu um stofuna. Miklir miðilshæfileikar hennar spurðust því fljótt út. „Málið var að hún framleiddi betra efni en aðrir miðlar," segir Páll.

### Upp komast svik

Á fjórða og fimmta áratugnum komu mál nokkurra miðla og skottulækna til kasta dómstóla. Bæði Einar Kvaran og Haraldur Níelsson hjá Sálarrannsóknarfélagi Íslands lögðu mikið upp úr því að koma í veg fyrir svik og falsmiðla.

Lára starfaði aldrei með því félagi. Það skyggði þó ekki á vinsældir Láru, sem voru það miklar að blöðin fjölluðu um hana. Lára bauð ljósmyndurum að koma á fundi og taka myndir en það varð henni að falli. Miðilsfundir hennar voru yfirleitt haldnir í myrkri og það var því hið ofureinfalda flass sem kom upp um hana. „Árið 1935 birtist mynd í Alþýðublaðinu þar sem sást hvað fór virkilega fram. Slæður, máluð börn og spottar," segir Páll.

Lára var kærð og í réttarhöldunum játaði hún fyrir dómi að hafa beitt blekkingum og svikið út fé. Hún hlaut dóm fyrir svik en ekki var hægt að dæma hana fyrir að vera falsmiðill þar sem ekki var hægt að sanna að til væri alvöru miðill. „Lára var alvöru hrappur og svikin voru með ráðum gerð," segir Páll en bætir því þó við að hún hafi alltaf haldið fram að hún hefði miðilshæfileika. „Hún fór til Englands í heimsókn til sálarrannsóknarfélags en var fljótt send heim enda talin beita blekkingum," segir hann.

### Einstakt lífshlaup

Páll Ásgeir telur Láru hafa lent í þessu starfi fyrir eigin tilverknað sem og annarra. „Hún vissi vel að hún var sveitarómagi og ómenntuð. Ég held að hana hafi dreymt um viðurkenningu," segir hann.

Lára bjó fyrstu fimmtíu ár sín við aðstæður sem fæstir myndu láta bjóða sér. „Hún hraktist á milli húsa og bjó í bröggum," segir Páll og bætir jafnframt við að hún hafi lifað fremur óbeisluðu einkalífi. „Hún eignaðist mörg börn með þremur mönnum," segir Páll. Það var ekki fyrr en hún flutti norður á Akureyri að hún bjó við félagslegt og efnahagslegt öryggi.

Þegar Páll fór að lesa játningar miðilsins segir hann það hafa komið sér á óvart hversu vægðarlaus hún var í garð samferðarmanna sinna. „Þó er það ekki síst hversu dómhörð hún er í eigin garð. Hún ljóstrar upp á miðjum ferli sínum að hún hafi enga miðilshæfileika," segir hann og bætir við að Lára hlífi sjálfri sér ekki neitt í frásögn sinni.

### Saga Láru er okkar saga

Saga spíritismans er saga hefðarfólksins fremur en allt annað. Spíritisminn skaut fyrst rótum við lok 19. aldar en á upphafsárum stefnunnar var því trúað að spíritisminn færði vísindalegar sönnur á líf eftir dauðann enda voru margir af þekktustu vísindamönnum þjóðarinnar í framvarðasveit stefnunnar. Þegar nær dró endalokum varð spíritisminn meira í ætt við trú. „Þetta sést best á því að fylgismenn Láru héldu tryggð við hana þrátt fyrir dóminn," segir Páll.

Lára skilur eftir sig stóran hóp afkomenda en Páll segist ekki vera smeykur við þá. „Saga Láru er merkilegur minnisvarði á leið okkar Íslendinga í átt að nútímanum," segir hann og finnst bókin vera mjög góð lýsing á borgaralífinu í Reykjavík en ekki síst því andrúmslofti sem hafi verið ríkjandi í samfélaginu á þessum tíma.

Þrátt fyrir að hafa verið að snuðra í gögnum um Láru undanfarið ár segist Páll ekki enn vera farinn að skilja hana. „Það eru mótsagnir í gerðum hennar og orðum sem valda því að ég mun sennilega aldrei skilja hana."

**freyrgigja @frettabladid.is**



*Góðan dag!*
**Í dag er laugardagur 24.09, 267. dagur ársins 2005.**

**KRÍLIN**




## SMÁAUGLÝSINGAR

**Flokkar**

- Bílar & farartæki
- Keypt & selt
- Þjónusta
- Heilsa
- Skólar & námskeið
- Heimilið
- Tómstundir & ferðir
- Húsnæði
- Atvinna
- Tilkynningar

**SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hafsteinn Þór og Þórður máluðu sovésku Löduna sína með eldtungum eins og um amerískan kagga væri að ræða.

# Baunadós í pústinu

***Þórður Bergsson og Hafsteinn Þór Einarsson eru stoltir eigendur Lödu 1200. Henni er aðeins ekið á sumrin og vekur athygli hvert sem hún fer.***

„Við sáum hann auglýstan til sölu í DV, en svo vildi konan sem átti hann ekki selja hann. Lét okkur bara kaupa dekkin undan honum, því að selja bílinn væri eins og að selja börnin sín,“ segja þeir félagar Hafsteinn Þór Einarsson og Þórður Bergsson, sem eru stoltir eigendur svartmálaðrar Lödu með eldtungum. „Við vildum þessa 1200 týpu, en hún er mjög sjaldgjæf,“ segir Hafsteinn.

Aðspurðir um hugmyndina að eldtungununum á húddinu segja þeir: „Lada er sovéskur bíll og eldtungurnar voru á amerísku bílunum á sama tímabili og við ákváðum bara að sameina þetta,“ segja þeir án þess að stökkva bros. „Svo er alltaf eitthvað að detta úr honum,“ segir Hafsteinn og grípur lakkflögu sem hangir á bláþræði.

„Við þurftum dálítið að gera við hann, en þar sem við erum ekkert voða miklir viðgerðarmenn skelltum við bara plastklumpum í götin,“ segir Þórður og bætir við að pústið hafi nú bilað eitt sinn. „Eða dottið í sundur,“ skýtur Hafsteinn að. „Við tókum þá baunadós og skárum hana í tvennt og svo eru þetta hosuklemmur sem halda þessu saman,“ segir Þórður.

*Fáið þið alltaf skoðun á bílinn?*

„Við höfum einu sinni fengið heila skoðun á hann. Í skoðun eru alltaf gerðar athugasemdir en við gerum aldrei neitt í því, við tökum hann alltaf af númerum í lok sumars. Svo förum við aftur árið eftir og þá er það sem var bilað í fyrra í góðu lagi og eitthvað annað komið í staðinn,“ segja þeir og brosa út í annað. Í framhaldi af því fylgir smá hrakfallasaga af bílnum og Þórður segir frá því þegar hann fór á bílnum í útilegu.

„Ég var með félaga mínum og við fórum á ball um kvöldið. Þegar við komum til baka var búið að reisa hann upp á rönd. Það var svo sem ekkert vandamál, fínt að hafa hann svona því þá gátum við aðeins gert betur við pústið. Svo settum við hann bara aftur niður og keyrðum af stað,“ segir Þórður.

Blaðamaður kveður piltana þar sem þeir aka af stað með ljósmyndaranum, sem seinna sagði að hávaðinn inni í bílnum hefði verið slíkur að hann hefði ekkert heyrt í piltunum en kom þó þeim skilaboðum til blaðamanns eftir rúntinn að bíllinn héti Laddi.

*kristineva@frettabladid.is*

## LIGGUR Í LOFTINU

**[ BÍLAR - FERÐIR ]**

**Toyota hefur** opnað nýtt breytingaverkstæði að Vesturvör 30a en í sama húsi er einnig standsetning nýrra bíla. Boðið er upp á allar tegundir jeppabreytinga en mest áhersla er þó á 33“ og 35“ breytingar. Sex bílalyftur eru á verkstæðinu og því hefur afkastagetan aukist talsvert. Aðsókn hefur verið í breytingar á Land Cruiser jeppum og Hilux pallbílum hjá Toyota undanfarin misseri.

**Myndasýning frá** fyrstu gönguferð ÍT ferða í júní síðastliðinn um Slóveníu verður sunnudaginn 26. september. Fundurinn verður í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, á þriðju hæð, fyrir ofan ÍT ferðir og hefst kl. 17.00.



**Nýr sportjeppi** frá Subaru, B9 Tribeca, er til sýnis hjá Ingvari Helgasyni. Tribeca er 7 manna sportjeppi, búinn 3,0 lítra Boxer-vél og Subaru-aldrifi sem skila 250 hestöflum. Hann er með rafdrifinni sóllúgu og leðurinnréttingu.

**Aukaferðir til Kraká** eru til sölu hjá Heimsferðum, vegna þess hve hratt ferðir þangað seldust upp. Aukaferðirnar eru 3. og 10. nóvember. Í boði er þriggja nátta ferð 3. nóvember og fjögurra nátta ferð 10. nóvember. Nú þegar er nær uppselt í ferðina 10. nóvember, aðeins nokkur sæti laus, en enn eru til sæti í aukavélina 3. nóvember.




**Volvo** S40 og V50 verða frá næstu mánaðamótum seldir með nýrri og ódýrari 2,4 lítra bensínvél. Vélin er 5 strokka með tölvustýrðum kambás og eyðir ekki nema 8,4 lítrum í blönduðum akstri. Hún er 140 hestöfl og togar 220 Nm. S40 var valinn bíll ársins á Íslandi 2004 og enn fremur lenti hann í öðru sæti í vali á besta bíl veraldar síðastliðið vor.




Vinnuvélanámskeið
Ný námskeið vikulega, staðsetning Mjódd
Verð kr. 44.900.-
Sími. 894 2737 www.ovs.is
Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
Flest verkalýðsfélög styrkja nemendur á vinnuvélanámskeið

Bónarinn
Bling-Bling!
554 1091
663 5282
Mössun • Bón • Alþrif
Afhreinsun merkinga
Djúphreinsun
Skemmuvegi 28 - Bleik gata - Kópavogur

CABAS verkstæði
NÝ SPRAUTUN
Viðurkennt CABAS-verkstæði
BÍLAMÁLUN • RÉTTINGAR • FRAMRÚÐUÍSETNINGAR
Njarðarbraut 15 · Keflavík · S: 421 2999 · Fax: 421 2090
Netfang: nysprautun@simnet.is
www.nysprautun.is

BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS
TOYOTA viðgerðaraðili
Almennar bílaviðgerðir
Skemmuvegi 16 (Blá gata) • 200 Kópavogur • Sími 587 1350

BIFREIÐAVERKSTÆÐI FRIÐRIKS ÓLAFSSONAR ehf.
Smiðjuvegi 22 (Græn gata) · 200 Kópavogi
Sími: 567 7360 · www.bfo.is
SUBARU þjónusta
HONDA þjónusta
NISSAN þjónusta

olís
SMURSTÖÐIN Vogar
20 ára reynsla - Fljót og örugg þjónusta
Knarrarvogi 2 • 104 Reykjavík • sími 553 2205

VÉLASTILLING S.F.
AUÐBREKKU 16 - 200 KÓPAVOGI
SÍMI 554 3140 - FAX 564 4460
Vélastillingar - Hjólastillingar
Tímareimar - Almennar viðgerðir
Framkvæmum véla og hjólastillingar
með fullkomnum stillitækjum




Range Rover Sport líkist mjög Range Rovernum stóra en er sportlegri með hallandi línu að aftan og áberandi ristar á hliðunum. Lágprófíldekkin á supercharged-útfærslunni undirstrika enn frekar að hér er á ferðinni sportbíll.

# Ótakmarkaður lúxus

***Range Rover Sport Supercharged er mikill bíll. Hér er á ferðinni lúxusjeppi með sportlegu yfirbragði og framúrskarandi aksturseiginleikum.***

Það er ólýsanleg tilfinning að setjast undir stýri í slíkum lúxusbíl sem Range Rover Sport Supercharged er. Leðursæti sem halda vel utan um ökumann, margbrotinn en þó afar aðgengilegur búnaður sem lagar akstursæfni bílsins að margvíslegum aðstæðum og tilfinning fyrir því að þarna sé vel vandað til alls, en þó algerlega án íburðar eða tilgerðar. Þegar lagt er af stað finnur ökumaður enn frekar fyrir því að hér er ekki á ferðinni neinn venjulegur bíll. Á ferðalagi um íslenska vegi finnur maður óneitanlega vel fyrir vannýttu afli í þessu kröftuga ökutæki sem svipar nokkuð til viljugs gæðings. Og það er þá von því ekki vantar aflið í 4,2 lítra 390 hestafla vélina.

Range Rover Sport er búinn sex þrepa skynvæddri sjálfskiptingu sem er ekki bara með handskiptivali heldur einnig sportstillingu sem gerir hana snarpari. Sjálfskiptingin er algerlega hiklaus eins og þær gerast albestar. Bíllinn er með sítengdu aldrifi og búinn háu og lágu drifi. Hann státar einnig af Terrain Response kerfinu sem fyrst var kynnt í nýja Discovery 3 bílnum og lagar drifbúnað bílsins að mismunandi undirlagi. Að auki er hann með HDC (Hill Descent Control) sem heldur rækilega á móti þegar ekið er niður bratta brekku. Loftpúðafjöðrunin gerir svo mögulegt bæði að hækka og lækka bílinn miðað við aðstæður. Af öðrum búnaði má nefna fjarlægðarvara bæði að framan og aftan sem heyrist í þegar bíllinn þykir nálgast fyrirstöðu óþarflega mikið, beygjuframljós sem fylgir stýri þegar beygt er og skynvæddan hraðastilli.

Land Rover Sport Supercharged myndi seint teljast neyslugrannur enda er kannski ekki spurt að slíku þegar um er að ræða bíl sem kostar hátt í tíu milljónir. Bíllinn sýndi meðaleyðslu upp á 17,3 l á 100 í blönduðum akstri en fer líklega upp fyrir 20 l á 100 innanbæjar.

*steinunn@frettabladid.is*



Sætin í bílnum eru þægileg og halda vel utan um mannskapinn eins og við á í sportlegum bíl.



Miðjustokkurinn er kröftugur eins og annað í bílnum og í honum eru allir takkar aðgengilegir.



Gatað grill er flott og setur sterkan svip á framenda bílsins.

**REYNSLUAKSTUR**

***Range Rover Sport Supercharged***

4,2 l 390 hestafla bensínvél
9.900.000



Afturhlerinn opnast í tvennu lagi.



Sætastillingar eru aðgengilegar með skammvali fyrir stillingar á bílstjórasæti og hliðarspeglum.

## Fiat Grande Punto }



BÍLLINN SÆKIR ÚTLIT SITT AÐ HLUTA TIL MASERATI GT.

### Fiatinn í nýrri mynd

Söluhæsta bifreið Fiat-samsteypunnar hefur síðastliðinn áratug verið Fiat Punto. Á dögunum var heimsfrumsýning á nýjum og stærri Fiat Grande Punto. Fyrsta sending af bílnum er væntanleg til Íslands í janúar 2006. Bíllinn er töluvert stærri en fyrirrennarinn en samt sem áður er ekki gert ráð fyrir verulegum verðhækkunum. Hönnunin ber að hluta keim af Maserati GT og gefur það bílnum sportlegt yfirbragð. Grande Punto verður boðinn með góðu úrvali af bæði dísil- og bensínvélum, sparneytnum og kraftmiklum. Bíllinn mun kosta frá um 1,4 milljónum króna.

## Volvo XC90 }



NÝ VÉL Í XC90 MUN SKILA 185 HESTÖFLUM OG 400 NM.

### Meira afl og tog

Í nóvember verður Volvo XC90 seldur með nýrri tveggja lítra dísilvél. Hún er verulega endurbætt frá fyrri gerð, mun afl- og togmeiri, eða 185 hestöfl og 400 Nm. Einnig verður í bílnum nýtt drifkerfi, svokallað „Instant Traction“, ásamt nýrri sex þrepa sjálfskiptingu. Volvo XC90 er eini jeppinn sem notar „Boron“-stál í yfirbygginguna og árekstrarvörnina. Boron-stál er fimm sinnum sterkara en hefðbundið stál, sem gerir Volvo XC90 að mun öruggara farartæki en hingað til hefur þekkst. ■





## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

### Kvölda tekur, sest er sól...

Mér finnst haustið ekkert sérlega skemmtilegur árstími. Að vísu eiga margir vinir mínir afmæli um þessar mundir svo nægar eru ástæðurnar til að lyfta sér upp. Samt finnst mér haustið ekkert svakalega spes. Svona millibilsástand bara. Sumarið er fínt. Veturinn æði. Haustið er bara stutt pása meðan verið er að skipta um gír. Svona fríkúpl eiginlega.

Eitt af einkennum haustsins er hvað sólin vill hanga rétt fyrir ofan sjóndeildarhring og skína beint í augun á manni, óháð því í hvaða átt maður er að fara. Þá blindast maður, sér ekki hvað er fyrir framan sig og keyrir á bíl, fólk, ljósastaur eða hvað það nú er sem fólk keyrir á nú til dags. Það getur því skipt miklu að vera með hreina framrúðu. Óhreinindi, rispur og för í rúðum valda ljósbroti og lýsa þannig upp rúðuna. Hún verður því eins og lampi, frekar en rúða. Sé rúðan orðin gömul og slitin getur borgað sig að láta skipta um hana – það eru ekki margir sem ganga um með sandblásin gleraugu.

Haustið er líka akkúrat tíminn til að yfirfara ljósin á bílnum. Nenni maður ekki að hlaupa út til að skoða allar perur má stilla bílnum upp við stóran glugga, til dæmis á verslun, og skoða spegilmynd bílsins meðan hamast er á öllum hugsanlegum ljósarofum. Munið að skoða bremsuljósin líka.

Perur fást á bensínstöðvum og víðast má fá hjálp við að skipta um þær líka. Munum svo að kveikja ökuljósin. Ekki bara stöðuljósin, enda gefur nafnið til kynna til hvers þau eru.

Þokuljós að framan á ekki að nota þegar við mætum öðrum bílum og þokuljós að aftan á ekki að nota í þéttbýli og ekki þegar aðrir bílar eru í sjónfæri fyrir aftan.

Þegar ekið er úti á þjóðvegi er ágætt að athuga við og við hvort ljósin séu orðin skítug og þurrka af þeim sé svo. Ef einhver vill fara fram úr okkur gefum við stefnuljós til hægri þegar honum er óhætt. Munum að við erum ekki hraðalöggur – pirraðir bílstjórar eru hættulegir. Og þeir sem fara fram úr geta blikkað háu ljósunum örsnöggt til að vara við sér.



Nýi Mustanginn hefur fengið góðar viðtökur. Fyrsti blæjubíllinn er kominn til landsins og er til sýnis í Brimborg.

# Goðsögn á fjórum hjólum

*Nýr blæjubíll bætist í flóru Ford Mustang.*

Ford Mustang er sannkölluð goðsögn og sá nýi hefur slegið rækilega í gegn. Nú bætist enn í flóru Mustang-línunnar því Brimborg frumsýndi Mustang Convertible laugardaginn 10. september í sýningarsal Brimborgar í Reykjavík. Sýningarbíllinn er Premium GT með 300 hestafla V8-mótor, svartur með rauðum leðursætum.

Brimborg kynnti um áramótin nýjan Ford Mustang en beðið hafði verið eftir nýjum Mustang með mikilli eftirvæntingu. Nú eru um fjörutíu ár síðan þessi vinsælasti sportbíll allra tíma kom á markað í Bandaríkjunum.

Markmið Ford á sínum tíma var að bjóða aflmikinn og flottan sportbíl á viðráðanlegu verði. Það tókst og Ford Mustang seldist meira en nokkurn hafði órað fyrir.

Hönnuðir Ford höfðu þessi markmið í huga við hönnun nýja bílsins en nú varð hann að vera enn hraðskreiðari, öruggari, rásfastari og fallegri og á verði sem myndi örugglega vera betra en hjá keppinautunum. ■


GH RÉTTINGAR ehf.
Bílaverkstæði Gísla Hermannssonar
Vagnhöfða 12 - 110 Reykjavík
www.bgh-rettingar.is
Tjónaskoðun
Við réttum og málum fyrir þig
CABAS verkstæði

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
HJARTAR
Hágæða verkstæði með nútíma tækjabúnaði.
• Réttum og málum allar tegundir bíla.
• Þjónustum öll tryggingafélögin.
• Útvegum bílaleigubíla.
• Tjónaskoðun.
TOYOTA ÞJÓNUSTA
Viðurkennt CABAS verkstæði



Smiðjuvegi 56 (rauð gata) • 200 Kópavogi
Sími 587 9020 • Fax 587 9021 • rettingar@rettingar.is

515 6100 I SYN.IS I SKÍFAN I OG VODAFONE
ALLIR LEIKIRNIR SEM SKIPTA MÁLI Í BEINNI Á SÝN
ÁSKRIFTARTILBOÐ TIL ÁRAMÓTA:
// EINN MÁNUÐUR FRÍTT
// SÝN PLÚS FRÍTT
// 10 ERLENDAR SPORTRÁSIR FRÍTT*
VERÐ AÐEINS 4.092 KR. Á MÁNUÐI
*Sýn plús og erlendar sportrásir nást aðeins á dreifisvæði Digital Ísland



sýn besta sætið
vodafone

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á vísir VEF TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!
Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir
í stafrænum gæðum á visir.is





Þú hitar bílinn áður en þú ferð út í kuldann og þarft aldrei að skafa!
Kveikt er á hitaranum með:
fjarstýringu • gsm síma • eða klukku
Webasto Feel the drive
Bílasmiðurinn hf
Bíldshöfða 16 | 567 2330

**Skrifblokk** er nauðsynleg í hvers konar ferðalag. Gott er að festa á blað það sem fer með í töskunni og geyma í blokk á góðum stað. Þá er auðvelt að ganga að því og vera viss um að ekkert sé skilið eftir.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Hægt er að kynnast Eskifirði í söguferð.

# Göngur um gamla bæi

***Næstu sunnudagar verða undirlagðir af söguferðum um bæjarkjarna í Fjarðabyggð.***

Ferðafélag fjarðamanna á Austfjörðum býður upp á söguferðir um bæjarkjarnana í Fjarðabyggð. Eldri hverfi bæjanna verða skoðuð næstu sunnudaga með sögufróðu fólki af fjörðunum. Ætlunin er að ganga um og rifja upp sögu húsa og mannlífs á skemmtilegan hátt. Ferðirnar enda svo allar með hressingu á kaffihúsi.

Eskifjörður verður skoðaður á morgun og svo Reyðarfjörður 2. október. Allir eru velkomnir í ferðirnar, jafnt félagar í Ferðafélaginu sem aðrir.

Áhugasamir eru hvattir til að fylgjast með ferðunum á heimasíðu Ferðafélagsins: www.simnet.is/ffau.

!
Talstöðin
Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7

Frá Dr. Gillian McKeith
Living Food Energy duft
súperfæða fyrir betri heilsu
20% AFSLÁTTUR AF 330 GR. KRUKKUM
Duftið er unnið úr hreinu lífrænu súperfæði, spíruðum fræjum og heilandi jurtum. Hlaðið ensímum, vítamínum, steinefnum og góðum fitusýrum.
Fæst í apótekum, heilsubúðum, Hagkaup og Fjarðarkaup



Upplifðu Ísland
með Iceland Excursions



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttaferðum, starfsmannaferðum o.fl.
**Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur!**
Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is
ie Iceland excursions Allrahanda
GRAY LINE



Dómkirkjan í Berlín er meðal áhugaverðra staða sem ferðamenn geta skoðað.

# Suðupottur samtímans er í Berlín

***Ýmislegt áhugavert er að gera fyrir ferðalanga í höfuðborg Þýskalands.***

Berlín er ein mest lifandi og skemmtilegasta borg Evrópu enda suðupottur ólíklegustu strauma og stefna. Þar má finna fjölbreytt listasöfn og stóratburði í sögu borgarinnar eru svo nýyfirstaðnir að enn má næstum finna lyktina af Berlínarmúrnum. Þessi borg sem svo nýlega var sameinuð eftir langt sundrungartímabil býr yfir andrúmslofti og sögu sem hefur heillað marga helstu listamenn samtímans til að dvelja þar og semja henni ljóð. Sagan er það sem heillar marga við heimsókn til Berlínar og það er hægt að ráfa um borgina og reka sig á eitthvað alveg sögulegt á hverju horni. Það þarf engum að leiðast sem er einn í Berlín.

Þeir sem vilja byrja á byrjuninni geta heimsótt eftirfarandi staði.

Nýtt Gallerí -> Gallerí Lind. Nýtt sölugallerí með listmuni hefur opnað að Bæjarlind 2 í Kópavogi. Kíktu á vefinn okkar www.gallerilind.is.

## Fatnaður

Mjög fallegir jakkar og pils úr skinni frá Rússlandi til sölu. Selst ódýrt. S. 564 0645.

Persian pels til sölu. Mjög vel með farinn. S. 588 8228 & 692 1466.

## Barnavörur



**Kuldakast**
15% afsláttur af úlpum og kuldagöllum. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12 sími 555 6688 www.robertbangsi.is

Vantar notaðan, vel með farinn Trip Trap stól. Uppl. í s. 897 9740.

## Barnagæsla

Okkur vantar góða stelpu til að koma heim og gæta barna eitt og eitt kvöld og stundum helgar. Búum í Grafarholti. Sigrún s. 864 0212.

Okkur bráðvantar barngóða ömmu til að passa ársgamla dömu hálfan daginn. Erum í Vesturbænum. Nánari uppl. í s. 822 1806 & 691 9115.

## Dýrahald

**30% Kynningarafsláttur**
Erum þessa dagana með 30% kynningarafslátt af Arden Grange hágæða hunda- og kattafóðri í verslunum Dýralands. Verð á 15 kg hundafóðri er frá kr 3.920,- með afsl. og verð á 2,5 kg kattafóðri er frá kr 1.120,- með afsl.
**Dýraland Mjódd S. 587 0711**
**Dýraland Kringlan S.588 0711**
**Dýraland Spöng S.587 0744.**



Þessi fallegi 10 vikna Labrador hvolpur er til sölu. Uppl. í s. 897 1693 og 862 2949.



**Hin árlega haustsýning hundaræktunarfélagsins Íshunda**
verður haldin í reiðhöll gusts í kópavogi nú um helgina. Aðgangseyrir er 500 kr. en frítt er fyrir yngri en 12 ára.
**Dagskrá sýningar er á ishundar.is. Allir velkomnir.**

**Hundaræktunin Dalsmynni auglýsir**
Var beðin um að selja Silky terrier tík
**Frekari upplýsingar eru í síma 566 8417.**



Til sölu amerískir Cocker Spaniel hvolpar með ættbók frá HRFÍ. S. 868 0019.

**Dýrabær.**
Solid Gold hunda-og kattamatur. Dýrabær Hlíðasmára 9 Kóp. S.553-3062 op. má-fö.12-18 lau 11-15.

**NUTRO - 30 % afsláttur!**
Þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Til sölu 3 Séfer hvolpar. Ekki ættbókarf. Verð 90 - 100 þ. kr. Eru á NA-landi. Uppl. á www.snobb.is/nula eða í s. 868 8860.

Doberman hvolpar til sölu. Með ættbók. Uppl. í síma 867 5868.

**Border Terrier hvolpar**
Uppl. um Bordre Terrier hvolpa gefa Guðrún í s. 864 8855 & Þórhildur í s. 892 5757.

## Ýmislegt

Rýmingarsala: Brúðarkjólar, samkvæmiskjólar, smókingar og kjólföt. Brúðarbær Hjallabrekku 37 Kóp.

5 Miðstöðvar ofnar til sölu. Upplýsingar gefur Helgi 849 3622 & 896 0913.

Til sölu hellur (30x30 cm), innihurðir og skiptiborð. Uppl. í síma 867 6191.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is

## Hestamennska

**Gustarar!**
Áríðandi félagsfundur á sunnudag kl. 18. Boðið verður upp á samlokur og kaffi. Stjórnin.

Er hryssan fylfull? Prófaðu með Pregnamare Fylprófinu frá Ísteka. Fæst m.a. í Hestar og menn & MR-búðinni. Dreifing. Parlogis hf.

## Ýmislegt







## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði



25 Glæsilegar Hótelíbúðir til leigu í lengri eða skemmri tíma að Reykjavíkurveg 72 Hafnafirði, skoðið heimasíðu okkar www.bphotel.is Sími 540 9700. Fax 540 9701.

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu í 3 mán. 145 fm í 108. Leigist með húsg. Verð 170 þús. á mán. með hita og rafm. S. 893 7211.

**Til Leigu**
Til leigu skrifstofuhúsnæði á höfðanum, um er að ræða tæplega 200 fm2 möguleiki að skipta niður í smærri einingar (hver skrifstofa ca 15-20fm, einnig möguleiki á lager/geymsluplássi á jarðhæð ca 100 fm. Nán. uppl. í síma 893 2165 og 896 1663.

3ja herbergja íbúð í Síðuhverfi Akureyri til leigu. Stutt í skóla. Uppl. í s. 897 8292.

**Íbúðir á spáni.**
Íbúð til leigu í Barcelona, Costa Brava og Menorca. Uppl. í s. 899 5863 & http://helenjonson.ws

2ja herb íbúð til leigu í Hafnarfirði fyrir reyklausan einstakling. 55 þús, m/H og R. Uppl í s: 8971753

## Húsnæði óskast

Grafarholt/Grafarvogur. Óska eftir 4ra herb. íbúð. Greiðslugeta um 100 þús. Reyklaus og reglusöm. S. 896 8186.

Ungt reyklaust par óskar eftir 2ja-3ja herbergja íbúð til leigu, helst í Kópavogi eða á sv. 107 & 104 Rvk. Uppl. í s. 691 2306 & 866 6252.

2 danskir flugnemar leita að litlili íbúð eða 2 herbergjum á sama stað. Verðum á Íslandi fram á næsta sumar. Sími 822 0826 (Johannes) & 822 0982 (Sophie).

Reglusamt fólk óskar eftir 3 herbergja íbúð til leigu. Áhugasamir, hringið í s. 847 0037 Hilmar.

3ja eða 4ra herb. íbúð óskast í Breiðholti, langtímaleiga. Uppl. í s. 899 4009 & 587 4700.

44ra ára karlmaður óskar eftir einstaklings eða 2ja herbergja íbúð. Skilvísar greiðslur og reglusemi. Uppl. í s. 895 8940.

Reyklaus og reglusamur 29 ára stúdent óskar eftir stúdío íbúð. Greiðslugeta 40 þús. Sími 692 9247.

## Sumarbústaðir



45,7 fm auk 20 fm svefnlofts ca. 3 km frá Flúðum, byggt 2004 hiti kominn í húsið, verð 6,4 millj, áhv lán 5,3. Uppl. í s. 822 7316.



Til sölu heilsárshús 73 fm+40 fm milliloft. Einstaklega vandað og glæsilegt hús. egsverk@isl.is http://geocities.com/egsverk/ S. 897 5802, 891 9373 & 663 8093.

Sumarbústaðalóðir. 2 samliggj. sumarbústaðalóðir í landi Miðengis í Grímsnesi til sölu. Samt. 1,45 ha. Frábær staðsetning nóg pláss. Eignarlóðir. Verð 2,8 millj. Uppl. síma 898 4459.

Frístundarhús/sumarbústaðir. Ósamansettir norskir sumarbústaðir til sölu. Byggingarefnispakkar með öllu utan og innan fylgir, margar stærðir. Uppl. í s. 487 1371 & 893 2990.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnuhúsnæði til leigu.**
Við Fákafen: Mjög gott 100 fm skrifstofu/þjónustuhúsn á 2. hæð, sér inngangur og bílastæði við inngang. Við sund: 45 fm. Vinnustofa á 2. hæð og 14 og 9 fm. geymslur í kjallara. Sími 894 1022 og 553 9820

Skrifstofuhúsnæði til leigu. 60 fm skrifstofurými til leigu í Dugguvogi. Góð aðkoma og næg bílastæði. Uppl. í s. 617 7760.

Fyrirtæki óskar eftir snyrtilegu skrifstofuhúsnæði, helst miðsvæðis í Reykjavík. Má vera með sameiginlegri aðstöðu. Uppl. í síma 894 6071 Óskar voot@voot.is

## Geymsluhúsnæði

Hýsum tjaldvagna ódýrt í Mosfellsbæ. Vinsamlegast hafið samband, Bjarni 698 0906 & 820 0134.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Óska eftir bílskúr til leigu í Reykjavík. Björn í s. 868 9631.

## Gisting

Ódýr gisting í Kaupmannahöfn, miðsvæðis, LaVilla Uppl. s:0045 32975530 gsm:0045 28488905 www.lavilla.dk

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 24609552

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Lagerstörf og vörumerking**
Hýsing -vöruhótel leitar að eljusömu og kraftmiklu starfsfólki í lagerstörf og vörumerkingu. Hýsing er þjónustufyrirtæki fyrir sérvöru sem veitir örugga og fljóta þjónustu til viðskiptavina sinna. Vinnutími er frá 8-17. Með nýlegu bónuskerfi geta starfsmenn náð allt að 20% launahækkun á mánuði. Nánari upplýsingar veitir Júlíus Steinn Kristjánsson á staðnum, að Skútuvogi 9, eða í s. 530 5697.

**Warehouse and price-labelling**
Warehouse and price-labelling Hysing -warehouse seeks hard-working employees in price-labeling and handling. Hysing handles clothes, toys, shoes and kitchen utensils, and services its clients in fast and accurate ways by delivering fully processed goods in the right quantity and on time. Working hours are from 8-17 With a relatively new bonus system, employees can increase their salary by up to 20% per month. Further information is given by Julius Kristjansson, personnel manager, at Skutuvogur 9 Reykjavik or tel. 530 5697.

55•44444

Hrói Höttur Smiðjuveg 2 og Fákafeni 11 geta bætt við sig starfsfólki. Um er að ræða kvöld og helgarvinnu, hentar vel með skóla. Umsækjendur þurfa að vera ábyrgir, stundvísir og heiðarlegir. Uppl. í s. 866 5154 Arnar.

**Viltu koma í Pizza Hut liðið?**
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í veitingasal og í eldhús. Um er að ræða fullt starf og hlutastarf. Lágmarksaldur er 18 ára. Áhugasamir sendi inn umsóknir á loa@pizzahut.is

**Vaktstjóri á Pizza Hut**
Pizza Hut leitar að vaktstjóra á Sprengisandi. Starið felst í þjónustu, stjórnun vakta , mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur eru reynsla af þjónustu, mikil þjónustulund, samviskusemi og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegur aldur 25 ára og eldri. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is sem fyrst eða á Sprengisand. Nánari upplýsingar veitir Þórey Björk veitingastjóri í síma 822 3642.

**Vantar þig góða vinnu?**
Viltu vinna með skemmtilegu fólki í Aktu Taktu? Geturðu unnið fullt starf í vaktavinnu? Ertu duglegur/ug og mætir á réttum tíma í vinnu? Þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir!
Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.
**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836.**

**Ýmis störf í boði**
í fullu starfi í vaktavinnu á American Style. Viltu vinna í góðum hópi af skemmtilegu fólki? Hentar best fólki 18-40 ára, en allir umsækjendur velkomnir!
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836, einnig umsóknir á americanstyle.is og á stöðunum.**

**Atvinna í boði**
Miðaldra kona óskast í skemmtilega sérverslun. 50-70% vinna. Reyklaus og áreiðanleg.
**Upplýsingar í síma 864 1202 á kvöldin.**

STÁL-ORKA

Óskum að ráða járnsmiði eða menn vana járnsmiði til starfa nú þegar. Hafið samband við Benedikt í síma 892 7687. Stál-Orka Hvaleyrarbraut, Hafnarfirði.

**Fjarðarmót ehf.**
Óskum eftir verkamönnum og kranamönnum í byggingavinnu.
**Uppl. í s. 898 2869 & 892 8144.**

**Veitingahúsið Lækjarbrekka**
Veitingahúsið Lækjarbrekka getur bætt við sig starfsfólki í sal, kvöld og helgar vinna.
**Uppl. á staðnum milli kl. 14-17 alla daga eða í síma 551 4430.**

**Seltjarnarneskirkju vantar aðstoðarkirkjuvörð**
Seltjarnarnessókn auglýsir eftir starfsmanni í 50% starfshlutfall frá 1. október n.k.
Starfið felst aðalega í þrifum á kirkjunni auk aðstoðar og afleysingar við kirkjuvörð.
Leitað er eftir einstaklingi sem hefur góða hæfni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðmót.
**Nánari upplýsingar um starfið veitir Erlendur í síma 561 1550 & 561 1044.**

**Sölumaður - Eigandi**
Góður og kraftmikill sölumaður, með tengsl við stærri fyrirtæki og stofnanir óskast sem fyrst til að selja góða og auðseljanlega vöru gegn prósentum. Topp sölutími framundan. Góð uppgrip. Einnig er möguleg að selja allan lager + fyrirtæki í heilu lagi traustum aðila, sem gæti með því skapað sér sjálfstæðan rekstur, með góðri afkomu.
**Áhugasamir sendi helstu upplýsingar á afgreiðslu Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24 merkt: "Gott mál" eða á netfang: jjjj@simnet.is**

**Steinsteypusögun!**
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Góður vinnustaður.
**Upplýsingar í s. 893 3236.**

Hive

**Hvar ert þú að vinna í haust ?**
Okkur vantar gott fólk í störf með skóla/vinnu. Ef þú ert duglegur/dugleg og hefur áhuga á mjög góðum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og vinnuumhverfi þá ert þú sá sem við erum að leita að.
**Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á hordur@ipf.is**

**Hellulagningaraðilar og verkamenn**
Vana aðila vantar í hellulagnir einig verkamenn.
**Uppl. í síma 822 2661.**

**Devitos pizza**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu á dagvaktir og kvöldvaktir.
**Uppl. í s. 692 4327.**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

Aðalstarf / aukastarf. Þitt er valið. Góðir tekjumöguleikar. www.heilsufrettir.is/larus S. 898 2075.

Verslun með kristal og aðrar gjafavörur óskar eftir starfskrafti í hlutastarf. Upplýsingar veitir Björg í s. 692 1715.

**Bæjardekk Mosfellsbæ**
Óskar eftir hressu og öflugu starfsfólki. Upplýsingar hjá Davíð í síma 566 8188 eða á staðnum.

**Smiðir og verkamenn**
Óska eftir að ráða vana smiði og verkamenn í byggingarvinnu. Mikil vinna framundan og góð laun í boði fyrir rétta aðila. Uppl. í síma 662 0400 Dalli.

**Kassastarfsmaður**
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslunum fyrirtækisins í Kringlunni, Spönginni og Seltjarnarnesi. Áhugasamir geta sótt um í verslunum eða www.bonus.is

**Atvinna Atvinna**
Vantar afgreiðslu og kassafólk. Mikil vinna framundan. Rúmfatalagerinn Smáratorgi 1. Sími 820 8004 Viðar.

**Atvinna Atvinna**
Vantar afgreiðslu og kassafólk. Mikil vinna framundan. Rúmfatalagerinn Glerártorgi 1. Sími 820 8002 Birgir.

**Atvinna Atvinna**
Vantar afgreiðslu og kassafólk. Mikil vinna framundan. Rúmfatalagerinn Smáratorgi 1. Sími 820 8001 Njáll.

**Atvinna Atvinna**
Vantar afgreiðslu og kassafólk. Mikil vinna framundan. Rúmfatalagerinn Smáratorgi 1. Sími 820 8003 Eyþór.

Bakaríið Kornið vantar fólk í afgreiðslu Kópavogur 07:00 - 13:00 og 13:00 18:30 Borgartún 13:00 - 18:30 Laun samkomulags atriði umsóknir á www.kornid.is og í síma 864-1509

**Starfsmenn á kassa**
Okkur vantar hressa og þjónustulipra starfsmenn á kassa í verslun okkar Smáratorgi Kópavogi. Vinnutími skv. samkomulagi. Uppl. veitir Einar í síma 525 3400.

Járnbindingamenn. Vantar menn í járnabindingar. Næg verkefni + mæling = góð laun. 894 3398 Ármann, 699 6060 Steingrímur

**Starfskraftur óskast**
Í söluturn á daginn og í kvöld og helgarvinnu. Yngri en 18 ára kemur ekki til greina. Uppl. í s. 564 2325.

Óska eftir starfskraft í afgreiðslu á sv. 110 seinnipart dags. Áhugasamir hringi í síma 567 9999.

**Starfskraftur óskast!**
Háseta vantar á línubát. Uppl. í s. 862 2591

Vídeóleiga í 101 Rvk. óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. 18 ára og eldri. Uppl. í s. 863 0107 Tóta.

**Sólbaðsstofa**
Starfsfólk óskast í vinnu öll virk kvöld. Einnig óskast starfsfólk í hlutastarf um kvöld og helgar. Umsóknareyðublöð í Lindarsól, Bæjarlind 14-16.

A. Hansen vill ráða aðstoðarfólk í eldhús kvöld og helgarvinnu. Upplýsingar í síma 565 1130.

**Þrif-Cleaning and cooking**
Óska eftir duglegum og heiðarlegum einstakling til þess að þrífa og hjálpa til á heimili í Garðabæ. Þarf að vera vandvirkur og kunna að elda. Framtíðarstarf. Vinsamlegast hafið samband í síma 897 7922, eða senda mail á aria@islandia.is

Okkur vantar starfsfólk á hjólbarðaverkstæði Nýbarða Garðabæ. Uppl. í s. 565 8600.

Vantar mannskap í húsaviðhald og málun. Góð laun fyrir góða menn. Uppl. í s. 867 6563.

**Barnfóstra óskast**
Fóstra óskast til Þýskalands nokkra daga í mánuði í senn. Viðkomandi getur búið á Íslandi en þarf að geta flogið til Þýskaland með stuttum fyrirvara hverju sinni. Flug og uppihald innifalið, góð launakjör. Uppl. Ragnar í s. 863 0161 & 0049 1520 4544 885.

Vélavörð vantar á bát sem stundar grálúðuveiðar í net. Upplýsingar í síma 824 0799.

Óska eftir starfsmanni á Bónstöð, helst vönum. Bílþrif, Firði Hafnarfirði. S. 555 3766 & 697 3694, Krissi.

Háseti óskast á togara sem gerður er út frá Reykjavík. Uppl. hjá skipstjóra í s. 852 1194.

Óskum eftir verkamönnum í vinnu strax, bílpróf æskilegt. Góð laun í boði. Næg vinna framundan. Uppl. í s. 897 4583.

**Rútubílstjóri**
Vantar rútubílstjóra til starfa sem fyrst. Uppl í s. 566 7420 & 892 3102.

**Vantar þig starfsfólk? IntJob útvegar erlend starfsfólk**
Sjáum um allar skráningar til yfirvalda og ferðatilhögum. Leggjum áherslu á fagmennsku.
**IntJob sími 517 4530 intjob@intjob.is**

Áreiðanlegur einstaklingur með reynslu af verslunarstörfum óskar eftir vinnu, hluta/fullt starf. Laun samkomulag. S. 849 8608.

26 ára maður óskar eftir góðu framtíðarstarfi, er með meirapróf, hörkuduglegur, reyklaus. S. 697 3103.

31 árs karlmaður með BA próf óskar eftir starfi á sölu-, markaðs-, eða þjónustusviði.Margt annað kemur þó til greina. Er duglegur og metnaðarfullur. Uppl. hjá Gunnari í s. 861 5777.

Hárgreiðslusveinn ósakar eftir vinnu fyrripart dags. Uppl. í s. 863 0772.

Tek að mér að þrífa fyrirtæki, hef einnig áhuga á að kaupa hreingerningarfyrirtæki í rekstri. Uppl. í s. 897 1995.

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið



Janus er týndur og er sárt saknað. Ómerktur. Hafið samband við Kristínu í s. 567 1647 eða 895 3813.

### Tilkynningar

Skákdeild KR heldur aðalfund í starfstöð félagsins í Frostaskjóli 2 mánudaginn 24 október kl. 19.00. Lagabreitingar og önnur aðalfundastörf. Félagsmenn eru hvattir til að mæta. Sjórnin.

**Srpska Pravoslavna Crkva**
Sveta liturgija povodom praznika male gospojine bice odrzana u Fridriks Kapeli u subdiu 24.09 u 10.00 istog dana svecana vecera u sali Hraunholt, Dalshrauni 15 HFJ.

### Einkamál

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15.00 - 23.30




Nú færðu loksins hinar skemmtilegu merkjamyndir á DVD, frábær danskur húmor og erótík.undirtextar á norðurlandamálunum verð. 2.950. Gott úrval af erótískum myndum til leigu og sölu Grensásvídeó.is Grensásveg 24 pantanasími 568 6635 opið alla daga 15.00 - 23.00

**Ertu einmanna?**
Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

62ja ára karlmaður óskar eftir kynnum við konu, 55-65 ára. Svör sendist FBL merkt "Vinátta"

Kona óskast eftir að kynnast rólyndum manni 65-75 ára. Svar sendist FBL merkt "Vinátta468702"

## FASTEIGNIR

## SELTJARNARNES - SÉRHÆÐ





Komin er í sölu falleg og vel skipulögð efri sérhæð á sunnanverðu Seltjarnarnesi. Eignin er 140 fm. þar af 32fm. bílskúr sem er með hita og rafmagni.
Sérinngangur: Komið er inn í rúmgott og bjart stigahús með góðu skápaplássi. Fjögur svefnherbergi. Frá hjónaherbergi er gengið út á flísalagðar svalir með fallegu ÚTSÝNI yfir sjóinn. Flísalagt baðherbergi, nuddbaðkar, upphengt salerni, hiti í gólfi á baði, t.f. þvottavél og þurrkara. Eldhús með nýlegri kirsuberjainnréttingu. Háfur og ný tæki frá Raftækjaverslun Íslands. (NARDI.) Nýtt MERBAU parket er á íbúðinni. Góð eign sem stoppar stutt við, á frábærum stað.
**Verð 32,9 millj.**

**Áhugasamir hafi samband við eigendur í síma 899 4648 eða 861 4648**

## ATVINNA

PÓSTURINN
allur pakkinn

# Starfsfólk
## óskast í böggladeild

Íslandspóstur hf. óskar eftir starfsfólki í fullt starf í böggladeild póstmiðstöðvar. Starfið felst í vinnslu pakkasendinga, skráningu og flokkun þeirra. Um er að ræða störf í vaktavinnu og er vinnutíminn kl. 07.20-13.30 aðra vikuna og kl. 13.00-21.30 hina vikuna. Einnig er laus ein staða með vinnutíma frá 13.00-21.00.

Umsóknareyðublöð fást í afgreiðslu póstmiðstöðvarinnar, Stórhöfða 32, 110 Reykjavík. Þar skal umsóknum einnig skilað, merktum: Starf í böggladeild. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspósts: www.postur.is

IKEA®

## Ertu efni í IKEA starfsmann?

Við leitum að starfsfólki í fullt starf í verslun okkar, virka daga sem og um helgar. Viðkomandi þarf að vera samviskusamur, stundvís og þjónustulipur. Við bjóðum sveigjanlegan vinnutíma og fjölbreytt vinnuumhverfi.
Umsóknareyðublöð er að finna á www.IKEA.is og þjónustuborði IKEA, tilgreina þarf starfið sem sótt er um.

**IKEA býður upp á fjölbreytt og lifandi starfsumhverfi. Starfsfólki gefst tækifæri til að vaxa í starfi, axla ábyrgð og vera mikilvægur hlekkur í kraftmiklu og ört vaxandi fyrirtæki.**



# Atvinnutækifæri !
**Góður veitingarekstur til sölu.**
Góð velta, Góð afkoma, Gott orðspor,
Góðir vaxtamöguleikar. Sami eigandi í 5 ár.
**Upplýsingar veitir Haraldur í síma 692 2220.**
**Með allar fyrirspurnir verður farið með sem trúnaðarmál.**

## FASTEIGNIR

FASTEIGNA MIÐLUN GRAFARVOGS
Karl Dúi Karlsson s. 898 6860



Sími 575 8585 – Spönginni 37 – 112 Reykjavík – www.fmg.is



**OPIÐ HÚS – Drápuhlíð 42, Rvk.**

Falleg 62,7 fm, 4ra herb. risíbúð í Hlíðunum. ATH. íbúðin er undir súð þannig að gólfflötur er stærri en gefið er upp. Sameiginlegur inngangur. 3 svefnherb. eru í íbúðinni, öll með parketdúk. Stofan er rúmgóð og björt með fallegum boga kvistum, nýju gleri og gluggapóstum. Gengið úr stofu út á nýjar, stórar, hellulagðar svalir sem snúa í suður. Úr stofu er opið inn í eldhús. Falleg nýleg innrétting og borðkrókur, ágæt tæki og uppþvottavél sem fylgir. Vaxborið Bruce parket í stofu og eldhúsi. Baðherb. með flísum á gólfi og hluta af veggjum. Baðkar með sturtuaðstöðu og lítil innrétting. Sameiginlegt þvottaherb.. Geymsluris og gott geymslupláss undir súð. Raflagnir og rafmagnstafla er u.þ.b. 10 ára. Í fyrrasumar voru kvistir lagaðir, skipt var um klæðningu og gler og gluggapósta að sunnan. V. 17,9 millj.

**Guðrún tekur á móti gestum í dag milli kl. 3 og 4.**

FÉLAG FASTEIGNASALA
Sverrir Kristjánsson, lögg. fasteignasali

## TILKYNNINGAR

# „NÚ ER LAG Í GLÆSIBÆ"

Félag harmonikuunnenda Í Reykjavík heldur harmonikudansleik í kvöld. Hljómsveitir Jóns Inga Júlíussonar & Sveins Sigurjónssonar auk Vindbelgjanna leika fyrir dansi frá kl. 21.30.

**Allir alltaf velkomnir hjá F.H.U.R.**

**F.H.U.R.**

# Kópavogsbær

**Auglýsing um afgreiðslu bæjarráðs Kópavogs á auglýstri tillögu að deiliskipulagi.**
Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst afgreiðsla bæjarstjórnar Kópavogs á eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

**Vatnsendi. Athafnasvæði við Víkurhvarf. Deiliskipulag.**
Í samræmi við 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, samþykkti bæjarráð Kópavogs þann 9. október 2003 tillögu að breyttu deiliskipulagi athafnasvæðis við Víkurhvarf í norðanverðu Vatnsendahvarfi. Í breytingunni felst að einni lóð innan svæðisins er skipt upp í átta lóðir. Á sex lóðanna verða 2. hæða hús með aðkomu ýmist að neðri hæð eða báðum hæðum en á tveimur lóðum verða vöruskemmur með möguleika á skrifstofuhæð. Aðkoma að lóðunum verður frá nýrri húsagötu innan svæðisins.
Tillagan gerir ráð fyrir að heildarbyggingarmagn svæðisins haldist óbreytt.

*Tillagan var auglýst frá 22. ágúst til 19. september 2003 með athugasemdafresti til 6. október 2003. Engar athugasemdir og ábendingar bárust á kynningartíma*
*Í samræmi við 3. mgr. 25. gr. var Skipulagsstofnun sent samþykkt deiliskipulag.*
Í bréfum Skipulagsstofnunarinnar dags. 8. janúar 2004 og 19. september 2005, er bent á ákvæði skipulagsreglugerðar nr. 4.18.2 vegna jarðsprungu sem kom í ljós á einni af fyrirhuguðum lóðum innan deiliskipulagssvæðisins. Í greinargerð Verkfræðistofunnar Línuhönnunar dags. 6. september 2005, vegna framangreindrar ábendingar, er rökstutt, eftir úttekt á sprungu, að með ákveðnum ráðstöfunum við burðarþolshönnun og grundun mannvirkja er hægt að bregðast við og lágmarka skemmdir ef til hreyfinga kæmi. Um frekari upplýsingar vísast til greinargerðar. Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins birtist í B-deild Stjórnartíðinda 23. september 2005.

Nánari upplýsingar eða gögn um ofangreinda deiliskipulagsáætlun og afgreiðslu hennar er hægt að nálgast á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 200 Kópavogi, milli kl. 8:00 og 16:00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8:00 til 14:00.

**Skipulagsstjóri Kópavogs**

# Átt þú þér draum
## um fasteign við strendur Spánar?



# OPIÐ HÚS
## Skúlagötu 17
## 24.–25. september



Viðskiptahúsið kynnir fasteignir sem í boði eru við Miðjarðarhafsströnd Spánar. Við höfum opið frá kl. 11.00–16.00.



Byggingasvæðin sem um ræðir eru á Costa Del Azahar, Costa Blanca, Costa Cálida og Costa De Almería.

Strendurnar eru þekktar fyrir einstakt loftslag og veðurfar, enda skín þar sólin flesta daga ársins. Meðalhiti yfir árið er um 21°C.

Mikið úrval eigna er í boði svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.



**Kíkið við og fáið nánari upplýsingar!**

**Heitt á könnunni og allir í sólskinsskapi.**

**Viðskiptahúsið**

Skúlagata 17 • 101 Reykjavík • Sími: 566 8800 • Fax: 566 8802 • E-mail: vidskiptahusid@vidskiptahusid.is • www.vidskiptahusid.is

gloria casa
www.gloriacasa.com • Álfheimar 6
Sími: 517 5280, hallur@gloriacasa.com

# ÍBÚÐIR TIL SÖLU Á SPÁNI

## STRANDARÍBÚÐIR Í BYGGINGU





Rotanda er glænýtt íbúðarhótel sem verður tilbúið til afhendingar í júní 2006 fullbúið húsgögnum. Örugg leiga allt árið um kring. Ekki er nema 300m að sjó og öll þjónusta er í göngufæri. Hverfið hefur verið eitt vinsælasta hverfi Costa Blanca síðustu tvö ár og er í hraðri uppbyggingu. Hverfið heitir Aqua Marina eða öðru nafni Cabo Roig og er rétt fyrir utan borgina Torrevieja.
Fáar íbúðir eru eftir í hótelinu og má með sanni segja að fyrstir koma, fyrstir fá.
Verð frá 11.200.000 kr. – 149.000 *evrur*

## TIL LEIGU



**RIOJA – VILLA MARTIN**
Stórglæsilegt einbýlishús til leigu. 3 svefnherbergi og tvö salerni. Bílskúr og góð útivistaraðstaða. Sundlaugargarðurinn gerst vart glæsilegri. Er í göngufæri við alla þjónustu og er mitt á milli 3ja golfvalla..
Verð aðeins 53.000 kr. á mánuði – 700 *evrur*

*Allar upplýsingar eru á skrifstofu Gloria Casa í Álfheimum 6. Sími 517 5280*



**ALMERIA – VILLA MARTIN**
Stórglæsilegt parhús staðsett mitt á milli þriggja golfvalla. Öll þjónusta er í göngufæri. Borgin Torrevieja er í aðeins 7 mínútna akstursfjarlægð. Tvö svefnherbergi og tvö salerni. Öll húsgögn fylgja og allur borðbúnaður. Glæsilegur sundlaugargarður fylgir.
Verð 12.500.000 kr. – 165.000 *evrur*



**LAS LOMAS – VILLA MARTIN**
Raðhúsið er staðsett inn í litilli lokaðri götu þar sem öryggi er mikið fyrir íbúana og fáir um sundlaugargarðinn. Húsið er með þremur svefnherbergjum ásamt tveim salernum. Loftkæling er í stofu á neðri hæð. Húsgögn fylgja að mestu leiti.
Verð 12.500.000 kr. – 165.000 *evrur*



**BAHIA - TORREVIEJA**
Altos de Bahia er rétt við fallega strönd og í göngufæri við alla þjónustu. Sundlaugargarðurinn er mjög stór og fínn. Húsið er með tveim svefnherbergjum. Öll húsgögn eru mjög vönduð og fylgja með kaupunum. Húsið er öllum aukahlutum búið.
Verð 14.500.000 kr. – 192.000 *evrur*



**SUN WATCH VILLA – CAMPOAMOR**
Stórglæsilegt einbýlishús við ströndina í Campoamor rétt fyrir utan Torrevieja. Húsið stnedur á 900 fm lóð og samtals er byggt 400 fm. Einkasundlaug og heitur pottur. Öll húsgögn fylgja með og allur borðbúnaður. Fyrsta flokks gæði í öllu. Hús fyrir vandláta.
Verð 72.400.000 kr – 960.000 *evrur*



**AQUA MARINA – CABO ROIG**
Glæsileg íbúð með frábæru útsýni út á sjó. Staðsett í vinsælasta hverfi Costa Blanca. Í göngufæri við alla þjónustu. Tvö svefnherbergi. Öll húsgögn fylgja og sameiginlegar þaksvalir. 400m að strönd. Ekki láta þetta fram hjá þér fara.
Verð 13.900.000 kr. – 185.000 *evrur*



**VIOLETA – BLUE HILL**
Íbúðin er ca. 49 m2 neðri sérhæð með góðri verönd fyrir framan íbúðina. Íbúðin er með einu svefnherbergi og öll húsgögn fylgja ásamt öllum borðbúnaði. Stutt í alla þjónustu og á sundlaugarbar. Góð eign fyrir fyrstu kaup á Spáni.
Verð 6.900.000 kr. – 92.000 *evrur*



**LA ZENIA – CABO ROIG**
Íbúðin er í litilli raðhúsalengju og er á tveimur hæðum. Sólaríum er á þaki íbúðarinnar. Bílastæði er í lokaðri hliðargötu. Íbúðin er með þrem svefnherbergjum. Öll húsgögn fylgja. Fallegur sundlaugargarður. Í göngufæri við alla þjónustu.
Verð 16.600.00 kr - 220.000 *evrur*



**ZENIA MAR – LA FLORIDA**
Íbúðin er á annarri hæð sem sérinngangi. Hún er með tveim svefnherbergjum og opnu eldhúsi inn í stofu. Þvottahús er út úr eldhúsi. Svalir út úr stofu. Einkaþaksvalir með ágætu útsýni. Öll húsgögn fylgja ásamt öllum borðbúnaði.
Verð 12.700.000 – 168.000 *evrur*

gloria casa

FASTEIGNASALA OG LEIGUMIÐLUN ÍSLENDINGA Á SPÁNI

Víngerðar NÁMSKEIÐ

BYRJENDUR Í HEIMAVÍNGERÐ!

Áman stendur fyrir námskeiðum í heimavíngerð.
Námskeiðin okkar eru að byrja aftur.
Skráðu þig!

Farið verður yfir feril víngerðar og góð ráð gefin.
Leiðbeinendur eru starfsmenn Ámunnar.
Lengd u.þ.b. 2 klukkustundir.

Verð kr. 2.000- og innifalið er byrjunarsett.
Þáttakendum býðst 20% afsláttur af öllum vörum Ámunnar á námskeiðskvöldinu.

Nánari upplýsingar er að finna á www.aman.is og í síma 533-1020.

áman

Frábært verd Langholtsvegi 42, s: 5882608

Ekki missa af þessu!
Fornbókamarkaður
23.-27. sept.
Mikið úrval- Verð frá 100kr

Frábært verd Langholtsvegi 42, s: 5882608

KOLAPORTIÐ

Pantaðu bás á netinu Kolaportid.is

opið um helgar kl. 11-17

allt atvinna
Alla sunnudaga

## Vissir þú ...

... að Kína og Rússland eiga hvort um sig landamæri að fjórtán öðrum ríkjum?

... að stærsta kjördæmi í heimi er Kalgoorlie-kjördæmi ástralska sambandsþingsins og að það er 2.600.000 ferkílómetrar, sem er stærra en öll Vestur-Evrópa?

... að elsti starfandi dómari sögunnar var bandarískur og dró sig frá störfum þegar hann var 105 ára og átta mánaða?

... að hæsta upphæð sem Bandaríkjastjórn hefur greitt uppljóstrara er 2.160 milljónir? Uppljóstrarinn gat vísað á dvalarstað Uday og Qusay, sona Saddams Hussein.

... að mesta ársneysla á áfengi á ári er í Lúxemborg þar sem hver maður drekkur 63,3 lítra af víni á ári?

... að minnsta ársneysla á áfengi er í Egyptalandi þar sem neyslan nemur um tveimur matskeiðum á mann á ári?

... að áætlað er að áttatíu prósent fullorðinna rússneskra karlmanna drekki að jafnaði 220 hálflítra flöskur af vodka á ári?

... að stærsta diskókúla sem um getur er þrír metrar að þvermáli og vegur 454,4 kíló?

... að stærsta tyggjókúla sem hefur verið blásin með munni samkvæmt reglum þessarar miklu keppnisíþróttar er 58,5 sentimetrar í þvermál?

... að stærsta tyggjókúla blásin með nefi var 28 sentimetrar?

## UPPÁHALDSSTAÐURINN



Kolbrúnu Pálínu finnst best að vera heima hjá sér.

Fréttablaðið/E.Ól.

**KOLBRÚN PÁLÍNA HELGADÓTTIR**

# *Best að vera heima*

„Uppáhaldsstaðurinn minn er bara heima hjá mér," segir Kolbrún Pálína Helgadóttir fegurðardrottning. Hún segist vera mjög heimakær og eyða eins miklum tíma heima hjá sér og hún geti.
„Annars finnst mér mjög gott að fara út fyrir höfuðborgina og vera úti í náttúrunni. Snæfellsnes hefur til dæmis alltaf heillað mig," segir Kolbrún Pálína.
Kolbrún Pálína segir að fjölskyldan sé að byggja sér sumarbústað fyrir austan. „Við eigum nú sennilega eftir að eyða tölverðum tíma þar líka," segir hún.



VÍSINDAVEFUR HÁSKÓLA ÍSLANDS

# Tilfinningatjáning með fingramerkjum

SPURNING: HVAÐ VARÐ TIL ÞESS AÐ FÓLK FÓR AÐ GEFA FINGURINN OG HVAÐ MERKIR ÞAÐ Í RAUN?

Sperrt langatöng og krepptur hnefi mynda saman eitt kunnasta móðgunartákn sem til er. Þótt fingurinn sé augljóst reðurtákn ætti skírskotunin í hulinn líkamspart út af fyrir sig ekki að móðga neinn eða reita til reiði; tilhugsunin um að önnur hver manneskja sé með typpi kemur fólki ekki úr jafnvægi á okkar upplýstu tímum. Hin raunverulega ógnun sem felst í tákninu byggist frekar á dýpri skírskotun. Hana finnum við í dýraríkinu, meðal annars hjá öðrum prímötum, okkar nánustu ættingjum.

**Fingurinn ögrar**

Það er vel þekkt hjá ýmsum öpum að ráðandi karlapi hafi í frammi kynferðislega tilburði í því skyni að sýna fram á vald sitt, til að mynda með því að hnykkja mjöðm sinni utan í kvendýrið nokkrum sinnum án þess að nein snerting kynfæra eigi sér stað. Apinn getur líka átt það til að sýna karlkyns keppinautum sínum þessa hegðun. Með því að koma fram við þá eins og kvenapa undirstrikar hann skilmerkilega hver það er sem ræður ferðinni. Þessa tilburði er freistandi að yfirfæra á okkur mennina sem flíkum reðurtákni okkar, fingrinum, í sambærilegum tilgangi. Með honum einum saman náum við að ögra á táknrænan hátt með því að sýna skeytingarleysi og lítilsvirðingu.

Puttinn er, þrátt fyrir reðurtáknmynd sína, ekki bein kynferðisleg ógnun heldur ögrun sem felur í sér almennt skeytingarleysi. Þessu til stuðnings má nefna að notkun puttans einskorðast ekki við aðstæður þar sem kynferði kemur við sögu; honum er flíkað hvar og hvenær sem er. Í öðru lagi má nefna að ögrunin er algerlega ókynbundin. Konur gefa fingurinn til jafns við karla sem tákn um sama skýra viðhorfið: „Þú ógnar mér ekki“ eða einfaldlega „Eigðu þig!“

**Gamalt tákn**

Ef marka má frásagnir hefur „fingurinn“ verið notaður til að ögra í vestrænu samfélagi í að minnsta kosti tvö þúsund ár. Fyrstu skýru vísanirnar í ögrandi beitingu löngutangar má finna í leikritagerð Forn-Grikkja. Rómverjar þekktu líka vel til táknsins og kölluðu löngutöngina „ósæmilega fingurinn“ eða „digitus impudicus“. Kalígúla keisari á að hafa notað hann markvisst í ögrunarskyni og rétt fingurinn fram þegar höndin á honum var kysst.

Fingurinn ósæmilegi var áfram vel þekkt fyrirbæri er fram liðu stundir en minna bar þó á honum á miðöldum. Árið 1644 kom hins vegar út athyglisvert rit um táknmál handanna ætlað heyrnarlausum þar sem skýrt var tekið fram að langatöng væri notuð sem táknmynd fyrirlitningar. Útskýringunni fylgdi mynd sem tók af allan vafa um að hér væri á ferðinni fingurinn sögufrægi.

Skýrara dæmi um notkun fingursins var tæpast að finna fyrr en á miðri nítjándu öld en þá gaf ljósmyndatæknin tákninu byr undir báða vængi. Síðan þá hefur honum verið flíkað frjálslega hvenær sem skapið hleypur með fólk í gönur.

**Einn fingur niður**

Reikna má með að amerísk afþreyingarmenning hafi gert sitt til að auka vinsældir táknsins á alþjóðavísu. Engu að síður eru í notkun fjölmörg sambærileg móðgunartákn hér og þar í heiminum. Arabar hafa til að mynda þróað sína eigin útgáfu þar sem löngutöng er beint niður í stað



**LÖNGUTÖNGIN FRÆGA**
Mynd úr bók um táknmál handanna frá 1644. Latneski textinn þýðir „ég móðga, sýni óvirðingu“.

þess að láta hana vísa upp. Í þessari útgáfu merkisins er handarbakinu snúið upp og fingurnir í kring vísa fram á við til aðgreiningar frá lafandi löngutöng.

Annað vel þekkt afbrigði reðurtáknsins, en þó stærra og kraftmeira, má finna í Suður-Evrópu þar sem allur handleggurinn er í hlutverki reðursins. Sveigðum handleggnum er rykkt upp á við og spenntum hnúa snúið í átt að viðtakanda móðgunarinnar. Hnefinn er sums staðar látinn nötra og er það einkum þekkt í Júgóslavíu. Víða er lögð aukin áhersla á þetta öfluga tákn með því að grípa kröftuglega á móti upphandleggnum með hinni hendinni. Þessi þrýstingur á móti stefnu reðurtáknsins gerir sitt til að magna upp ofbeldisfulla myndlíkinguna.

**Tveir fingur upp**

Einhverra hluta vegna hefur ekkert af þessum táknum náð fótfestu á Bretlandseyjum. Bretar nota sitt eigið tákn sem eru tveir gleiðir fingur líkt og bókstafurinn V. Ólíkt staka fingrinum er langsótt að þetta sé reðurtákn heldur er talið líklegra að táknið vísi til kynfæra kvenna. Það er útskýrt með margvíslegum hætti, fingurnir þykja minna á útglennta fætur, þríhyrningslaga skapahár og dæmigerða stöðu sjálfra fingranna við kynörvun svo að dæmi séu nefnd. Svipmikið táknið hefur því auðveldlega haldið velli gagnvart staka fingrinum sem notaður er í flestum öðrum Evrópulöndum og Ameríku.

Tvífingurstákn er öllu vandasamara í notkun en hin sem nefnd hafa verið því þess þarf sérstaklega að gæta að handarbakið snúi í áttina að viðtakandanum. Ef lófinn snýr út á við nær móðgunin engan veginn tilætluðum árangri því þá myndar höndin keimlíkt tákn um „sigur“ sem Winston Churchill gerði vinsælt í áróðursskyni á stríðsárunum. Móðgunartáknið er hins vegar mun eldra, en er nær eingöngu bundið við Bretlandseyjar og getur því oft misskilist annars staðar í heiminum.

Heimildaskrá og nokkru ítarlegra svar er að finna á Vísindavefnum.

*Þorsteinn G. Berghreinsson,*
*BA í mannfræði*

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Skólanemar nota vefinn mikið og má merkja það meðal annars á því að aðsóknin vex nú dag frá degi eftir að skólastarf haustsins hófst. Gestir eru nú yfir 2000 á dag um miðja vikuna. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanförnu eru: Hvers vegna eru kristin fræði kennd í grunnskólum á Íslandi, hvert er loðnasta dýr í heimi, hver fann upp dans, hvað eru margir íbúar í allri Eyjaálfu og er til blátt fólk? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni www.visindavefur.hi.is


Vantar þig...



YFIR 150.000 ÍSLENDINGAR LESA FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI Á HVERJUM DEGI. SMÁAUGLÝSING Í FRÉTTABLAÐINU ER ÓDÝR OG ÁHRIFARÍK LEIÐ SEM TRYGGIR MESTU HUGSANLEGU ÚTBREIÐSLU Á SKILABOÐUM ÞÍNUM. AUGLÝSINGIN ER AUK ÞESS BIRT ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU Á VISIR.IS.

PANTAÐU SMÁAUGLÝSINGAR Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS.

FRÉTTABLAÐIÐ

– SMÁAUGLÝSINGAR SEM ALLIR SJÁ

Fíton/SÍA F1013727



Gönguferðir um Vatnsmýrina

í tengslum við samráðsdaga um framtíðarskipulag svæðisins



**Helgina 24. og 25. september nk. verður efnt til tveggja gönguferða um Vatnsmýrarsvæðið. Önnur mun beinast að menningarminjum á svæðinu og í hinni verður hugað að náttúrufari og fuglalífi. Sérfróðir menn verða til leiðsagnar.**

**Vatnsmýrin – náttúrufar, fuglar og votlendi**
Laugardaginn 24. september, kl. 14.00 – 15.30.

**Leiðsögumenn:** Jóhann Óli Hilmarsson, ljósmyndari og formaður Fuglaverndar; Kristbjörn Egilsson, líffræðingur; og Pétur H. Ármannsson, arkítekt, sem gerir grein fyrir hugmyndum Alvars Aalto um tjörn við Norræna húsið.

**Kl. 14.00:** Lagt af stað frá Norræna húsinu. Gengið um friðlandið í Vatnsmýrinni og að Reykjavíkurtjörn og rætt um fuglalíf og gróðurfar á Vatnsmýrarsvæðinu. Að göngu lokinni verður gildi náttúru og lífríkis fyrir framtíðarskipulag rætt á stuttum samráðsfundi í Öskju, Náttúrufræðahúsi HÍ.

**Menningarminjar í Vatnsmýrinni**
Sunnudaginn 25. september, kl. 14.00 – 15.30.

**Leiðsögumaður:** Helgi M. Sigurðsson, sagnfræðingur.

**Kl. 14.00:** Lagt af stað frá bílastæði Hótel Loftleiða og gengið upp í Öskjuhlíð. Gengið að Nauthólsvík og þaðan meðfram flugvellinum aftur að Hótel Loftleiðum þar sem gangan endar. Að göngu lokinni verður gildi menningarminjanna fyrir framtíðarskipulag rætt á stuttum samráðsfundi á Hótel Loftleiðum.

**Nánari upplýsingar á www.vatnsmyri.is**

MÓTUM BORG NÝRRA TÍMA

KB BANKI · ÍSLANDSBANKI · Landsbankinn · EYKTON



# Tónlistin kemur frá hjartanu

Hljómsveit leikkonunnar **Juliette Lewis**, Juliette & The Licks, spilar á Iceland Airwaves-hátíðinni í október. *Freyr Bjarnason* spjallaði við Juliette sem samdi sitt fyrsta lag þegar hún var átta ára.

Rokksveitin Juliette & The Licks mun spila á Iceland Airwaves-hátíðinni sem verður haldin í Reykjavík dagana 19. til 23. október.

Leikkonan Juliette Lewis, sem meðal annars hefur leikið í Natural Born Killers og Cape Fear, stofnaði hljómsveitina árið 2003 og hefur hún gefið út tvær plötur. Sú seinni, You're Speaking My Language, kom út í vor. Sveitin mun spila á sérstöku kvöldi breska tímaritsins Kerrang! á Airwaves en hún er í miklu uppáhaldi hjá tímaritinu.

**Allir að segja mér frá einhverju lóni**

„Hæ, þetta er Juliette," heyrðist á línunni þegar blaðamaður tók upp símtólið, hálftíma áður en viðtalið átti að fara fram, algjörlega óundirbúinn.

„Já, hæ," sagði ég.

„Hvernig hefurðu það," sagði hún. Ertu tilbúinn í viðtalið?"

„Uu já, já. Reyndar hringdir þú hálftíma of snemma en það er allt í lagi."

„Ok, byrjum þá."

*Hvernig líst þér á að spila á Íslandi?*

„Bara mjög vel. Ég hef heyrt að þetta sé skemmtilegur staður og það eru allir að segja mér frá einhverju lóni sem ég á að fara í," segir Juliette á seiðandi hátt og hljómar nánast eins og hún sé drukkin. En þannig er röddin hennar bara, ef maður miðar við það hvernig hún hljómar á hvíta tjaldinu.

„Já, Bláa lónið. Þú þarft endilega að drífa þig þangað. Ég mæli sérstaklega með nuddinu sem er í boði," segir blaðamaður.

*Hefurðu alltaf haft áhuga á tónlist?*

„Það sem er svo gott við tónlistina er að maður getur ferðast um heiminn og kynnst alls konar menningu," segir Juliette. „Ég hef alla ævi haft gaman af tónlist og hef alltaf náð góðum tengslum við hana. Ég er sífellt að spila lag í hausnum á mér og er hálfgert andlegt útvarp. Þetta kemur bara sjálfkrafa hjá mér og ég nota tónlistina til að skapa eitthvað nýtt. Þetta er líkt og þegar ég er að komast inn í einhverja persónu í kvikmynd þá nota ég tónlistina mikið. Ég hlustaði til dæmis mikið á Jimi Hendrix þegar ég lék í Natural Born Killers.

**Samdi fyrsta lagið átta ára**

*Byrjaðirðu snemma að semja lög?*

„Ég veit að þú trúir því varla en ég lærði á píanó þegar ég var átta ára og þá samdi ég mitt fyrsta lag sem var mjög dramatískt."

*Þú hefur lítið verið að leika upp á síðkastið ekki satt?*

„Jú, þetta ár hefur verið mikið að gera hjá mér í tónlistinni. Við gáfum út plötu og höfum farið í þrjár tónleikaferðir til Evrópu. Ég hef bara leikið í einni mynd á árinu sem heitir Catch and Release þar sem Jennifer Garner (úr þáttunum Alias) lék á móti mér. Þetta er frekar dramatísk mynd."

*Ætlarðu að halda áfram að einbeita þér að tónlistinni?*

„Ég ætla að halda áfram í þessari tónleikaferð, fara til Íslands og síðan halda áfram um Evrópu. Markmið mitt er að gera góða Licks-plötu næst. Það skiptir dálitlu máli að hún heppnist vel. Ég vil vera ævintýragjarnari en áður og á næstunni ætla ég að reyna að semja fleiri lög.

*Hvernig hefur gengið á tónleikaferðunum ykkar?*

„Þetta hefur verið alveg frábært. Við höfum ferðast víða um Evrópu, spilað á klúbbum og á fullt af tónlistarhátíðum, meðal annars á Reading og Fuji Rocks. Það er mjög gaman á klúbbunum þegar maður sér að fólkið kann lögin okkar og er að syngja með. En við erum ennþá að reyna að finna fleiri „Licks lovers".

*Hverjir eru áhrifavaldar þínir í tónlistinni?*

„Á fyrstu plötunni voru helstu áhrifavaldarnir Tom Petty og The Pretenders. Á næstu plötu vil ég ná meiri hljómi eins og Brian Eno hefur náð. Ég vil að hljómurinn sé lífrænni en áður. Annars er Lucinda Williams í miklum metum hjá mér."

**Ber mikla virðingu fyrir Björk**

*Hvað með söngkonur eins og P.J. Harvey og Björk?*

„Björk er algjörlega sér á báti og frumleg og ég ber mikla virðingu fyrir henni. Þær tvær eru ótrúlega góðir tónlistarmenn en ég verð líka að nefna Patti Smith og Grace Jones sem áhrifavalda mína."

**Um hvað fjalla textarnir þínir?**

„Þeir fjalla bara um ýmislegt. Ég skrifa um ferðalögin sem ég fer í, gagnrýni ríkisstjórnina, kynferðislega bælingu og líka um það ef ég verð pirruð. Stundum skrifa ég líka texta sem eru ekki persónulegir. Það er svo mikil tilfinning í rokki og róli og mér finnst frábært að geta nýtt mér hana í textunum."

*Ertu oft pirruð?*

„Nei, reyndar ekki. Ég er ekki reið manneskja. Ég hlæ mikið dagsdaglega og er frekar róleg. En ég verð pirruð þegar forsetinn sendir fólk í stríð og hagar sér asnalega."

*Þannig að George W. Bush er ekki vinsælasti maðurinn í heiminum hjá þér?*

„Nei, eiginlega ekki."

**Tónlistin kemur frá hjartanu**

*Gaf það þér ekki aukið sjálfstraust fyrir söngferilinn þegar þú söngst í myndinni Strange Days?*

„Það var í fyrsta sinn sem ég söng á nýjan leik sem fullorðin kona. Það minnti mig á hvað ég elskaði mikið að syngja. Mér var samt leikstýrt mikið í því atriði og hún (leikstjórinn Kathryn Bigelow) sagði mér hvernig ég ætti að syngja lagið og haga mér. Ég fékk því ekki alveg að túlka það á minn hátt."

*Hvort finnst þér nú skemmtilegra að leika eða vera í rokkhljómsveit?*

„Ég er búin að leika í fimmtán ár. Ég hef haft mjög gaman af samskiptunum sem hef átt við svo margt fólk en í tónlistinni er ég algjörlega minn eigin herra. Þegar við gefum út plötu sé ég um allar hliðar mála. Ég hanna meira að segja plötuumslagið og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af neinu stóru plötufyrirtæki sem andar í hálsmálið á okkur. Tónlist er eitthvað sem kemur frá hjartanu en auðvitað eru hráar tilfinningar líka í kvikmyndum. Þar þarf maður samt að vinna eftir handriti eftir einhvern annan og hefur minna svigrúm til að gera það sem maður vill. Tónlistin fullnægir meira mínum þörfum, sérstaklega vegna þess hversu bein áhrif maður getur haft á fólk, t.d. á tónleikum. Nú er ég búin að vera á tónleikaferð í tvo mánuði og maður verður að vera til í slaginn og elska það sem maður gerir. Á tónleikum fæ ég tækifæri til að vinna fólk yfir á mitt band án nokkurra milliliða."



KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!
Hér & nú

# Íslenskir tónar kynna




## Svona var...



Glæsileg endurútgáfuröð
á hreint frábæru verði með
vinsælustu lögum hvers árs.

**Nú eru fyrstu 15
titlarnir komnir út.**



Svona var 1952
Svona var 1953
Svona var 1954
Svona var 1955
Svona var 1956
Svona var 1957
Svona var 1958
Svona var 1959
Svona var 1960
Svona var 1961
Svona var 1962
Svona var 1963
Svona var 1964
Svona var 1965
Svona var 1966

...ómissandi í safn unnenda íslenskrar dægurtónlistar.

Íslenskir tónar

BaseCamp

Austurhöfn TR ehf



Húsið í höfn 2009

Tónlistarhús - ráðstefnumiðstöð - hótel

**Sýning á tillögum um byggingu Tónlistarhúss og ráðstefnumiðstöðvar við Austurhöfnina í Reykjavík ásamt skipulagi aðliggjandi svæða stendur yfir í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu til 5. október 2005.**

*Sýningin er opin frá kl. 11-17 alla daga og er aðgangur ókeypis að öllum sýningum í húsinu af þessu tilefni.*

*Bókasalurinn - gamli lestrarsalurinn á 2. hæð:*

**Vinningstillaga Portus Group**

*Þátttakendur:*
Landsafl hf., Nýsir hf. og Íslenskir aðalverktakar hf.

*Arkitektar:*
HLT, Henning Larsens Tegnestue A/S, Batteríið ehf.

*Listræn hönnun:*
Ólafur Elíasson

*Listræn ráðgjöf:*
Vladimir Ashkenazy

*Hönnunarstjórn:*
Batteríið ehf., HLT og Rambøll Danmark A/S

*Ráðgjöf:*
Verkfræðistofurnar Hnit hf. og Hönnun hf.

*Stýriverktaki:*
Íslenskir aðalverktakar hf.

*Tónlistarstofa og Stofa Hins íslenska bókmenntafélags á 3. hæð:*

**Fasteign/Klasi**

*Þátttakendur:*
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. og Klasi hf.

*Arkitektar:*
Schmidt, Hammer & Lassen K/S, Teiknistofa Halldórs Guðmundssonar, Bernard Engle & Planners og Arrowsreet

*Verkfræðiráðgjöf:*
Línuhönnun hf. og VSÓ Ráðgjöf ehf.

*Sérstök ráðgjöf um rekstur tónlistar- og ráðstefnuhúss:*
Karsten Witt og Howard Raynor

*Stýriverktaki:*
Ístak/Pihl & Søn A/S

*Stofa í kjallara:*

**Viðhöfn**

*Þátttakendur:*
Sparisjóðabanki Íslands, Festing ehf., Eykt ehf. og Höfðaborg ehf.

*Arkitektar:*
Ateliers Jean Nouvel

*Tæknilegur ráðgjafi:*
Ove Arup Partnership Ltd.

*Verkefnisstjóri:*
Hjörleifur Stefánsson arkitekt

*Stýriverktaki:*
Eykt ehf.

ATHYGLI


## GÖTURNAR Í LÍFI MÍNU > SNÆFRÍÐ ÞORSTEINS




# Húsgögnin fengin á næsta götuhorni

> Snæfríð Þorsteins hönnuður

**Sunnuvegur: 1968-1974**

Fyrstu árin eru afar gloppótt í minningunni, en síðar koma stopular minningar um trítl fram og til baka eftir götunni. Fyrst í leikskólann með mörgum stoppum til að tína upp fallega steina. Síðar í Langholtsskólann með jafn stuttar vinkonur mér við hlið. Nokkur hrekkjusvín á ferli og vinkona sem varð samstundis óvinkona er hún henti steinum framan í mig. Nokkrar byltur við að ná valdi á hjólreiðum, síðar hjólað fram og til baka eftir götunni með stolti, löngu áður en nokkrum datt í hug að hefta frjálsa lokkana við slíka iðju eða koma þeirri hugmynd að í kollinum á mér að nokkur annar ætti götur borgarinnar en ég sjálf. Í minningunni er lítið um grátóna í veðurfarinu. Sólin ýmist glottandi kát á himnum eða kafaldsbylur með snjó sem náði upp að mjöðmum, en fæturnir voru heldur styttri þá en þeir eru í dag.

**Laugarásvegur: 1974-1989**

Flutt eins skammt og unnt var, skáhallt upp í næstu götu. Laugardalurinn var enn skemmtilega óskipulagður reitur í miðju borgarinnar með tveimur starfandi sveitabýlum sem voru uppspretta ýmissa könnunar- og ævintýraferða. Sterkbyggðir karlar lyftu lóðum í skúr nálægt þvottalaugunum en í skjóli grasagarðsins földu sig perverskt þenkjandi karlmenn sem dunduðu sér við að hrella ungar stúlknasálir sem áttu leið þar um. Talsvert öflugur krakkaflokkur var í hverfinu. Stundum flaut ég með í hópi eldri krakka. Átti erfitt með að haupa jafn hratt og skildi ekki alltaf orðbragðið. Var þó yfirleitt í hópi jafnaldra fyrir tíma sjónvarpsgláps, í endalausum útileikjum og ófáum ævintýrum. Menntaskólaárin liðu jafnframt á Laugarásveginum, en sjónum þá fremur beint í aðrar áttir en að grænu umhverfinu, byggingum eða útileikjum.

**Rue Urbain V, Montpellier: 1988-1989**

Lítil, þröng og kræklótt gata í hjarta Montpellier þar sem okkur æskuvinkonunum tókst að verða okkur úti um íbúð á bjagaðri frönsku. Húsið var ævafornt. Framhlið sem féll að þéttri götumyndinni, en að baki voldugra dyra tók við húsgarður sem hentaði einkar vel til aperitif-drykkju í skjóli fyrir sól og ytri heimi. Mætir menn á borð við löngu liðinn páfa, Urbain V, og Paul Valery sem háskóli borgarinnar er nefndur eftir, höfðu búið í húsinu og göfugir draugar voru á sveimi innandyra. Gatan var óhagstæð fyrir farartæki nútímans, sem gerði mannlífið þeim mun skemmtilegra. Við annan enda húsgarðsins bjó falleg en fordekruð ungmey sem talaði frönskuna með yfirstéttarlegum blæ og hefði sómt sér vel í franskri kvikmynd eftirstríðsáranna. Við hinn endann bjó eldri kona, feitlagin, alúðleg en heldur lítið fyrir sturtu gefin. Hún var ávallt hin hlýjasta heima fyrir, en vann þess á milli fyrir sér með lírukassa á götum borgarinnar og heilsaði þá aldrei né sýndi þess nokkur merki að hún bæri á okkur kennsl.

**Rue Dutot, París: 1989-1993**

Flutti mig til höfuðborgarinnar og fór í kröfuharðara nám. Fyrrum íbúð í suðrinu hafði verið leigð með innanstokksmunum en í París tók við tímabil þar sem helstu húsgögnum var kippt upp af götunni frá eigendum sem ekki þurftu þeirra lengur við. Plankar úr hverfisbúðinni skreyttir púðum voru lengi vel sófasett íbúðarinnar. Forláta borð sem fannst á gangstéttarbrún með símanúmeri fyrrum eiganda var lengstum borðstofu- og lærdómsborðið, en aðrar nauðsynjar bættust smátt og smátt við. Talsvert vinnuálag var í skólanum, mikið lært og andvökunæturnar, á milli þess sem menning og mannlíf stórborgarinnar seytlaði um æðarnar. Franskan varð liprari og stundum gott að geta horfið í gefandi mannhafið.

**Boulevard Richard Lenoir, París: 1993-1994**

Bastilluhverfið, sem var í örri þróun á þessum tíma. Enn var þar að finna mörg lítil verkstæði, hrörleg hús og leifar af eldri tíma, en hverfið var dottið í tísku með tilheyrandi uppbyggingu, nýjum kaffihúsum, matsölustöðum og verslunum. Turnspíra og minnsta íbúð sem ég hef búið í um dagana. Lyftan þröng og iðulega biluð en turnspíran góða skagaði upp úr umhverfinu. Hún var þeim kostum búin að hafa þrjár svalir með útsýni yfir borgina þvera og endilanga án þess að nokkuð skyggði þar á. Af svölunum fylgdist ég með lífi tveggja utangarðsmanna sem áttu sitt heimili á bekk fyrir neðan. Þeir sváfu berskjaldaðir á góðum dögum, en pökkuðu sér inn í pappakassa og dagblöð þegar kalt var í veðri. Sá jafnframt beint niður í garð hústökufólks sem tekið hafði ónýtta vöruskemmu og gert sér þar undraveröld í kommúnustíl. Undi þar glatt við sitt innan um alls kyns furðuverk þar til lögreglan mætti og skipaði því út. Gönguleið mín frá heimili í skóla var í gegnum „mýrarnar“ sem er eitt af mínum uppáhaldshverfum í borginni enn þann dag í dag. Fullt af litlum galleríum, sérhæfðum búðum og skemmtilegum stöðum sem láta lítið yfir sér utan frá séð.

**Rue Dutot, París 1994-1998**

Flutti aftur í mína fyrri götu og nágrannarnir voru í vandræðum með hvort mig bæri að kalla mademoiselle eða madame eftir að ég eignaðist barn. Varð þar með að eftirlæti eldra fólks sem var óspart á heilræðin, athyglina og hjálpsemina. Ungbörn sjaldséðari þar en á götum Reykjavíkurborgar. Gaman að vera ungur og með lítið barn í París. Stórborgir eru oft mannlegri og hlýrri en virðist við fyrstu sýn. Fór að venja komur mínar meira en áður í garða borgarinnar þar sem hefðin býður foreldrum að sitja á bekkjum í skjóli trjánna á meðan börnin leika sér í þar til gerðum tækjum. Íslendingarnir flestir flognir á heimaslóðir og ég ekki lengur í verndarkúlu námsáranna heldur komin í hringiðu vinnumarkaðarins, á leið í og úr vinnu á sama tíma og allar hinar milljónirnar.

**Skólavörðustígur: 1998-2000**

Mín fyrsta íbúð í Reykjavík fjarri foreldrahúsum. Bjó enn á ný hátt uppi og án lyftu, en útsýnið yfir Esjuna og sundin blá bætti upp hinar fjölmörgu ferðir upp og niður stigana með poka og pinkla. Hallgrímskirkjan, sem ég hafði aldrei veitt sérstaka athygli, varð skyndilega mín uppáhaldsbygging og það var gaman að enduruppgötva Reykjavík og gott að búa í húsi Klöru. Eignaðist minn fyrsta bíl hérlendis og varð samstundis að uppáhaldsfórnarlambi stöðumælavarðanna.

**Miðstræti: 2000-**

Ein af notalegri götum Þingholtanna. Húsin reisuleg, garðarnir grónir og götumyndin heilsteypt. Einstefnugata og einstefnugötur allt í kring. Yfirleitt fátt sem minnir á að maður sé staddur í miðborginni annað en vitundin um að lífsmark og mannlíf sé að finna í nærliggjandi götum. Stundum svolítill þorpsbragur og undarlega oft sem sömu einstaklingarnir verða á vegi manns. Man að mér fannst heyrast hátt í fuglunum á Tjörninni þegar ég flutti inn, en er löngu hætt að taka eftir því. Fann hve gott var að sofa í timburhúsi fyrstu næturnar, en er líka hætt að taka eftir því. Húsið verður aldargamalt á næsta ári og sennilega við hæfi að halda því veislu af því tilefni. Árin hafa gert mig forvitnari um sögu og sál og gaman væri að forvitnast við tækifæri um líf þeirra er bjuggu hér á undan mér.

# Helgarsprengja

## Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.




**3.999**
**á mán. í 12 mán.**
**fullt verð 47.988-**

DeLonghi

**Mjög vönduð hágæða alsjálfvirk espressó kaffivél sem mylur baunir og flóar mjólk.**

- Fullkomin 1,8l espressó kaffivél með kaffikvörn
- Malar kaffibaunir og býr til kaffið
- Tekur líka malað kaffi
- Hægt að stilla hve fín mölunin er
- Býr til gufu bæði til að flóa mjólk og fyrir heita drykki eins og te
- Cappucino System - Blandar saman gufu, lofti og mjólk fyrir frábært cappucino

**DeLonghi er ítalskt merki sem býr að langri hefð í framleiðslu vandaðra kaffivéla. DeLongh sameinar mikil gæði og sígilda ítalska hönnun.**

**"Veldu hágæða sjálfvirka espressó kaffivél sem er traust og einföld í notkun - Veldu DeLonghi Magnifica"**



**9.990**

**Ideline örbylgjuofn**
Vandaður stál örbylgjuofn 17 lítra,800w.
Grill með combi möguleika, digital skjár.
Einfaldur en fullkominn.



**9.990**
**fullt verð 12.990-**

**Exido espressóvél**
15bar espressóvél, 1000w 1,5l með 2 stál filterum, úr burstuðu stáli. Frábær kaup.



**9.990**
**fullt verð 12.990-**

**Philips kaffikanna**
Kaffivél sem sýður vatnið.



**3.990**

**Exido brauðrist**
Brauðrist úr stáli fyrir 2 brauðsneiðar.



**2.990**

**Exido samlokugrill**
Einfalt samlokugrill úr stáli fyrir 2 brauðsneiðar.



**15.990**

**Kenwood matvinnsluvél**
Vönduð 1000w matvinnsluvél með mörgum möguleikum, blandara og aukahlutum.



**2.990**

**Exido kaffikanna**
850w 1,5l kaffivél með dropastoppara.



**3.990**
**fullt verð 5.990-**

**Exido blandari**
Vinsæli stálblandarinn með glerkönnu.
- mylur ís eins og ekkert sé. 450w með 2 hraðastillingum og púls möguleika.



**3.990**

**Exido eldhúsvog**
Góð eldhúsvog úr stáli.

Gildir til 29. september eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer **800 6680**
sími **568 2255**
HAGKAUPA

# Hjarta þjóðarinnar

Það var á árið 1881 að íslenskir iðnaðarmenn luku við byggingu Alþingishússins við Austurvöll, eftir teikningu Ferndinands Meldahl, sem þá var konunglegur arkitekt Kaupmannahafnar. Síðan tók tæknin við; rafmagn, hitaveita, snúrur og lagnir. Öllu klastrað saman, hverju ofan á annað, í virðulegasta húsi landsins. Í dag er þinghúsið aftur prýtt sínum upprunalega glæsileika og Íslendingum öllum boðið í innlit. ***Þórdís Lilja Gunnarsdóttir*** tók hús á **Sigurði Einarssyni** arkitekt í tilefni dagsins, en hann á veg og vanda af endurbótunum.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**SIGURÐUR EINARSSON ARKITEKT OG HÖNNUNARSTJÓRI Á ENDURBÓTUM ALÞINGISHÚSSINS** Hefur eytt síðustu þremur sumrum í Alþingi Íslendinga við að fylgja hugmyndum hins konunglega danska arkitekts Ferndinands Meldahl eftir, en sá var með allt aðrar hugmyndir um útlit þingheims þegar hann teiknaði Alþingishúsið 1879, en viðgengist hafa þar innandyra síðustu áratugina. Íslendingum er boðið til Alþingishússins í dag til að skoða gjörbreytt þinghús.

Síðustu þrjú sumur, í þinghléum, hefur Sigurður Einarsson arkitekt á Batteríinu haldið verndarhendi yfir endurbótum á Alþingishúsinu, sem byrjuðu árið 2002 á nýtískulegum skála sem byggður var við gamla húsið. Í dag er innanhússframkvæmdum lokið og þinghúsið komið í þann búning sem meistari Meldahl ætlaði því 1881.

„Ástand hússins var vægast sagt orðið skelfilegt,“ segir Sigurður, sem þurft hefur að fara í einu og öllu eftir upprunalegu sköpunarverki Meldahls við endurbæturnar, enda Alþingishúsið alfriðað.

„Alþingishúsið þarf ávallt að vera búið nýjustu tækni en húsið var orðið stokkfullt af svokölluðum draugalögnum því um leið og nýtt kerfi var tekið í notkun var skorið á það gamla, það látið liggja og ofan á það lagt nýtt. Þannig var ástatt með allar rafmagns- og pípulagnir; óþarfa veggir voru komnir í húsið og engin brú í neinu lengur. Menn vissu nánast ekki hvað var í gildi og hvað ekki. Þetta var algjör katastrófa; bara sminkað yfir og reynt að fela vinnubrögðin, og þannig verða menn samdauna ástandinu og segja það hluta af gamla tímanum, sem er vitaskuld af og frá, enda voru menn í gamla daga með olíulampa og án alls rafmagns og hita í þessu húsi,“ segir Sigurður og brosir út í annað.

### Hundrað ára endurbætur

Þegar Alþingi Íslendinga var endurreist 1845 tóku menn ákvörðum um að reisa þinginu veglegt hús. Byrjað var á byggingu þess í mars 1880 og þar haldið sumarþing í júlí 1881.

„Í húsinu er ein elsta steypa í Reykjavík; léleg að gæðum og moldargólf undir þannig að steypan dregur stöðugt upp í sig raka. Af þeim sökum var útilokað að setja parket eða viðarþiljur á gólfin nú, svo við þurftum að brjóta upp steypuna, moka út og steypa nýtt gólf vegna bleytu á fyrstu hæðinni. Það var ekki þorandi annað, enda er húsið nú gert upp til næstu hundrað ára,“ segir Sigurður sem lofar mjög byggingu og handbragð hússins.

„Allar steinhleðslur, stálburðarvirki, gólf og viður í húsinu eru tipp topp. Það eina sem við höfum gert er að skræla úr veggi, lagnir, rör og drasl, ásamt því að rífa öll teppi af, en húsið var mikið teppalagt vegna lélegrar hljóðvistar. Teppi eru ekki í nokkru samræmi við það hvernig húsið var upprunalega hugsað. Reyndar var settur linoleum-gólfdúkur á jarðhæðina í upphafi en menn höfðu farið fram úr fjárhagsáætlun á þeim tíma og búið að skrúfa fyrir peningaflæði. Mig grunar því að Ferndinand Meldahl hafi ætlað að gera þetta meira grand en hann þurfti að enda með, en parket og flísalögn á jarðhæðinni er samtíma húsinu, sem og öll hönnun og stíll,“ segir Sigurður sem hefur ekki síst þurft að leysa af hendi tæknilegar útfærslur Alþingishússins, aðallega með því að fela hana auga mannsins.

„Húsið er smekkfullt af tækni, en maður sér hana ekki. Þannig höfum við fléttað saman nútímatækni við stíl Ferndinands Meldahl og gefið húsinu hátíðlegri blæ, með því að fara í smiðju þess meistara, skoða hvað hann var að gera og gera eins.“

### Litadýrðin ekkert flipp

Eitt þekktasta verk Ferndinands Meldahl er Marmarakirkjan í Kaupmannahöfn, en stærð hennar, glæsileiki og hvolfþak blasa við frá Amalienborg og dönsku óperunni. Sigurður er með teikningar Meldahls í höndum en segir að við margt annað sé að styðjast.

„Maður þekkir handbragð hans og getur víða séð glöggt hvernig hann vann. Við færum húsið algjörlega í upprunalegt horf og öll litasamsetning er í beinum tengslum við það sem við fundum undir öllum málningarlögunum sem búið var að mála síðan, en þannig fórum við inn í innstu lög og mældum upp liti sem við notum nú aftur. Eini liturinn sem ætíð hefur verið í notkun er sá blái í þingsalnum, en annað í húsinu hefur verið málað grátt og hvítt áratugum saman,“ segir Sigurður og fullyrðir að það litaval hafi ekki verið í anda hins konunglega arkitekts.

„Að vísu voru loftin hvít en menn notuðu mikið sterka liti á þessum árum. Fyrir tilviljun kom þannig í ljós að Framsóknarherbergið er grænt og Sjálfstæðisherbergið blátt, og nú geta menn séð Alþingishúsið í brúnum, köldum bláum, rauðum og sinnepsgulum litum,“ segir Sigurður, ánægður með verkið.

„Ferndinand Meldahl vann sem múrari við byggingu Thorvaldsensafnsins í Kaupmannahöfn áður en hann varð arkitekt, þar sem þessi litagleði var allsráðandi. Þar er greinilegt hvaðan áhrifin eru fengin, en þetta er klassík og ekkert flipp; bara ítarlega ígrunduð litaflóra og Alþingishúsið mun virðulegra í litadýrðinni.“



### Hús með góðan anda

Á árunum þremur sem endurbæturnar hafa tekið hefur Sigurður tekið ástfóstri við Alþingishúsið.

„Það er nú varla til virðulegra verkefni, enda húsið toppurinn á klassíkinni hérlendis og mikið tímamótaverk í íslenskri byggingarlist, því árið 1881 voru hér nánast bara kofar. Húsið er því langvirðulegasta og öflugasta hús þess tíma, auk þess að vera hjarta þjóðarinnar og ég því reynt að halda utan um það af meiri varkárni en mitt eigið,“ segir hann brosandi.

„Þetta hefur verið spennandi verkefni og með trega sem því lýkur. Húsið er virkilega notalegt, með góðum anda. Það stenst vel tímans tönn, þótt þingsalurinn sé skelfilega lítill fyrir 63 þingmenn og varla boðleg vinnuaðstaða í dag. En menn lifa við þetta út af virðuleikanum og þeim hátíðleika sem það býr við. Byggingalist þarf að segja sögu hvers tíma fyrir sig og því ekki í lagi að afrita og gera eins og í gamla daga til þess eins að stækka húsið, en það má tala við steina hússins með öðrum steinum og réttum hlutföllum, sem ég tel réttu leiðina,“ segir Sigurður sem sér fram á spennandi verkefni framundan: verðlaunastykkin álverið í Reyðarfirði og tónlistar-og ráðstefnuhús Portushópsins, en Sigurður er hönnunarstjóri þeirrar glæstu hallar sem á dögunum fékk 9,8 í einkunn. Því mætti halda að hátindi sé náð og víst að Sigurður hefur nóg að gera.

„En það er síst kominn tími til að setjast í helgan stein. Þetta er svo gaman. Ég bara verð að halda áfram,“ segir hann hlæjandi í virðulegu þinghúsi þjóðarinnar. ■





**BRIM** Þessu leikverki Jóns Atla Jónassonar í uppsetningu Vesturports var boðið á Golden Mask Festival í Moskvu þar sem sjálfur Vladimír Pútín mun afhenda verðlaunin.

# Vesturport til Rússlands

Leikfélagið Vesturport er á leiðinni til Moskvu með uppsetningu sína á leikritinu Brim. Hópnum var boðið á Golden Mask Festival sem er heimsþekkt og mjög virt leikhúskeppni. Leikritið verður sýnt dómurum á sunnudagskvöld en úrslitin verða kynnt í næstu viku.

Vladimír Pútín, forseti Rússlands, mun síðan afhenda verðlaunin á hátíðinni. Með aðalhlutverk í Brim fara þau Gísli Örn Garðarsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Björn Hlynur Haraldsson og Ólafur E. Egilsson en leikstjóri sýningarinnar er Hafliði Arngrímsson. Það var Jón Atli Jónasson sem skrifaði verkið sérstaklega fyrir leikhópinn. ■



**SODERBERGH** Leikstjórinn á að baki myndir á borð við Traffic. Hann vill sjá gjörbyltingu á útgáfustarfsemi kvikmynda. Meðal þess sem hann vill sjá er að DVD-diskar með myndunum verði aðgengilegir um leið og kvikmyndir eru frumsýndar.

# Markaðurinn úr sér genginn

Leikstjóranum Steven Soderbergh finnst kvikmyndaiðnaðurinn í Bandaríkjunum vera úr takti við tímann. Nýjasta kvikmynd hans, Bubble, verður frumsýnd samtímis í sjónvarpi og kvikmyndahúsum auk þess að koma út á DVD. Kvikmyndin skartar engum stórleikurum í aðalhlutverkum en það hefur verið eitt aðaleinkennismerki Soderberghs. „Það verður að endurskipuleggja allt útgáfuferlið,“ sagði leikstjórinn í viðtali við kvikmyndavefinn www.imdb.com. ■



**SUGABABES** Hafna þrálátum orðrómi um að sveitin sé að leggja upp laupana.

# Sugababes ekki að hætta

Stelpurnar í hljómsveitinni Sugababes eru reiðar yfir orðrómi um að þær séu að hætta. Stelpurnar, sem eru að gefa frá sér sína fjórðu plötu í næsta mánuði, eru yfir sig hissa á því að fólk skuli halda að þær séu að hætta. „Ég skil ekki af hverju fólk er að segja að við séum að hætta,“ segir söngkonan Heidi Range. „Jafnvel þegar við vorum í hljóðverinu að taka upp nýjustu plötuna okkar var fólk að tala um að við værum að búa til plötu með okkar bestu lögum og að þetta yrði okkar síðasta plata.“ ■

# Þéttur sunnudagspakki hjá RÚV

Sunnudagskvöld hjá Ríkissjónvarpinu eru að fá á sig góða mynd. Eins og greint hefur verið frá verður ný íslensk leikin gamanþáttaröð, Kallakaffi, tekin til sýninga á sunnudagskvöld. Hilmar Oddsson leikstýrir en Guðmundur Ólafsson skrifar handritið. Í aðalhlutverkum eru þau Valdimar Flygering og Rósa Guðný Þórsdóttir.

Annað sem Ríkissjónvarpið ætlar að brydda upp á er að sunnudagsmyndir þess verða framvegis verðlaunamyndir frá ýmsum heimshornum og tímum. Má þar nefna brasílísku verðlaunamyndina Cidade de Deus. Hún vakti gríðarlega mikla athygli á sínum tíma og kom leikstjóra myndarinnar, Fernando Meirelles, á framfæri í Hollywood þar sem hann hefur nýlokið við myndina The Constant Gardener með Ralph Fiennes.

Meðal annarra mynda má nefna Room to Rent sem er bresk gamanmynd um innflytjendur sem beita öllum ráðum til að framlengja dvöl sína á Englandi. Juliette Lewis leikur eitt aðalhlutverkanna en hún er einmitt væntanleg hingað til lands með hljómsveitinni sinni The Licks á Airwaves-hátíðina. Þá verður franska verðlaunamyndin Une femme est une femme eftir Jean – Luc Godard á dagskrá. Ísraelska verðlaunamyndin Kadosh verður svo sýnd í lok október en hún fjallar um tvær systur sem þurfa að kljást við strangtrúaða gyðinga í Jerúsalem. ■



**CITY OF GOD** Þessi brasilíska verðlaunamynd sló í gegn á sínum tíma og sópaði til sín verðlaunum.





## Garðar í metabækurnar

... Garðar Gunnlaugsson getur náð einstökum árangri í sögu bikarkeppninnar skori hann fyrir Valsmenn í bikarúrslitaleiknum í dag. Garðar getur orðið fyrsti leikmaðurinn til að skora í öllum fimm umferðum bikarsins en lið í efstu deild hafa komið inn í 32 liða úrslitin síðan 1994. Garðar hefur skorað átta bikarmörk í fjórum leikjum í ár.

**sport**

sport@frettabladid.is

TONY PULIS: STOKE RAK HANN Í SUMAR EN NÚ ÞJÁLFAR HANN BJARNA GUÐJÓNS HJÁ PLYMOUTH

# *Bjarni verður í byrjunarliði hans í dag*



Bjarni Guðjónsson og samherjar hans í Plymouth fengu nýjan knattspyrnustjóra í gær þegar Tony Pulis tók við stjórnartaumunum. Pulis var rekinn frá Íslendingaliðinu Stoke City í sumar þrátt fyrir að ná ágætum árangri þau þrjú ár sem hann stýrði liðinu en íslensku fjárfestarnir voru ekki sáttur við hvernig Pulis meðhöndlaði íslensku leikmennina hjá Stoke, eins og t.d. Þórð Guðjónsson.

„Þegar ég heyrði þau þrjú nöfn sem voru fyrst uppi á borði, Tony Pulis, Peter Reed og John Gregory, að þá leist mér mátulega á blikuna því ég giskaði á að tveir af þremur yrðu ekki hliðhollir mér,“ sagði Bjarni Guðjónsson við Fréttablaðið í gær strax eftir fyrstu æfinguna hjá Pulis. En Bjarni fékk óvæntar fréttir því hann er í byrjunarliði Plymouth í dag sem sækir Southampton heim á St. Mary's Stadium.

„Ég get ekki annað en verið ánægður með það. Ég spila á hægri kantinum. Ég hef ekki spilað síðustu þrjá leiki eftir að Bobby Williamson var rekinn. Nú er það bara undir sjálfum mér komið að spila vel til að halda sætinu í liðinu,“ segir Bjarni.

Þórður bróður hans var úti í kuldanum hjá Stoke. Bjarni segir að það hafi verið pólitík sem réði því hjá Stoke á sínum tíma. „Pulis á erfitt með að fá leikmenn til Plymouth og verður að treysta á þennan leikmannahóp sem hann er með. Kannski getur hann fengið einhverja að láni. Ég á ekki von á því að við spilum mikinn sóknarbolta. Lið sem Pulis tekur að sér falla ekki, eru vel skipulögð og spila góðan varnarleik. Pulis er ánægður með 0-0. Ég var að koma af æfingu og þetta leit ágætlega út en leikurinn gegn Southampton verður gríðarlega erfiður,“ sagði Bjarni.

### > Við vonum að ...



... kveðjuleikur Erlu Hendriksdóttir fyrir íslenska landsliðið endi á góðu nótunum og að íslenska kvennalandsliðið nái að fylgja eftir frábærum úrslitum í Svíþjóð á dögunum. Íslensku stelpurnar eiga tækifæri á að setja mikla pressu á sænska landliðið vinni þær í Tékklandi í dag.

### > Við höfum augun á ...



.... Framaranum Bo Henriksen í bikarúrslitaleiknum í dag en hann skoraði bæði mörkin í 2–1 sigri Fram á Val í deildarleik liðanna á dögunum eftir að Valsmönnum töldu sig ekki hafa not fyrir hann í sumar. Bo hefur skorað þrjú mörk í tveimur bikarleikjum sínum í ár, tvö fyrir Val og eitt fyrir Fram og er því til alls líklegur.



**SIGURBJÖRN HREIÐARSSON** Eftir dapurt gengi í síðustu umferðum Landsbankadeildarinnar ætla Valsmenn að sýna mátt sinn gegn Fram í dag.

Sigurbjörn Örn Hreiðarsson:

## Valsmenn ætla sér bikarinn

**FÓTBOLTI** Fyrirliði Vals, Sigurbjörn Hreiðarsson, á von á miklum baráttuleik en segir Valsmenn vera staðráðna í því að vinna bikarinn.

„Við erum búnir að bíða lengi eftir þessum leik. Það hefur verið mikil keyrsla á æfingum og menn eru tilbúnir að selja sig dýrt til þess að vera í byrjunarliðinu. Biðin eftir leiknum hefur líka aðeins truflað okkur, ég get alveg viðurkennt það, en núna er komið að þessum leik og við verðum að standa okkur. Það eru allir leikmenn heilir og án meiðsla þannig að við eigum að geta stillt upp okkar sterkasta liði. Þetta hefur verið skemmtilegt sumar og það eru ekki allir leikmennirnir í liðinu vanir svona velgengni. En nú verðum við að enda tímabilið á því að vinna bikarinn.“ **- mh**



**ÞÓRHALLUR DAN JÓHANNSSON** Þórhallur Dan segir bikarúrslitaleikinn vera kærkomið tækifæri fyrir Fram.

Þórhallur Dan Jóhannsson:

## Mikilvægt að enda mótið vel

**FÓTBOLTI** Þórhallur Dan Jóhannsson, fyrirliði Fram, ætlar sér að verða bikarmeistari í dag og telur að fall í 1. deildina muni ekki trufla leikmenn neitt.

„Okkur leikmönnum hefur gengið ágætlega að vinna okkur út úr vonbrigðunum sem fylgdu því að falla í 1. deild. Það þýðir ekki að svekkja sig of mikið á þessu því sama hvað maður er sorgmæddur breytir það því ekki að við féllum um deild. Þetta áfall getur vel snúist upp í jákvæðan kraft sem hjálpar okkur í úrslitaleiknum. Ég hef reynt að espa menn upp á æfingum og það hefur held ég gengið vel. Það yrði mikil lyftistöng fyrir félagið að komast í Evrópukeppni og það er að sjálfsögðu okkar markmið að vinna leikinn og enda tímabilið vel.“

**- mh**

# Barist um bikarinn í dag

**Reykjavíkurliðin Fram og Valur mætast í dag í úrslitaleik VISA-bikarkeppninnar. Viðureignir liðanna í Landsbankadeildinni í sumar voru eftirminnilegar.**

**FÓTBOLTI** Það má búast við miklum baráttuleik í dag þegar Fram og Valur mætast í úrslitaleik VISA-bikarkeppninnar. Ólafur Kristjánsson, þjálfari Fram, hefur þurft að beita öllum ráðum til þess að fá sína leikmenn til þess að einbeita sér að leiknum eftir að hafa fallið í 1.deild um síðustu helgi.

„Við hittumst strax á sunnudeginum eftir leikinn gegn FH og sleiktum sárin saman. Eftir æfingu á mánudaginn voru skýr skilaboð til hópsins að leggja Íslandsmótið til hliðar. Öll orka okkar hefur því farið í að hugsa um þennan leik og það er ögrandi verkefni fyrir okkur að vinna bikarinn og það er okkar markmið að sjálfsögðu að verða bikarmeistarar.“

Töluverðar deilur urðu í sumar þegar Daninn Bo Henriksen, sem kom til Fram frá Val, skoraði tvö mörk í 2-1 sigri Fram á Val en forráðamenn Vals héldu því fram að gert hefði verið heiðursmannasamkomulag um að Bo myndi ekki leika gegn Val. Ólafur er sannfærður um að það sé búið að leysa farsællega úr þeim deilum. „Forráðamenn félaganna hafa leyst þetta mál farsællega. Ég einbeiti mér fyrst og fremst að því að mæta til leiks með einbeittan hóp leikmanna sem staðráðnir eru í því að vinna þennan titil.“



**FYRIRLIÐARNIR KLJÁST UM BIKARINN** Þórhallur Dan Jóhannsson, fyrirliði Fram, og Sigurbjörn Hreiðarsson, fyrirliði Vals, bregða hér á leik á Laugardalsvelli og togast á um bikarinn eftirsótta sem keppt verður um í dag.

### Öllum markmiðum náð

Valsmenn komu upp úr 1. deildinni og enduðu í 2. sæti í Landsbankadeildinni eftir að hafa haldið í við FH framan af móti. Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, segir þennan árangur ekki hjálpa til þegar komið er í úrslitaleikinn. „Það er mikil tilhlökkun í hópnum. Það er stórkostlegt að vera kominn alla leið í úrslitaleikinn og nú er það undir okkur komið að vinna titil fyrir félagið. Það er aðeins tvennt sem kemur til greina í úrslitaleik eins og þessum. Annaðhvort verða mikil vonbrigði eða tóm hamingja. Vonandi skilar góður undirbúningur hamingjusömum endi á þessum leik.“

Willum er ánægður með hvernig sumarið hefur gengið og segist vera búinn að ná þeim markmiðum sem sett voru fyrir mót. „Fyrsta markmið var að tryggja tilverurétt okkar í efstu deild. Síðan settum við okkur markmið að vera í toppbaráttunni í Landsbankadeildinni og nú er Valur komið í Evrópukeppni. Þannig að öllum markmiðum hefur verið náð. Nú verðum við bara ljúka að sumrinu með bikarmeistaratitli.“

**magnush@frettabladid.is**

Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir Tékkum í undankeppni HM:

# Sigur tryggir stöðuna á toppnum

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu mætir í dag Tékklandi í undankeppni heimsmeistaramótsins sem fer fram í Kína árið 2007. Ísland er í efsta sæti síns riðils eins og staðan er nú og á ágæta möguleika á því að komast í lokakeppnina ef vel gengur í leikjunum sem eftir eru.

Eftir óvænt jafntefli gegn sterku liði Svíþjóðar þarf íslenska liðið helst að vinna alla leikina sem eftir eru í riðlinum þar sem sænska liðið er ekki líklegt til þess að tapa stigum í leikjunum sem eftir eru í riðlakeppninni.

**BYRJUNARLIÐIÐ:**

| |
|---|
| **Þóra B. Helgadóttir** |
| Guðlaug Jónsdóttir |
| **Guðrún Sóley Gunnarsdóttir** |
| Erla Hendriksdóttir |
| **Ólína Guðbjörg Viðarsdóttir** |
| Dóra María Lárusdóttir |
| **Edda Garðarsdóttir** |
| Laufey Ólafsdóttir |
| **Dóra Stefánsdóttir** |
| Margrét Lára Viðarsdóttir |
| **Ásthildur Helgadóttir** |

Jörundur Áki Sveinsson þjálfari á von á erfiðum leik þar sem tékkneska liðið hefur náð ágætum úrslitum að undanförnu.

„Tékkland er með gott lið sem erfitt verður að leika gegn ef við höldum ekki einbeitingu frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu. Við munum leggja leikinn upp með svipuðum hætti og við gerðum gegn Svíum en þá lágum við aftarlega á vellinum og sóttum svo hratt þegar færi gafst. Ég reikna með því að við reynum að byrja leikinn af miklum krafti og helst ná inn marki á fyrstu mínútunum til þess að auðvelda fyrir okkur. Það er mikill hugur í öllum stelpunum og þær munu selja sig dýrt, það er alveg á hreinu.“

Erla Hendriksdóttir mun spila sinn síðasta landsleik gegn Tékklandi en hún er næstleikjahæsta landsliðskonan frá upphafi, með 54 leiki. Ásthildur Helgadóttir, fyrirliði íslenska landsliðsins, er leikjahæsti leikmaður Íslands frá upphafi en hún hefur spilað 60 leiki fyrir Íslands hönd. **- mh**



**ÁSTHILDUR HELGADÓTTIR** Ásthildur verður í eldlínunni með íslenska liðinu í dag en hún hefur spilað frábærlega með Malmö FF í sænsku úrvalsdeildinni og er þar í hópi markahæstu leikmanna.

## ÚR SPORTINU

Íslenska landsliðið í knattspyrnu kvenna lenti í vandræðum í Tékklandi í gær en farangur hópsins varð eftir í Kaupmannahöfn og þurfti því að fella niður aðra æfinguna sem átti að vera í gærmorgun. Farangur barst síðan til liðsins seinnipartinn og náði íslenska landsliðið því aðeins að æfa einu sinni í Tékklandi fyrir landsleikinn sem fram fer í dag. Stelpurnar óku frá Kaupmannahöfn til Vínar og þaðan til Kravare, þar sem leikurinn fer fram í dag. Ísland er efst í riðlinum en Svíþjóð, sem er helsti keppinautur Íslands í riðlinum, mætir liði Hvít-Rússa.



**Gary Neville**, varnarmaður Manchester United og enska landsliðsins, verður frá keppni vegna meiðsla í tæpa tvo mánuði til viðbótar en hann fór í aðgerð í gær vegna meiðsla í nára. **Neville** meiddist fyrir fjórum vikum en nú er komið í ljós að meiðslin eru alvarlegri en þau litu út fyrir að vera í upphafi. **Alex Ferguson**, knattspyrnustjóri Manchester United, segir slæmt að missa **Gary Neville** lengur í meiðsli. „Nú reynir á hópinn. Ég er ánægður með að hann er farinn í aðgerð því þessi meiðsli hafa verið að angra hann í langan tíma. Og það er betra fyrir félagið og hann sjálfan að það sé búið eyða vafanum sem einkennt hefur læknisskoðanirnar sem **Gary** hefur farið í.“ Mikið hefur verið um meiðsli hjá Manchester að undanförnu og þá sérstaklega í vörninni þar sem **Gabriel Heinze** verður líklega ekkert meira með liðinu næsta hálfa árið.



**Patrick Vieira** hefur áhyggjur af gangi mála hjá Arsenal en hann fór frá félaginu í sumar og gekk til liðs við ítalska félagið Juventus. „Ég veit að **Thierry Henry** er ekki ánægður með hvernig staðið er að málum hjá Arsenal núna. Það vantar meiri metnað og peninga til þess að kaupa leikmenn.“ Henry hefur ekki enn skrifað undir samning við Arsenal en hann á eitt ár eftir af núverandi samningi og er talið að hann muni ekki skrifa undir nema að nokkrir sterkir leikmenn verðir keyptir til félagsins. **Arsene Wenger**, knattspyrnustjóri Arsenal, hefur hins vegar engar áhyggjur af því að **Henry** yfirgefi Arsenal. „Það er alltaf hægt að hafa áhyggjur í fótbolta. En ég hef alltaf reynt að einbeita mér að framtíðinni. Það hefur reynst mér best hingað til og ég ætla mér ekki að breyta því. **Henry** er leikmaður Arsenal og verður það örugglega áfram.“






**Aðgangseyrir 1200 kr. ef greitt er með VISA-kreditkorti**
Fullt verð fyrir 17 ára og eldri 1500 kr.
Fyrir 11–16 ára 500 kr.
Frítt fyrir 10 ára og yngri.

KSÍ

VISA BIKARINN
VISA styður íslenska boltann

Allir vilja leggja Bayern:

# 10.000 lítrar af bjór í boði

**FÓTBOLTI** Þýskt bjórfyrirtæki hefur heitið stuðningsmönnum þess liðs sem fyrst leggur Þýskalandsmeistara Bayern München að velli í þýsku úrvalsdeildinni alls 10.000 lítrum af bjór. Fyrir hverja umferð án taps hjá Bayern hér eftir bætast við 1.000 lítrar af bjór!

Bayern München hefur unnið fyrstu sex leikina í röð á leiktíðinni og alls 15 leiki í röð sé tekið mið af síðustu umferðum síðustu leiktíðar. „Þetta er til gamans gert. Við höfum ekkert á móti Bayern,“ sagði Dietmar Henle, fulltrúi bjórfyrirtækisins Bitburger sem stendur fyrir áheitinu. ■

Það er nóg að gerast í handboltanum um helgina. Jóhannes Bjarnason, fyrrverandi þjálfari KA, spáir í spilin:

# Afturelding verður spútniklið vetrarins

**HANDBOLTI** Þrír leikir fara fram í karlaflokki og einn í kvennaflokki í DHL-deildinni í dag. Fréttablaðið fékk Jóhannes Bjarnason, yfirþjálfara yngri flokka KA, til þess að spá í leikina.

**Þór – Stjarnan**

„Ég varð undrandi þegar ég sá spána fyrir deildina, en lítil trú var á Þór. Ég held að Þór muni standa sig vel í vetur. Að auki vann Þór Stjörnuna á dögunum þannig að ég spái góðum sigri hjá Þór.“

**HK-ÍBV**

„HK þarf nauðsynlega að vinna leikinn og gerir það held ég. Það verður örugglega frekar einkennilegt fyrir strákana sem fóru frá HK til ÍBV að spila þennan leik. Bæði lið byrjuðu leiktíðina illa og þurfa því að vinna en ég reikna með því að HK vinni.“

**Afturelding-Selfoss**

„Afturelding mun vinna stóran sigur á Selfossliðinu. Ég hef mikla trú á Aftureldingu og er viss um að liðið mun koma liða mest á óvart í vetur. Ég var ósáttur við hugarfar leikmanna hjá Aftureldingu í fyrra þegar illa gekk hjá liðinu. Ég man þegar ég stýrði KA á síðasta tímabili þá spiluðum við skelfilega á móti þeim í Mosfellsbænum en unnum samt, bara vegna þess að Afturelding gekk ekki á lagið. En núna virðist vera annar bragur á liðinu og ég er viss um að þessir efnilegu strákar gera það gott í vetur. Einn allra efnilegasti leikmaður landsins er í liði Aftureldingar, Ernir Hrafn Arnarson, og hann á eftir að skora mikið í vetur.“

**Stjarnan-KA/Þór í DHL-deild kvenna**

„Ég hef mikla trú á stelpunum í KA/Þór. Þær eru efnilegar og munu bæta sig mikið í vetur. En ég held þó að Stjarnan sé með of sterkt lið fyrir þær að þessu sinni. Stjörnuliðið er sterkt og verður í toppbaráttunni í vetur.“ **- mh**



**GUÐMUNDUR HRAFNKELSSON** Guðmundur Hrafnkelsson á eflaust eftir að reynast Aftureldingarliðinu vel í vetur enda reynslumesti markvörður landsins.


Ráðstefna á Grand Hótel miðvikudaginn 28. september 2005

Hreinn ávinningur

CONTROL 28-09-05

Hvað er á umhverfisstarfi fyrirtækja að græða?

**Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands, Umhverfisfræðsluráð og Samtök iðnaðarins efna til ráðstefnu á Grand Hótel, miðvikudaginn 28. september. Þar verður fjallað um hreinan ávinning fyrirtækja af umhverfisstarfi.**

Dagskráin hefst kl. 8:30 en að henni lokinni er gestum boðið í hádegisverð.

**Dagskrá:**

08:30 **Opnunarávarp**
Ari Edwald, framkvæmdastjóri SA

08:40 **Umhverfisstjórnun**
Kynning á umhverfisstjórnkerfum sem fyrirtæki á Íslandi vinna eftir.
- Stefán Gíslason, Umís
- Ólafur Stolzenwald, Hjá GuðjónÓ
- Guðrún Þóra Magnúsdóttir, Alcan
- Guðrún Bergmann, Ferðaþjónustan Hellnum

09:40 Kaffihlé

10:00 **Umhverfisstarf í fyrirtækjum**
Þýðing umhverfisstarfs fyrir ímynd fyrirtækja og menningu, almenna starfsmenn og samkeppnishæfni.
- Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir, Brim
- Guðmundur Pálsson, Tæknival
- Haukur Harðarson, Mímir-símenntun

11:00 **Kostnaður og ágóði af umhverfisstarfi**
Fjárhagslegur ávinningur: Lægri vextir? Hærri tekjur en gjöld?
- Jón Ingimarsson, Íslandsbanki
- Steinn Kárason, Umhverfisfræðsluráði
- Pálmar Sigurðsson, Hópbílar

11:50 **Lokaorð**
Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra

12:00 Hádegisverður fyrir fundargesti

**Ráðstefnustjóri: Katrín Jakobsdóttir**

Tilkynna þarf þátttöku á netfangið skraning@si.is fyrir 26. september næstkomandi. Vinsamlegast tilgreinið nafn þátttakanda, nafn fyrirtækis/stofnunar og kennitölu greiðanda. Ráðstefnugjald eru kr. 5.000 á mann. Nánari upplýsingar veitir Bryndís Skúladóttir hjá SI í síma 591 0100, netfang bryndis@si.is.

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS Umhverfisfræðsluráð ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS SI Samtök iðnaðarins




**ÉG HJÁLPA ÞÉR, KARLINN** Gary Payton spilar við hlið Shaquille O'Neal hjá Miami Heat alveg eins og hjá Los Angeles Lakers fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Gary Payton samdi í gær við Miami Heat:

# Payton ætlar aftur að treysta á hjálp frá Shaq

**KÖRFUBOLTI** Shaquille O'Neal sannfærði Gary Payton aftur um að hann gæti hjálpað honum að vinna sinn fyrsta NBA-titil. Payton skrifaði undir eins árs samning við Miami Heat í gær en O'Neal fékk Payton einnig til að koma til Los Angeles Lakers fyrir tveimur árum. NBA-titillinn kom ekki í hús þá því Lakers tapaði þá í úrslitunum fyrir Detroit Pistons. Shaquille O'Neal hefur nú dottið út fyrir Detroit tvö ár í röð og ef marka má þann mannskap sem er kominn til hans á Flórídaskagann á meistaradraumur hans á þessu tímabili ekki að steyta enn einu sinni á Detroit Pistons.

Payton er að hefja sitt sextánda NBA-tímabil en er enn án hrings og það er ljóst að sá draumur gengur nú fyrir öllu öðru. Eftir að Shaq lét hafa eftir sér að hann væri sá eini í heiminum sem gæti hjálpað Payton að finna NBA-titilinn ákvað Payton að slá til og ganga til liðs við Miami-liðið.

**Mjög samrýndir**

„Við erum mjög samrýndir og það var erfitt að neita honum. Við ætlum að vinna körfuboltaleiki í vetur og passa upp á að egóin trufli okkur ekki við að ná því markmiði. Allir í liðinu hafa einhvern tímann verið stjarna, byrjunarliðsmaður eða í lykilhlutverki hjá sínu liði en nú verðum við að gera okkur grein fyrir að núna snýst þetta um að vinna en ekki hverjir skora stigin,“ sagði Payton en hann hefur skorað 17,6 stig, gefið 7,2 stoðsendingar og stolið 2 boltum að meðaltali í sínum leikmum.

Payton er þriðji yfir flesta stolna bolta í sögu NBA (2.331), sjötti í stoðsendingum (8.508), tólfti í mínútum spiluðum (43.309) og 25. stigahæsti leikmaður sögunnar með 20.829 stig.

**Mikill styrkur**

„Við erum mjög heppnir að geta fengið til okkar leikmann eins og Gary Payton. Hann er reynslubolti og mikill styrkur fyrir liðið,“ sagði forseti Miami Heat, Pat Riley, sem hefur verið að búa til nýtt lið þó að Miami hafi náð bestum árangri allra liða á Austurströndinni í fyrra.

Riley hefur auk Paytons fengið til Miami-liðsins framherjana James Posey og Antonie Walker og leikstjórnandann Jason Williams en þeir komu allir í þréttán leikmanna skiptunum sem fimm lið gerðu á milli sín fyrr í sumar. Í stað þeirra hefur Miami misst Eddie Jones (til Memphis) og Damon Jones (til Cleveland) sem voru báðir í byrjunarliðinu þegar liðið vann 59 leiki í fyrra.

Gary Payton hefur alls leikið 1.315 leiki í NBA og hefur aðeins sex sinnum byrjað á bekknum. Það verður samt hlutverk hans í vetur.

„Ég ætla að reyna að hjálpa Jason eins mikið og ég get. Hann hefur aldrei haft mann eins og mig til að stýra sér og ég ætla að reyna að byggja hann upp,“ sagði Payton um Jason Williams, sem verður væntanlega byrjunarliðsmaður í leikstjórnandahlutverkinu. Payton hefur tvisvar komist í NBA-úrslitin, tapaði fyrir Chicago Bulls með Seattle árið 1996 og svo aftur fyrir Detroit Pistons með LA Lakers árið 2003.

**ooj@frettabladid.is**

# STÖNDUM SAMAN!

## Íþróttadagur fjölskyldunnar og bikarúrslit 2005

Í tilefni af bikarúrslitaleik FRAM og Vals og til kynningar á fjölbreyttu og skemmtilegu vetrarstarfi deilda félagsins efna FRAMarar til íþróttaveislu fyrir alla fjölskylduna. Stöndum saman og fylkjum liði bak við FRAM á þessum stóra degi.

### Íþróttahátíð á félagssvæði FRAM frá 11 til 13:

* Íþróttaskóli fyrir 3-6 ára börn
* Taekwondo-menn sýna listir sínar
* Handboltaþrautir
* Knattspyrnuleikir milli krakka og foreldra
* Ný viðbygging við íþróttahúsið til sýnis í fyrsta sinn
* Kaffi, gos og grillaðar pylsur
* Andlitsmálun, leiktæki og óvæntar uppákomur
* Skrúðganga á Laugardalsvöll kl. 13:15
* Nánari dagskrá á www.fram.is

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

21 22 23 **24** 25 26 27

### Laugardagur

**LEIKIR**

- 14.00 **Valur** og **Fram** mætast í úrslitaleik VISA-bikarkeppninnar á Laugardalsvelli.
- 15.00 **Þór** og **Stjarnan** mætast í Íþróttahöllinni á Akureyri í DHL-deild karla í handbolta.
- 15.00 **HK** og **ÍBV** eigast við í íþróttahúsinu í Digranesi í DHL-deild karla í handbolta.
- 16.00 **Fjölnir** og **ÍR** mætast í Reykjavíkurmótinu í körfubolta í íþróttahúsinu í Rimaskóla.
- 16.15 **Afturelding** og **Selfoss** mætast í Íþróttahúsinu að Varmá í Mosfellsbæ í DHL-deild karla.
- 16.15 **Stjarnan** tekur á móti **KA/Þór** í Ásgarði í Garðabæ DHL-deild kvenna í handbolta

**SJÓNVARP**

- 09.00 **Forsetabikarinn í golfi** á Sýn.
- 13.00 **A1 kappaksturinn** á Sýn.
- 13.50 **Bikarkeppnin í fótbolta** á RÚV. Úrslitaleikur Vals og Fram í VISA-bikarkeppni karla í beinni útsendingu.
- 14.50 **Forsetabikarinn í golfi** á Sýn.
- 15.50 **Formúla 1** á RÚV.



- 22.00 **Spænski boltinn** á Sýn. Leikur Real Betis og Barcelona.
- 23.40 **Hnefaleikar** á Sýn. Fernando Vargas og J. Castillejo berjast.

# Nýtt kappakstursæði

**A1 Grand Prix, heimsbikarmótaröð í kappakstri, hefur göngu sína um helgina. Í 12 keppna mótaröð keppa 25 þjóðir um heimsbikartitil.**



**GLÆSIBÍLAR** Bílarnir í A1 eru einstaklega glæsilegir.

**AKSTURSÍÞRÓTTIR** A1 Grand Prix, eða heimsbikarmót í kappakstri, hefur göngu sína um helgina en þetta er ný 12 keppna mótaröð samþykkt af Alþjóða akstursíþróttasambandinu (FIA) og er hugsuð sem viðbót við Formúlu 1 kappaksturinn. Í þessari nýju mótaröð fá unnendur kappaksturs allt það sem þeir hafa saknað úr öðrum mótaröðum og verður hún í beinni útsendingu á Sýn í vetur.

Hér er um landsliðakeppni að ræða og allir keppendur eru á eins bílum sem gerir kappaksturinn mjög spennandi. Þekktir kappar á borð við knattspyrnumennina Ronaldo og Luis Figo keyptu sig inn í kappakstursilð sinna landa og þá hefur Nelson Mandela verið bakhjarl fyrir lið Suður-Afríku. Tímataka verður á laugardag og aðalkeppnin á sunnudag og er hún tvískipt. Alls hafa 25 lönd skráð lið sín til keppni og fær landið stigin en ekki ökumaðurinn.

Stofnandi, forseti og framkvæmdastjóri A1 Grand Prix er Sheikh Maktoum frá Sameinuðu arabísku furstadæmunum, 28 ára forfallinn kappakstursáhugamaður og meðlimur konungafjölskyldunnar sem veit ekki aura sinna tal. Undirbúningur fyrir A1 hefur nú staðið á þriðja ár. Bílarnir eru allir smíðaðir hjá Lola en vélarnar koma frá Zytek.

**Innspýting og allir á eins bíl**

„Hugmyndin er að heimsbikarmótið sé sniðið að þörfum kappakstursáhugafólks en þjóni ekki bara duttlungum markaðsaflanna. Þess vegna er þetta keppni 25 þjóða, aðgöngumiðar eru á viðráðanlegu verði, allir bílarnir eru eins og með innspýtingatakka og stigakerfið er einfalt,“ segir Maktoum.

Bílunum svipar til Formúlu 1 en eru hannaðir til þess að auðvelda framúrakstur og innspýtingatakki bætir 30 hestöflum við 520 hestafla vélarnar. Ökumennirnir verða hins vegar að fara sparlega með innspýtinguna því þak er á notkun hennar.

Margir þekktir ökuþórar eru á meðal keppenda eins og Jos Verstapen, Petro Lamy, Scott Speed og Mathias Lauda sem er sonur hins eina og sanna Niki Lauda. Liðsstjórar eru einnig kunnir kappakstursmenn eins og Niki Lauda, John Surtees, Keke Rosberg o.fl.

Fjórar tímatökur verða í dag, laugardag og fá öll keppnislöndin eina tilraun í hverri tímatöku. Tveir bestu tímarnir verða notaðir til að raða á ráslínu. Aðalkeppnin er á morgun, sunnudag og er hún tvískipt. Annars vegar er sprettkeppni með fljúgandi starti. Eknir eru 80 km eða að hámarki í 30 mínútur. Svo tekur aðalkeppnin við og fer rásröðin eftir úrslitunum í sprettkeppninni.

Eknir eru 160 km eða að hámarki 60 mínútur. Fyrsta mótið fer fram á Brands Hatch brautinni í Englandi. Keppt er á hálfs mánaðar fresti, m.a. í Þýskalandi, Ástralíu, Dubai, Suður-Afríku, Bandaríkjunum og síðasta keppnin fer fram 26. mars nk. í Kína.

thorsteinngunn@frettabladid.is



**ANDRI VALUR ÍVARSSON** Andri hefur skorað 39 mörk í 78 deildarleikjum með Völsungi.

Völsungur að missa mann:

## Keflvíkingar vilja Andra Val

**FÓTBOLTI** Keflvíkingar eiga nú í viðræðum við Andra Val Ívarsson sem leikið hefur með Völsungi undanfarin ár. Andri hefur verið skæðasti sóknarmaður Völsungs og hefur verið í hópi markahæstu leikmanna 1. deildar síðustu tvö tímabil.

Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, sagðist hafa fylgst lengi með Andra. „Ég hef séð hann spila af og til síðan árið 2000 og veit því hvernig leikmaður hann er. Það er töluvert stökk fyrir leikmenn sem hafa staðið sig vel í 2. og 1. deild að koma í efstu deild en ef menn leggja hart að sér er hægt að ná góðum árangri.“

Ekki hefur verið gengið frá samningum við Andra en hann hefur verið orðaður við nokkur félög að undanförnu. - mh


Mazda 3
fullkominn ferðafélagi



Mazda3 4 dyra 1.6 l



Mazda3 T 5 dyra 1,6 l kostar aðeins
Aukahlutir á mynd: álfelgur
1.720.000 kr.

Mazda er japanskur bíll, framleiddur í Japan sem vermir nú toppsætið samkvæmt stærstu gæðakönnun Evrópu og skarar fram úr hvað varðar endingu og lága bilanatíðni.

Himinn og haf / SÍA

Komdu, reynsluaktu og gerðu verðsamanburð.
Gæðin eru augljós.

Opið frá kl. 12-16 laugardaga

RÆSIR HF
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is

Söluumboð:
Bílás sf., Akranesi - BSA, Akureyri - Betri bílasalan, Selfossi - SG Bílar, Reykjanesbæ



Tilboðin gilda til 28. september
BT
Gerðu góð kaup!
VERÐSTRÍÐ ALLA DAGA!
EÐLISFR
MYNDIR FRÁ ÍTALÍU
LightScribe taekni
Nýjasta undrið í í bransanum. Þú brennir myndir og texta á diskana þína í geisladrifinu!
200 GB diskur
Nóg af plássi. Ómissandi þegar unnið er með stór skjöl s.s. videoskjöl og fleira.
Mediabay
Ekkert snúruvesen, minniskortin fara beint í vélina
ATI skjákort.
ATI Radeon X300 128 MB PCI express skjákort sem tryggir þér góða grafík
17"
HP Pavilion J5
PW733AA#AB
• Intel Pentium 4 515
• 512 MB DDR SDRAM
• 200 GB - Serial ATA-150
• DVD±RW (+R dual layer) LightScribe
• 2nd): DVD-ROM
• ATI RADEON X300 SE - 128 PCIEx
• TV tuner
• Card Reader: 9 in 1
• MS WINDOWS XP HOME SP2
FireWire
DVD R/RW
TV OUT
Klikkað tilboð!
Tölvuleikur
FYLGIR
DVD mynd
FYLGIR
Ljósmyndaprentari
FYLGIR
4.164
4.164* Tölvukaupalán 48 mán.
11.999** Vaxtalaust 12 mán.
143.988 Staðgreitt
LJÓSMYNDAPAPPÍR
invent
Q2519A
HP Premium
Photo paper glossy
1.199
1.999
40% afsláttur
HÁTALARASETT
Logitech
970123-0914
LOGITECH X-230
• Bassabox og 2 hátalarar
• 32RM wött.
5.199
7.999
25% afsláttur
SKJÁKORT
MSI
MSI-6600GT
MSI PCIX 6600GT
128M TV/DVI
14.999
17.999
3000kr. afsláttur
HARÐUR DISKUR
Western Digital
WD2500JB
Western Digital
250GB
7200RPM 8MB
9.999
Rugl verð
PLASMATÆKI OG HEIMABÍÓ
Skerpa 10.000:1
HDTV READY
WIDE SCREEN
42" Plasmasjónvarp
MEDION 42" Plasmasjónvarp
• Mynd í Mynd (PIP)
• Tveir sjónvarpsmóttakarar
• 10.000:1 skerpa
• birta 1000cd/m2
• Textavarp með 2100 síðna minni
• HDTV stuðningur, 720p, 1080i
• HDCP stuðningur
• Innbyggðir víðóma hátalarar
• Vönduð ál yfirbygging
• Styður PAL/NTSC/SECAM
• DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
• 2 EURO SCART tengi
• Composite video tengi (RCA)
• S-Video tengi (MINI DIN)
• Þyngd án stands: 38kg
• Þyngd með standi: 42kg
Líftími 30.000 klst áður en dregur úr gæðum myndar.
Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár
SONY Heimabíókerfi
DAV-SB100
• Magnari 5x50W RMS
• Bassahátalari 80W RMS
• Útvarp FM/AM RDS
• Fjölkerfa
• Spilar SVCD/DVD-R/DVD-RW/JEPG/MP-3
• Dolby Digital, DTS og PLII
• Scart/RGB tengi
Bassa BOX
Ótrúlegt tilboð!
Heimabíókerfi
Fallegur glerstandur!
Fimm hátalarar
10 Fríar ÓDÝRARI DVD MYNDIR með þessu Plasmatilboði!
ÓDÝRARI DVD MYNDIR!
FYLGIR
14.999**
Á MÁNUÐI Í 16 MÁNUÐI VAXTALAUST
239.984 STAÐGREITT
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444








## STUÐ MILLI STRÍÐA | Át steikina með sama laginu

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** ÞURFTI AÐ SÆTTA SIG VIÐ SAMA LAGIÐ.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Fyrir ekki margt löngu sótti ég Dani heim. Þegar flogið er yfir Danmörku er engu líkara en að landið sé pappír á floti, slíkt er flatlendið. Ég fyllist alltaf vorkunn í garð þesssarar fyrrum herraþjóðar okkar. Þeir eiga bara engin fjöll. Aukaatriði. Nú eigum við nefnilega Magasin Du Nord.

Ég var þó ekki á slóðum hinna íslensku skálda og fyllibyttna í Kaupmannahöfn. Lenti á Kastrup og tók lestina til Vejle. Ætlaði að gista í Skjern. Samkvæmt áreiðanlegum tölum voru þar fimm ljósabekkjastofur og tólf hárgreiðslustofur. Minnti mig á bæjarhluta sem ég nefni ekkert frekar vegna hugsanlegrar málsóknar. Ótti minn við að koma heim hvítari eða druslulegri var því óþarfur. Sú hræðsla grípur nefnilega alla íslenska ferðalanga þegar þeir fara út fyrir 200 mílna landhelgina.

Það sem var merkilegast í þessari ferð voru tveir málsverðir á veitingastað í bænum. Fyrra kvöldið tók ég eftir því að sama lagið var spilað aftur og aftur...og aftur. Til þess að vera ekki ókurteis brosti ég bara til þjónustustúlkunnar og þóttist ekki taka eftir þessu. Tveimur dögum síðar var ég mættur aftur og viti menn, sama lagið hljómaði aftur og aftur...og aftur.

Ég tók á mig rögg og spurði þjónustustúlkuna hvort hún gerði sér grein fyrir þessum augljósa meinbugi á annars ágætum stað. Svarið kom sannarlega á óvart. „Þetta er ekki sama lagið, þau eru bara öll rosalega svipuð. Treystu mér, ég hef rannsakað þetta.“ Þrátt fyrir að hafa vitneskju um annað varð ég að sætta mig við þessa útskýringu. Ekki gat ég farið að rífast við stúlkuna. Hún hafði jú lagst yfir þetta. Ég neyddist því til að éta nautasteikina og sannfæra sjálfan mig um að þetta væri ekki sama lagið heldur syngi Andrea Bocelli ótrúlega lík lög.

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### PÚ OG PA

Eftir SÖB




### KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




### BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott




## SUDOKU DAGSINS

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 7 | 6 | 2 | 5 | 3 | 9 | 8 |
| 9 | 3 | 6 | 8 | 4 | 7 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | 5 | 8 | 3 | 9 | 1 | 4 | 6 | 7 |
| 3 | 1 | 4 | 5 | 8 | 9 | 7 | 2 | 6 |
| 5 | 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 4 | 9 |
| 7 | 8 | 9 | 2 | 6 | 4 | 5 | 3 | 1 |
| 8 | 9 | 5 | 4 | 1 | 2 | 6 | 7 | 3 |
| 6 | 2 | 1 | 7 | 3 | 8 | 9 | 5 | 4 |
| 4 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 | 1 | 8 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | 1 | | | 8 | | 4 |
| | | 9 | 2 | | 4 | 7 | 3 | |
| 2 | 5 | | | 7 | | | | 1 |
| | | 6 | 5 | | | | 1 | 8 |
| | 2 | | 6 | | 9 | | 7 | |
| 3 | 7 | | | | 2 | 6 | | |
| 5 | | | | 4 | | | 9 | 7 |
| | 8 | 1 | 9 | | 3 | 5 | | |
| 4 | | 3 | | | 6 | | | |

su|do|ku
© Puzzles by Pappocom

# Pitt og Jolie gifta sig ekki hjá Clooney

George Clooney segir að ef Brad Pitt og Angelina Jolie hafi ætlað að gifta sig í villunni hans á Ítalíu séu það nýjar fréttir, í það minnsta fyrir hann. „Ef það á að halda brúðkaup í mínum húsum væri ég sennilega fyrsti maðurinn til að vita eitthvað um það,“ sagði Clooney í samtali við AP-fréttastofuna. Grásprengdi leikarinn sagðist hafa hitt Jolie einu sinni eða tvisvar og lýsti henni sem elskulegri manneskju.

„Ég ræði ekki einkalíf mitt við fjölmiðla og myndi aldrei ræða einkalíf vina minna,“ sagði Clooney en hann og Pitt hafa verið mestu mátar síðan þeir gerðu Ocean's-myndirnar tvær. Nýjasta mynd hans, Good Night, and Good Luck, er væntanleg í kvikmyndahús á næstunni en hann bæði leikstýrir henni og er annar handritshöfunda.

Helstu slúðurblöð heims hafa verið full af fréttum um hugsanlegt hjónaband Pitts og Jolie. Það hefði þá átt að fara fram í húsnæði Clooneys við vatnið Como á Ítalíu. Þrátt fyrir orðróm um mögulegt hjónaband og fjöldann allan af myndum hafa þau þó aldrei staðfest að þau séu saman.

Fjöldi sjónarvotta hefur sagst hafa séð „Mr & mrs. Smith“-leikarana saman að versla í Edmonton. Starfsstúlka í fataverslun sagði í samtali við sjónvarpsstöð að margir hefðu rifið fram símana til að festa parið á mynd. Annars hefðu flestir hagað sér vel og nokkrir gengið upp að Pitt til að taka í höndina á honum. Leikarinn hefði brugðist vel við og heilsað fólki.

Brad Pitt er um þessar mundir að leika í kvikmyndinni The Assassination of Jesse James by the Coward Robert Ford en tökur fara fram í Kanada. ■



**ANGELINA JOLIE** Hún og Brad Pitt eru sögð vera par. Þau hafa þó hvorugt viljað staðfesta neitt í þeim málum.



**CLOONEY OG PITT** Félagarnir hafa verið miklir mátar síðan þeir kynntust við tökur á Ocean's Eleven. Clooney neitar að tjá sig um einkalíf sitt og vina sinna.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Fyrrum kryddpían **Melanie C**, kennir fyrrum hljómsveitarmeðlimum sínum um slæmt gengi í tónlistarbransanum. Hún segir að misheppnaðar tilraunir **Victoriu Beckham, Geri Halliwell, Emmu Bunton og Melanie B** hafi haft vond áhrif á feril hennar. „Victoria Beckham er alltaf í blöðunum, Melanie B gaf út plötu sem floppaði og Geri Halliwell hefur ekki staðið sig sem best. Það hefur haft vond áhrif á mig því ég tengist þeim.“ Melanie C hefur tekist best af Kryddpíunum að fóta sig í tónlistarbransanum en hefur þó þurft að færa sig úr því að spila á Wembley Stadium með Kryddpíunum til þess að spila frítt í verslunarklasa í Ástralíu fyrir aðeins 80 manns. Melanie C segist hafa meiri áhuga á því að vinna úti í heimi heldur en á Englandi því að þar sé fólk mun opnara og að þar ætli hún sér að vinna.



Chris Martin**, söngvari í *Coldplay*, segist hafa hug á því að taka upp kántrýplötu með konu sinni **Gwyneth Paltrow**. Hann segist vilja búa til kántrýplötu með hiphopáhrifum og vill að Paltrow sjái um bakraddir. Hann vonast einnig til að geta fengið aðstoð hjá sveitasöngvaranum **Garth Brooks** og hiphoplistamanninum **Timbaland**. „Kántrýið liggur í dvala inni í okkur. Það eru tveir hlutir sem við í hljómsveitinni megum ekki leyfa okkur að gera, og það eru kántrý og rapp, aðeins vegna þess hvaðan við erum. Ég held að eina framtíðin í tónlistinni sé ef maður setur saman tvær ólíkustu stefnurnar,“ segir Martin.



Söngkonan **Christina Aguilera** óskaði óvinkonu sinni til margra ára, **Britney Spears** til hamingju með nýfæddan soninn. „Ég veit ekki hvar ég hef verið í einhvern tíma á meðan á meðgöngu hennar stóð en þegar aðstoðarkona mín kom að mér og sagði mér fréttirnar varð það að raunveruleika. Þetta er svo skrítið og ég er ótrúlega ánægð fyrir hennar hönd. Þetta er spennandi tími í hennar lífi og ég óska henni alls hins besta.“ Aguilera segist hafa sent Britney og nýja barninu, gjöf og kort.







FABRIKAN

# LAGERSALA

AÐ ASKALIND 2, KÓPAVOGI (SJÁ KORT)

# ALLT Á AÐ SELJAST!

ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR OG SÝNISHORN ÚR VERSLUN
SELDAR MEÐ 50-80% AFSLÆTTI.
LAGERSÖLUNNI LÝKUR MÁNUDAGINN 26. SEPTEMBER.

OPNUNARTÍMI:
LAUGARDAG KL. 10-16, SUNNUDAG KL.12-16,
MÁNUDAG KL.10-16

TEKK COMPANY

SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

**!** **Kl. 14.00**
*Sigríður Valgeirsdóttir, líffræðingur hjá Nimblegen, flytur fyrirlestur í Háskólabíói um genaflögur, nýja aðferð við að lesa í genamengi mannsins og fleiri lífvera.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Hvorki lítil né hátíðleg

„Við ætlum að syngja mjög skemmtilegt verk eftir Rossini sem heitir Petite messe solonelle," segir Keith Reed, söngvari og kórstjóri. Hann stjórnar kirkjukór Breiðholtskirkju, sem heldur tónleika í dag klukkan 17 þar sem þetta verk verður flutt.
Nafnið á verkinu þýðir lítil hátíðleg messa, en Keith segir að hún sé hvorki lítil né hátíðleg. Hún tekur yfir klukkustund í flutningi og í henni er mikill húmor, eins og búast má við frá óperusmiðnum Rossini.
„Þetta er síðasta kirkjulega verkið sem hann samdi og hann er þekktur fyrir allt öðruvísi tónlist. Þetta er erfitt verk í flutningi en við erum búin að æfa stíft síðan í janúar."
Sjálfur syngur Keith eitt af einsöngshlutverkunum, en aðrir einsöngvarar í verkinu eru Jóhanna Ósk Valsdóttir, Þóra S. Guðmannsdóttir, Tinna Árnadóttir, Inga Backman, Ásta B. Schram og Steinar Matthías Kristinsson. Verkið er samið fyrir kór, píanó og harmonium, og það er Steingrímur Þórhallsson sem leikur á flygil og Ástríður Alda Sigurðardóttir sem leikur á harmonium.



## > Ekki missa af ...

... trúbadorahátíðinni í Neskaupstað, sem nú er haldin í fjórða sinn. Í kvöld koma þar fram þeir **Árni Johnsen, Hjálmar Hjálmarsson, Pjetur St. Arason, Arnar Guðmundsson** og **Hlynur Ben**, en annað kvöld verður **Bubbi Morthens** með tónleika.

... tónleikum ítalska harmonikuleikarans **Renzo Ruggieri**, sem kemur fram á Akureyri í dag og í Salnum í Kópavogi á mánudaginn.

... tónleikum píanóleikaranna **Jóns Sigurðssonar** og **Þórarins Stefánssonar**, sem leika fjórhent á píanó í Ketilhúsinu á Akureyri á morgun.

# Skrapp heim til að syngja

**Finnur Bjarnason tenór og Örn Magnússon píanóleikari halda tónleika í Salnum annað kvöld. Um það bil tvö ár eru síðan Finnur söng síðast hér á landi.**

Býsna langt er síðan Finnur Bjarnason tenór kom síðast fram á tónleikum hér á landi. Tónleikar hans í Salnum í Kópavogi, sem haldnir verða annað kvöld, verða því að teljast nokkur viðburður í íslensku tónlistarlífi.

„Ætli ég hafi ekki sungið hérna síðast Pál Ísólfsson fyrir tveimur árum," segir hann eftir smá umhugsun. „Og þar á undan í Töfraflautunni, held ég."

Annað kvöld kemur fram með honum Örn Magnússon píanóleikari. Þeir hafa unnið töluvert saman áður, einkum að flutningi á lögum eftir Jón Leifs.

Fyrir nokkrum árum kom út geisladiskur með flutningi þeirra á sönglögum Jóns Leifs og nú í sumar fluttu þeir nokkur laga Jóns á Cheltenham-tónlistarhátíðinni í Bretlandi.

„Fólk erlendis er mjög forvitið um Jón Leifs og finnst hann vera spennandi tónskáld. Hann var ástæðan fyrir því að við vorum beðnir um að koma fram á þessari hátíð. Þar fluttum við þessa sömu efnisskrá, og ákváðum þá að endurtaka tónleikana hér á landi við fyrsta tækifæri."

Á tónleikunum flytja þeir nokkur af þekktustu lögum Jóns, en einnig eru á efnisskránni sönglög eftir Tippett, Grieg og Tsjaíkovskí.

Enska tónskáldið Michael Tippett hefði orðið hundrað ára á þessu ári, og hefur þess vegna verið töluvert í sviðsljósinu víða um heim. Þeir Finnur og Örn flytja eftir hann verkið Boyhood's End, sem Finnur segir vera hálfgerða kantötu.

„Þetta fjallar um rithöfundinn W.H. Hudson sem ólst upp í Argentínu. Textinn er úr sjálfsævisögu hans þar sem hann lýsir barnsárum sínum.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**HAFA UNNIÐ MIKIÐ SAMAN** Flytja lög eftir Jón Leifs og fleiri tónskáld í Salnum í Kópavogi.

Hann átti í mjög sérstöku sambandi við náttúruna og óttaðist að missa þessa tengingu þegar hann var á fimmtánda ári."

Finnur er aðeins í stuttu stoppi hér á landi, en segist reyna að komast hingað eins oft og hann getur. Hann er fastráðinn við Komische Oper í Berlín þar sem hann hefur sungið stór hlutverk í mörgum óperum.

„Þess á milli er ég í lausaverkefnum. Þeir hafa verið sveigjanlegir við mig," segir Finnur, sem vonast til þess að geta komið aftur og sungið hér á landi sem fyrst, ef tækifæri býðst. ■


Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!
ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00
**EDITH PIAF**
kvöld lau. 24/9 örfá sæti laus, fim. 29/9 nokkur sæti laus, fös. 30/9 örfá sæti laus, lau. 1/10 örfá sæti laus, fös. 7/10 nokkur sæti laus, lau. 8/10. Sýningum lýkur í október.

STÓRA SVIÐIÐ KL. 14.00
**KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR**
Sun. 25/9 kl.14:00 nokkur sæti laus, sun. 2/10 kl.14:0, sun. 9/10 kl.14:00

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00
**KODDAMAÐURINN**
kvöld lau. 24/9 örfá sæti laus, fös. 30/9 nokkur sæti laus, sun.. 2/10, fim. 6/10, fös. 7/10 nokkur sæti laus, lau. 8/10. Takmarkaður sýningafjöldi.

KORTASALAN STENDUR YFIR TIL 30. SEPTEMBER!
MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00. MIÐASÖLUS MI: 551 1200. S MAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 Í IRKA DAGA.






**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

*STÓRA SVIÐ*

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren*
Su 25/9 kl 14, Lau 1/10 kl. 14, Su 2/10 kl. 14, Su 9/10 kl. 14

**WOYZECK - 5 FORSÝNINGAR Í SEPT.**
Frumsýnt í London 12. okt. og á Íslandi 28. okt. **Miðaverð á forsýningu aðeins kr. 2.000,-**
Fi 29/9 kl 20 **UPPSELT**,
Fö 30/9 kl 20 **UPPSELT**,
Lau 1/10 kl 20 (sýning á ensku)

**HÍBÝLI VINDANNA**
*Örfáar aukasýningar í haust.*
Í kvöld kl. 20, Su 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20, Lau 16/10 kl. 20

**LÍFSINS TRÉ**
Fö 21/10 kl. 20 **FRUMSÝNING UPPSELT**
Lau 22/10 KL. 20, Fi 27/10 kl. 20, Fö 28/10 kl. 20, Lau 29/10 kl. 20, Fö 4/11 kl. 20, Lau 5/11 kl. 20

*NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ*

**FORÐIST OKKUR-NEMENDALEIKHÚS**
Fi 29/9 kl. 20 **FRUMSÝNING.**
Lau 1/10 kl. 20 **UPPSELT,**

**MANNTAFL**
Su 25/9 kl. 20, 2/10 kl. 20, Fö 7/10 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Vegna gríðarlegra vinsælda hefur verið bætt við 6 sýningum Lau 1/10 kl. 16, Lau 1/10 kl. 20 **UPPSELT,** Fi 6/10 kl. 20 **UPPSELT,** Lau 8/10 kl. 16, Su 9/10 kl. 20 **UPPSELT,** Sun 16/10 kl. 20, Su 23/10 kl. 20, Þri 25/10 kl. 20, Lau 29/10 kl. 20, Su 30/10 kl. 20, Má 31/10 kl. 20

**BELGÍSKA KONGÓ**
*Sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar*
Fö 30/9 kl. 20, Lau 1/10 kl. 20

**TVENNU TILBOÐ**
Ef keyptur er miði á Híbýli vindanna og Lífsins tré fæst sérstakur afsláttur

**Sími miðasölu 568 8000**
**midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is
Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðviku-, fimmtu- og föstudaga
12-20 laugardaga og sunnudag



**HIMNARÍKI**
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen

3. sýn fös. 23 kl. 20 UPPSELT
4. sýn lau. 24 kl. 20 Örfá sæti laus
5. sýn fös. 31 kl. 20 Örfá sæti laus
6. sýn lau 1. okt kl. 20 Nokkur sæti laus.

LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is





Tökin hert
THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri: 50% afsláttur af miðaverði í sal

21. okt. kl. 20 - Frumsýning
23. okt. kl. 20 - 2. sýning - 30. okt. kl. 20 - 3. sýning
4. nóv. kl. 20 - 4. sýning - 6. nóv. kl. 20 - 5. sýning
12. nóv. kl. 20 - 6. sýning - Lokasýning

Kynning fyrir sýningar á Tökin hert , 2. - 6. sýning
Kl. 19.15 – Stutt kynning á verkinu og uppsetningu þess.
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400
ÍSLENSKA ÓPERAN





ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF TV
Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á vísir.is

# Syngur klassísk lög

„Þetta er í fyrsta skipti sem ég syng hérna, en ég hef komið hingað oft áður. Þetta er sennilega í tíunda skiptið sem ég kem til Íslands,“ segir Kristín Þuríður Halliday, ung söngkona sem býr úti í Bandaríkjunum en er af íslenskum ættum.

„Ég á íslenska móður en ólst upp í Bandaríkjunum.“

Hún kemur fram á tónleikum í Hafnarborg í Hafnarfirði annað kvöld, þar sem hún syngur lög og aríur eftir Handel, Vivaldi, Schubert, Puccini, Gounod, Obrados og fleiri ásamt sígildri bandarískri tónlist.

Með henni leikur Antonia Hevesi á píanó. Einnig leikur Einar Jóhannesson á klarinettu í Der hirt auf dem felsen eftir Schubert og Peter Tomkins á óbó í Domine Deus úr Gloríu Vivaldis.



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**KRISTÍN ÞURÍÐUR HALLIDAY**
Heldur sína fyrstu tónleika hér á landi annað kvöld.

Kristín er lýrískur sópran og hefur meðal annars numið við Musical Arts í New York og haldið tónleika víðsvegar um Bandaríkin og í Þýskalandi.

Hún segist ekki vita hvenær hún fær næst tækifæri til þess að syngja hér á landi, en vonast til þess að af því geti orðið. ■

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

SEPTEMBER

21 22 23 **24** 25 26 27

**Laugardagur**

### TÓNLEIKAR

- 15.00 Ítalski harmonikuleikarinn **Renzo Ruggieri** fagnar haustkomu ásamt **Eyþóri Gunnarssyni, Róbert Þórhallssyni** og **Erik Qvick** með tónleikum í Deiglunni á Akureyri. Á efnisskrá er djassskotin tónlist úr smiðju Ruggieri sem og þekkt djasslög.
- 17.00 **Kór Breiðholtsskirkju** flytur verkið Petite messe solennelle eftir Gioacchino Rossini. Einsöngvarar í verkinu eru **Jóhann Ósk Valsdóttir, Þóra S. Guðmannsdóttir, Tinna Árnadóttir, Inga Bachman, Ásta B. Schram, Steinar Matthías Kristinsson** og **Keith Reed**, sem jafnframt er stjórnandi kórsins.
- 21.30 **Árni Johnsen, Hjálmar Hjálmarsson, Pjetur St. Arason, Arnar Guðmundsson, Hlynur Ben** og sigurvegari trúbadorakeppni Rásar 2 koma fram í kvöld á Trúbadorahátíð Íslands, sem haldin er í Egilsbúð í Neskaupstað.
- 23.00 **Rætur** og Reggae jam-session á Grand Rokk.

### OPNANIR

- 15.00 **Erna Hafnes** opnar sýningu í Listasetrinu Kirkjuhvoli, Akranesi.
- 16.00 Myndlistarmaðurinn **Bryndís Ragnarsdóttir** opnar einkasýningu í Skaftfelli, Menningarmiðstöð á Seyðisfirði. Sýningin ber titilinn „Ég elska þig, ástin mín“.
- **Kristín Tryggvadóttir** opnar einkasýningu á málverkum sínum á Kaffi Sólon undir yfirskriftinni „Rauður þráður“ og stendur sýningin til 22. október.

### SKEMMTANIR

- Stórdansleikur með hljómsveitinu **Kung Fú** verður í Félagslundi á Reyðarfirði.
- DJ **Jón Gestur** verður í langbesta skapinu sínu og spilar sniildartóna að hætti meistaranna á Café Victor.
- Hljómsveitin **Dans á Rósum** frá Vestmannaeyjum verður með dúndur dansleik á Kringlukránni.
- **Sálin hans Jóns míns** lokar sumartúrnum formlega í Hlégarði í Mosfellsbæ.
- **Jet Black Joe** í Sjallanum, Akureyri.

### ÚTIVIST

- 11.00 **Skógarganga í Heiðmörk** á vegum Skógræktarfélags Reykjavíkur. Mæting við bílastæðið í Vífilstaðahlíð. **Ólafur Erling Ólafsson**, best þekktur sem „Óli finnski“, skógarvörður í Heiðmörk, verður í fararbroddi göngunnar sem verður í Vífilstaðahlíðinni.

### FYRIRLESTRAR

- 14.00 **Sigríður Valgeirsdóttir**, líffræðingur hjá Nimblegen, ræðir um genaflögur, nýja tækni til að lesa genamengið, í fyrirlestraröðinni Undur veraldar, sem haldin er í Háskólabíói í tilefni alþjóðaárs eðlisfræðinnar.

### FUNDIR

- 14.00 **Aðalfundur Sögufélagsins** verður haldinn í húsi félagsins, Fischersundi 3. Að loknum venjulegum aðalfundarstörfum flytur **Bjarni Einarsson** fornleifafræðingur erindið „Bær í Öræfum: Augnabliksmynd árið 1362“.

### SAMKOMUR

- 13.30 Sjónþing verður haldið í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi um feril **Þórdísar Zoëga**, hönnuðar. Stjórnandi er **Tinna Gunnarsdóttir** hönnuður, spyrlar eru **Ólafur Óskar Axelsson** arkitekt og **Ólöf Erla Bjarnadóttir** hönnuður. Einnig verður opnuð yfirlitssýning á verkum Þórdísar.
- 14.00 **Tilfinningatorgið** verður nú haldið á Kaffi Kúltúr, sem er staðsett í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu gegnt Þjóðleikhúsinu. Gómsætar veitingar á boðstólum og **Elísabet Jökulsdóttir** tekur á móti gestum.

### SÝNINGAR

- Nú stendur yfir sýning á vatnslitamyndum eftir **Guðrúnu Ingibjartsdóttur** í Eden, Hveragerði.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.








**Dansnámskeið**

**Þjóðdansafélags Reykjavíkur, Álfabakka 14 A - Mjódd**

**Gömludansanámskeið**
mánudögum kl. 20.30
**Þjóðdansar**
fimmtudögum kl. 20.30
**Opið hús**
miðvikudaginn 28. sept. kl. 20.30

**Allir velkomnir.**

*Allar nánari upplýsingar í síma 587 1616.*










Misstir þú af Híbýlum vindanna?

Örfáar aukasýningar í haust, sú fyrsta laugardaginn 24. september. Sýningin var tilnefnd til Grímuverðlaunanna sem besta leiksýning síðasta leikárs.

Leikgerð Bjarna Jónssonar byggð á vesturfarasögu Böðvars Guðmundssonar, í leikstjórn Þórhildar Þorleifsdóttur.

**Kynntu þér tvennutilboð á Híbýli vindanna og Lífsins tré á www.borgarleikhus.is eða í miðasölu s. 568 8000.**

KB BANKI
– leggur leiklistinni lið

BORGARLEIKHÚSIÐ

**> forvitnilegur ilmur ...**



*Britney Spears sendi nýlega frá sér sitt fyrsta ilmvatn og ber það nafnið Curious. Ilmurinn er blanda af magnólíu, peru, jasmín, vanillu, sandalviði og lótusblómi. Ilmurinn er léttur og frískandi en um leið afar kvenlegur. Glasið er einstaklega sætt og í laginu eins og blár demantur og stærsta glasið er með fallegri pumpu í gamaldags stíl.*

# útlit

**SMEKKURINN** BÓAS KRISTJÁNSSON NEMI Í FATAHÖNNUN VIÐ LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

## *Súperþröngar gallabuxur og „oversized“ peysur*



**Spáir þú mikið í tískuna?** Að mínu mati er tíska afstætt hugtak. Ég fylgist ekkert rosalega mikið með því hvað er trendið fyrir haustið eða nauðsynlegt að kaupa. Ég er meira í því að skoða fólkið úti á götunni og fylgjast með hönnuðum sem ég fíla.
**Uppáhaldshönnuðir eða fatamerki?** Tsubi finnst mér rosalega flott gallabuxnamerki. Svo er ég mjög hrifinn af Filippa K, Yohji Yamamoto og Vivienne Westwood.
**Flottustu litirnir?** Ég er mjög hrifinn af því þegar fólk prófar óvenjulega liti og það gengur upp. Pastellitir finnst mér alveg frábærir.
**Hverju ertu veikastur fyrir?** Ætli það séu ekki form sem eru annaðhvort pínulítið „oversize“ eða „superslim“. Ég er mjög hrifinn af því.
**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?** Ég keypti mér Dunlop-strigaskó á netinu. Ég er reyndar ekki ennþá búinn að fá þá en get ekki beðið.
**Hvað finnst þér flottast í tískunni núna?** Ég er orðinn pínu þreyttur á öllu sem er í gangi núna. Er reyndar rosalega hrifinn af Bernard Vilhelm og Henrik Vibskov. Fíla líka svona þunnar bómullarvörum sem virka eins og þær séu mikið notaðar.
**Hvað ætlar þú að kaupa fyrir veturinn?** Ég ætla að kaupa hlýja hettupeysu. Svo vantar mig reyndar jakka en ég er að spá í að reyna að gera hann sjálfur.
**Uppáhaldsverslun?** Colette í París. Þetta er svona búð þar sem er keypt inn allt það flottasta sem er að gerast í hönnun.
**Hvað eyðir þú miklum peningum í föt á mánuði?** Ég tek rispur. Get farið í gegnum nokkra mánuði án þess að eyða krónu en svo kemur tímabil þar sem ég verður leiður á öllu. Ég reyni að velja mér nokkrar flíkur fyrir hvert „season“ sem mig vantar.
**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Sennilega súperþröngu Filippu K gallabuxnanna minna og „oversized“ Vibskov peysunnar. Ég á líka brúnan klút sem ég geng meira og minna með. Svo gæti ég reyndar heldur ekki verið án playboy-sólgleraugnanna minna.
**Uppáhaldsflík?** Ég á eiginlega enga uppáhaldsflík. Kannski þessar buxur sem ég er búinn að minnast á.
**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Ef ég ætti endalausan pening myndi ég versla í París en hins vegar fann ég allt sem mig gat mögulega langað í í Kaupmannahöfn og fíla þá borg vel.
**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Já, það er húfa sem ég fann í Kolaportinu. Ég keypti hana sérstaklega vegna þess að hún er ljótasta flík í heiminum. Enginn gæti verið með hana á kollinum og jafnframt litið út fyrir að vera með sæmilega geðheilsu.



## MÓÐUR VIKUNNAR

**> HILDA FER YFIR MÁLIN**

## *Kanaríeyjabrún ljósabekkjakynslóð*

Tími sólar og sumars er senn á enda, allavega hjá þeim sem dvelja vetrarlangt á Íslandi. Fyrir um það bil tuttugu árum var sólarleysið ekki vandamál því fólk skellti sér bara í ljós og var Kanaríeyjabrúnt allan ársins hring. Þótt ég hafi ekki verið nema sex eða sjö ára þegar frétti af þessu fyrirbæri fyrst fannst mér þetta góður kostur. Fólk trúði því í alvörunni að það væri meinhollt að liggja nakinn á milli ljósapera og hlusta á útvarpið meðan líkaminn stiknaði. Ég fékk stundum að fara með í ljós og lá þá til fóta eins og fín heimsdama. Heima var líka til þessi fína háfjallasól sem samanstóð af ofvaxinni ljósaperu á fæti og átti maður að koma sér fyrir fyrir framan apparatið og bíða í tólf mínútur. Ég fékk líka stundum að prófa þetta eða alveg þangað til ég brenndist í andlitinu.

Ég get alveg skilið þessa áráttu að langa til að vera brúnn og sætur en það er löngu hætt að vera smartast að vera þeldökkur árið um kring.

Þegar brúnkukremin komu á markað varð ég líka að prófa þau. Eins og fylgir allri tilraunastarfsemi heppnaðist það ekki alltaf jafn vel. Einhvernveginn hljóp þetta allt í kekki og maður vaknaði með gulrótarlitaða fingur og með líkama eins og á sebrahesti. Það er þó hægt að klæða þetta af sér og í slíkum tilfellum koma rúllukragapeysur að góðum notum, en það getur verið pínulítið kjánalegt að vera með vettlinga innandyra.

Í dag er ég löngu hætt að hafa tíma fyrir svona bull og kýs frekar að vera næpuhvít yfir vetrartímann. En ég á þó eitt leynitrikk í handraðanum en fyrirbærið kallast brúnkuklútar. Með því að strjúka létt yfir andlitið og bringu framkallast þetta hraustlega útlit án þess að maður þurfi að hafa áhyggjur af sebrahestinum.

» FASTUR

birta

» PUNKTUR






**BLÓMLEGT** Hálsmen og armbönd sem hægt er að nota sér eða hlaða saman. Blómamynstrin eru sígild og afar rómantísk.



**HAUSTLEGT** Fallegir haustlitir og svartir og brúnir swarovski-kristallarnir minna helst á hrútaberjaklasa.



**SENJORÍTA** Perluhálsmen í örlítið spænskum senjorítustíl. Úr Ethnic-línunni.

# Rómantískir skartgripir

Vetrarlínan frá Pilgrim er komin í búðir og einkennist hún meðal annars af fallegum og haustlegum litum eins og brúnum, svörtum, bláum og grænum í bland við kopar, silfur og gull. Í nýju línunni eru einnig mörg skemmtileg munstur eins og hreindýramunstur, stjörnur, laufblöð, hringir, og fuglar. Ekki er einungis um skartgripi eins og hálsmen, eyrnalokka og armbönd að ræða heldur fást einnig lyklakippur og sólgleraugu í línu Pilgrim. Fyrir þá sem þekkja til ætti að vera augljóst að vetrarlínan passar einstaklega vel við vetrarlínuna í fataheiminum þar sem mikið erum jarðliti og heita liti. Skartgripirnir eru svo oftar en ekki skreyttir steinum í hinum ýmsu litum og augljóst er að margir eiga erfitt með að neita sér um svo fallega gripi, enda svosum engin ástæða til þess.

Pilgrim er danskt fyrirtæki sem var stofnað árið 1983 og hefur eingöngu einbeitt sér að því að framleiða skartgripi. Pilgrim-skart er hannað úr málmblendi sem er húðað með gulli eða silfri og er allt nikkelfrítt. Fyrirtækið framleiðir einnig skartgripi fyrir karlmenn og eru þeir í grófari stíl. Margir hverjir eru skemmtileg blanda af svörtu leðri og silfri.

Hönnuðir skartgripanna hafa sett sér það markmið að vera á undan í skartgripatískunni og sækja áhrif alls staðar að. Pilgrim-skartgripirnir eiga marga aðdáendur enda hönnun þeirra þekkt fyrir rómantískan blæ og oftar en ekki nota hönnuðirnir blómamynstur og áhrif úr plönturíkinu í hönnun sína. Þegar herralínan bættist við varð þó fjölbreytileikinn meiri og ættu nú allir að finna sér skartgripi við hæfi frá Pilgrim.

Skartgripirnir eru oft frekar flóknir í uppbyggingu og passa því helst við einfaldar flíkur og forðast ætti til dæmis að nota stóra og flókna skartgripi við mjög mynstruð föt. Pilgrim-skartgripirnir fást meðal annars í Isis.

**hilda@frettabladid.is**



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**ELDRAUTT** Fallegir rústrauðir steinarnir tóna sérlega vel við gullið. Línan kallast Falling leaves.



**HRING EFTIR HRING** Stórglæsilegt við fallegan og einfaldan kjól þar sem hálsmenið fær að njóta sín. Koparliturinn kemur mjög sterkur inn í vetur.



**HÁLSMEN** Fallegt hálsmen í viktoríönskum stíl úr haustlínunni Circle line.



**HERRASKART** Skartgripirnir eru grófari en þeir sem hugsaðir eru fyrir konur og að miklu úr leðri og silfri.

# Brúnt, grænt & dásamlegt




Brúni liturinn er ekki bara áberandi í fatnaði heldur líka í förðun. Brúnir augnskuggar eru klæðilegir, hvort sem þeir eru út í súkkulaðibrúnt eða gyllt. Brúni liturinn frá Clarins hentar flestum húðtýpum og hægt er að blanda hann saman við fleiri liti. Til að hressa upp á náttúrulega brúna litinn er fallegt að nota blýant í grænum tónum og blanda mjúklega saman við augnskugga. Brúna blýanta má heldur alls ekki vanta í snyrtibudduna en þá er hægt að nota á margvíslega máta. Fallegt er að setja blýantinn í kringum augun og dreifa vel svo línurnar verði ekki of skarpar. Til að stækka augun er smart að setja vanillublýant inn í augnkrókana án þess að það verði of áberandi. Hægt er að leika sér endalaust án þess að hlutirnir verði klúðurslegir. Förðunarfræðingar mæla með því að konur æfi sig á förðunarbrautinni áður en þær fara að sofa á kvöldin. Ef það tekst vel er það lagt á minnið og jafnvel prófað aftur daginn eftir. En ef förðunin verður klúðursleg og ljót er einfaldast að þrífa hana af og byrja upp á nýtt. Það er alltaf viss klassi yfir brúnum varalitum. Frá Bourjois eru margir fallegir litir sem hægt er að nota bæði við dökkan augnfarða og náttúrulegan. Varalitirnir eru mattir en fyrir þær sem eru meira fyrir gloss má bæta smá slummu af því ofan á varalitinn. Hver og ein verður að finna út hvað hentar henni og gott er að hafa það hugfast að það má næstum því framkvæma hvað sem er þegar haustförðunin er annars vegar.




**KAFFI OG RJÓMI** Tveir fyrir einn frá Bourjois.




**SANSERUÐ KATTARAUGU** Málaðu augun með grænum blýanti frá Bourjois.



**SANSERAÐ VARAGLOSS** frá Chanel sem bæði má nota eitt og sér eða yfir brúna varaliti.



**LINDA EVANGELISTA**



**Á TÍSKUVIKUNNI Í NEW YORK** var brúni liturinn áberandi í augnskuggatískunni.



**BRÚNBLEIKUR VARALITUR** fer vel með brúnni augnmálningu. Dökkur varalitur frá Bourjois er dularfullur og smart.



## Frostfrench

Jemina French og Sadie Frost kynntu línu sína fyrir sumarið 2006 á tískuvikunni í London á dögunum. Þessar skvísur eru bestu vinkonur og starfa saman undir nafninu Frostfrench. Hvorug þeirra er menntuð í tískuhönnun og byrjuðu þær fatahönnunarferil sinn á því að taka fimm þúsund punda lán fyrir sinni fyrstu línu árið 1999. Nú er hönnun þeirra alltaf að verða vinsælli og vinsælli og þykir Frostfrench vera eitt svalasta fatamerkið á markaðnum. Nýja línan einkennist af léttum skyrtum, stuttbuxum, stuttum kjólum, úfnu hári og miklum áhrifum frá sjöunda áratugnum.

## Olía og sandur gerir húðina silkimjúka



Þegar þú heimsækir strendur Brasilíu tekurðu strax eftir því í hve góðu formi hver einasta kona er. Það næsta sem þú tekur eftir, er hve ráðagóðar þær eru. Þær bera sólarolíu um allan kroppinn og nudda svo líkamann upp úr sandi til að gera húð sína silkimjúka. Lush hefur nú framleitt Sandsteininn sem er hannaður fyrir þær konur sem ekki búa nálægt strönd. Sandsteinninn lyktar eins og sólarolía og búið er að þekja hann með þykku lagi af náttúrulegum sandi, þannig að við hinar getum líka litið út eins og brasilískar fegurðardrottningar næst þegar við förum á ströndina.

## Baðbomba sem kryddar kynlífið



Ljósfjólubláa brómberja baðbomban frá Lush lyktar eins unaðslega og ferskir ávextir og hentar vel fólki á öllum aldri. Blæbrigði ilmjurtanna í bombunni, kveikja æskuljóma hvers manns á meðan sítrusolían sem streymir um bombuna hefur þann kraft að krydda ástarlífið til muna. Baðbomban hjálpar einnig til við að róa taugar og minnka það stress sem fylgir annasömum dögum. Hver þarf ekki á því að halda?




Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is



# Einfalt, gróft, kaldhæðnislegt og fallegt

Hugleikur Dagsson hefur vakið mikla athygli fyrir einstakar teiknimyndasögur sínar og er nú svo komið að leikrit hefur verið gert eftir teiknimyndum hans auk þess sem þríleikurinn Forðist okkur kemur út í dag. ***Borghildur Gunnarsdóttir*** spjallaði við **Hugleik, Stefán Jónsson** leikstjóra og **Egil Örn Jóhannsson** útgefanda.



**HUGLEIKUR DAGSSON** Í dag kom út þríleikurinn Forðist okkur hjá JPV útgáfu. Bókin inniheldur fyrstu þrjár bækur Hugleiks.

Bókin Forðist okkur inniheldur fyrstu þrjár teiknimyndasögur Hugleiks Dagssonar, Elskið okkur, Drepið okkur og Ríðið okkur. Hugleikur hefur hingað til gefið bækurnar út sjálfur en getur nú hætt allri föndurvinnu því JPV gefur bókina út. Teiknimyndasögurnar eru einfaldar, grófar, einlægar, kaldhæðnislegar, fallegar og ljótar allt í senn en umfram allt afar húmorískar. Hugleiki tekst á ótrúlegan hátt að tjá svipbrigði og tilfinningar í fígúrum sem eru ekki flóknari en Óli prik. Hinn 29. september mun Nemendaleikhúsið í samvinnu við leikhópinn CommonNonsense frumsýna leikrit sem byggt er á þessum sömu þremur sögum og nefnist það einnig Forðist okkur.

### Er rétt að átta mig á þessu

„Ég hef fylgst með allri vinnslu leikritsins og verið viðstaddur æfingar og líst mjög vel á þetta," segir Hugleikur. „Það er merkilegt að þetta sé að gerast og margt í útkomunni er bara töluvert líkt því sem ég hafði hugsað mér í byrjun þó svo að annað sé líka algjörlega ólíkt," segir hann en Hugleikur tekur virkan þátt í leikgerðinni. „Ég skrifaði handritið og hef verið með í gerð leikritsins frá byrjun. Ég tek þátt í ýmislegu í sambandi við útlit leikritsins og teikna teiknimyndir sem verða notaðar í verkinu," segir Hugleikur sáttur við útkomuna.



**STEFÁN JÓNSSON** Hann leikstýrir leikritinu Forðist okkur sem frumsýnt verður þann 29. september.

Bókin Forðist okkur kom út í gær og verður útgáfuteiti haldið í dag í Borgarleikhúsinu. „Ég fékk að skoða bókina um daginn og þetta er akkúrat eins og ég vil hafa þetta, mjög smekklegt og ég er sáttur við þetta allt saman. Það kemur svo önnur bók út fyrir jól sem heitir Bjargið okkur og hún verður með nýju efni. Í opnunarhófinu í Borgarleikhúsinu verður myndlistarsýning þar sem allar myndirnar úr Bjargið okkur verða til sýnis," segir Hugleikur sem þarf nú ekki lengur að ljósrita, klippa og líma bækurnar sjálfur.

Hugleikur segir það ekki hafa hvarflað að sér að úr teiknimyndasögunum yrði til leikrit nokkrum árum síðar. „Mér datt það aldrei í hug og er í rauninni rétt byrjaður að átta mig á þessu sjálfur. Ætli þetta endi ekki þannig að efnið verði notað í bíómynd?"

### Einstakur listamaður

Egill Örn Jóhannsson hjá JPV útgáfu segist hafa heillast af teiknimyndum Hugleiks frá upphafi. „Við höfðum tekið eftir þessum þremur bókum sem eru í þessari bók og fannst þetta frábært efni. Okkur langaði að gefa þessar bækur út í einni bók svo um þríleik væri að ræða. Við fengum Hugleik því til liðs við okkur og bókin Forðist okkur kom út í gær. Svo er reyndar ný bók væntanleg seinna í haust."

Aðspurður hvort hann hafi góða trú á að bókin seljist ágætlega segir Egill: „Hugleikur er náttúrlega einstakur listamaður en sannarlega eru teikningarnar ekki allra. En það sem er svo frábært við Hugleik er húmorinn sem hann nær úr einfaldleikanum. Hann er konungur fimmauranna og ég held að þetta gæti átt upp á pallborðið hjá mörgum. Bækurnar sem hann gaf út sjálfur voru gífurlega eftirsóttar og vonum við innilega að við getum núna sinnt þeirri eftirspurn sem hann átti ekki kost á að mæta sjálfur."

Bækur Hugleiks eru orðnar költ fyrirbæri og fjölmargir myndu fegnir vilja eiga fyrstu bækur hans þrjár innbundnar. „Það er einmitt þannig að þessi tegund bóka erlendis er oft nokkurs konar költ en það spurning hvort það gerist hérlendis. Myndasöguhefðin á Íslandi er ekki svo mikil þannig að maður veit ekki. Ég hef hins vegar fulla trú á þessu verkefni og er sjálfur mikill aðdáandi teiknimyndanna hans Hugleiks."







### Mikill samfélagsspegill

Stefán Jónsson leikstýrir leikritinu Forðist okkur ásamt Ólöfu Ingólfsdóttur og segir hann það ögrandi og skemmtilegt verkefni að vinna leikrit úr þessum efnivið. „Formið sem hann velur sínum hugmyndum er ansi sérstakt og í fyrstu var úr vöndu að ráða að gera þetta með fólki af holdi og blóði. Við völdum ekki einungis að fara í smiðju hans stíls heldur fórum við meira út í teiknimynda- og fantasíuheiminn eins og hann leggur sig.

Hugleikur hefur kitlað margar hláturtaugarnar með teikningum sínum en verður leikritið jafn fyndið? „Ja, ég get að minnsta kosti fullyrt það að ég er ennþá að hlæja og þó er ég búinn að vinna við verkefnið ansi lengi. Þetta er að lifna við í höndunum á þessum mjög svo hæfileikaríka útskriftarhópi leiklistarskólans og ég vona innilega að við séum að gera Hugleiki greiða."

Að sögn Stefáns tekur Hugleikur virkan þátt í sköpun leikverksins. „Hann er algjörlega einn af hópnum og á stóran þátt í útfærslunni. Þó svo að við séum að leita í þetta stóra samhengi teiknimynda og fantasíu þá þurfum við hans með og hans stíll fær líka að njóta sín.

Auk þess erum við einnig að vinna með konseptið dansleikhús og í því er töluverð ögrun. Við erum að vinna með texta sem Hugleikur hafði skrifað og með því að blanda dansleikhúsinu saman við reynum við að kalla fram hreyfinguna."




### Kemur skilaboðum til okkar með húmornum

Þó svo að teiknimyndir Hugleiks séu margar og í flestum tilvikum ótengdar sögur þá verður leikritið ekki þannig uppbyggt. „Við fylgjumst með nokkrum einstaklingum í leikritinu. Þetta verða ekki margar litlar sögur eins og í bókunum. Ég er afar ánægður með útkomuna og í rauninni er þetta mikill samfélagsspegill því Hugleikur er mikill móralisti og í sögum sínum er hann að stinga á kýlum samfélagsins. Hann tekur fyrir hin og þessi samskipti og í sögunum er ýmislegt sem fólk kannast við en er kannski sofandi á verðinum."

Mörgum þykja teiknimyndir Hugleiks vera grófar og segir Stefán að leikritið verði það að vissu leyti líka. „Leikritið er í rauninni talsvert gróft en í raun og veru er hann bara að varpa ljósi á hluti sem eru allt í kring um okkur. Hann setur þetta í afar kómískt samhengi og notar húmorinn til þess að koma skilaboðum til okkar." ■

# Jude og boðorðin sex

Sést hefur til leikkonunnar Siennu Miller með Jude Law á nýjan leik en hún sleit sambandi þeirra eftir að hann hélt framhjá henni. Samkvæmt nýjustu sögusögnum fær hann aðeins að vera með henni svo lengi sem hann lofar að fylgja boðorðum hennar sex. Það sé eina leiðin til þess að samband þeirra muni ganga.

Boðorðin eru eftirfarandi: 1) Aldrei að vera aftur ótrúr. 2) Halda sig í fjarlægð frá fyrrverandi konu sinni, Sadie, og vinum hennar. 3) Að halda rómantík í sambandinu áður en hann biður hana um að giftast sér. 4) Að hætta að missa stjórn á skapi sínu. 5) Að leyfa henni að taka eigin ákvarðanir um feril sinn. 6) Að leyfa henni að hitta vini sína þegar hana langar til.

Það fylgir einnig sögunni að Sienna hafi gert Jude að taka saman lista yfir hverja einustu konu sem hann hefur sofið hjá.



**SIENNA MILLER** Hefur sett flagaranum Jude Law ströng skilyrði.



# Draugagangur hjá Hewitt

Leikkonan Jennifer Love Hewitt segir að draugur hafi gónt á sig í sturtu. Leikkonan segir að gluggagægir hafi farið að gera sér lífið leitt eftir að hún hafði hitt særingamann sem var fenginn til að rannsaka hlutverk hennar í myndinni Ghost Whisperer, en þar leikur hún konu sem hefur samskipti við þá látnu.

Stuttu seinna byrjaði Jennifer að taka eftir furðulegum hlutum á heimili sínu eins og blikkandi ljósum og dularfullum fótsporum. Hræðilegasta upplifun hennar til þessa í draugahúsinu var svo þegar hún sneri sér við í sturtu og sá draugalegan mann sem starði á nakinn líkama hennar. „Draugurinn var skotinn í mér og vildi sjá mig í sturtu," segir hún.

Jennifer er ekki sú eina sem hefur orðið vör við drauga nýverið. Fyrr í vikunni sagði Robin Williams frá því að hann sæi draugahunda.

Hann játaði nýlega að hann tryði því að geimverur myndu bráðum ráðast á jörðina og nú heldur hann því fram að hann sjái anda látinna hunda frekar oft. „Ég hef séð draugahunda, fullt af þeim," sagði leikarinn góðkunni.

**JENNIFER LOVE HEWITT** Sér drauga í öllum hornum en þó aðallega í sturtunni heima hjá sér.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

*The New York Post* segir frá því að fyrirsætan **Paris Hilton** og fyrrum vinkona hennar **Nicole Richie** hafi skapað fremur óþægilegt andrúmsloft í partíi sem haldið var á *Roosevelt*-hótelinu í Hollywood eftir að Emmy-hátíðinni lauk. Paris kom í gleðskapinn ásamt fjölmennum stúlknahópi en þar á meðal voru **Mary Kate Olsen**, **Lindsay Lohan** og **Kimberly Stewart**. Nicole Richie mætti hins vegar á svæðið með leikkonunni úr sjónvarpsþættinum OC, **Mishu Barton**, og fleirum. Hóparnir tveir héldu sig í hvor í sínu horni staðarins og þótti anda köldu á milli. Aumingja Lindsay Lohan sat því í súpunni en hún er bæði vinkona Parisar og Nicole. Sögusagnir herma að hún hafi eytt lunganum úr kvöldinu í að skoppa á milli hópanna tveggja eins og borðtenniskúla.



Söngstjarnan **Shirley Bassey** er bálvond eftir að hún komst að því að rapparinn **Kanye West** notaði rödd hennar úr laginu *Diamonds Are Forever*, í lagi sínu *Diamonds From Sierra Leone*. Söngkonan, sem er 68 ára að aldri, segist íhuga lögsókn þar sem West hafi notað viðlagið úr *James Bond*-laginu í leyfisleysi. „Ég vissi ekkert um það að hann myndi gefa þetta út," segir Bassey. „Hann bað mig aldrei um leyfi til þess að fá að nota rödd mína í laginu. Allt í einu heyri ég það bara á tónleikum hans. Útgáfufyrirtækið hans hafði heldur aldrei samband við mig, sem var illa gert." Hún sagði enn fremur. „Þetta er mál sem ég vil skoða betur því hann fór illa að mér. Hann skuldar mér peninga og þarf að borga, hvernig sem hann ætlar að fara að því."
























# Moss biðst formlega afsökunnar

Toppurinn á tilveru enskra og bandarískra slúðurblaða eru hrakfarir ofurfyrirsætunnar Kate Moss en hún gengur núna undir nafninu „Kókaín-Kata“. Á fimmtudaginn bað hún vini, ættingja og samstarfsmenn afsökunar á framferði sínu undanfarið. Hin 31 árs fyrirsæta var nýlega mynduð af The Daily Mail þar sem hún virtist vera að nota kókaín í upptökuveri kærasta síns, Pete Doherty.

Moss sagði við vini sína að hún ætlaði að taka sjálfa sig föstum tökum. Í yfirlýsingu frá Storm Models, umboðsskrifstofu hennar, segir að Moss taki fulla ábyrgð á gjörðum sínum. „Ég viðurkenni að það er margt í mínu persónulega lífi sem þarfnast lausnar. Ég hef hafið það ferli núna,“ er meðal þess sem kemur fram.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Moss lendir í útistöðum við bresku blöðin hvað varðar neyslu ólöglegra fíkniefna. Í júlí vann hún mál gegn Sunday Mirror en blaðið birti grein þess efnis að hún hefði „koksað“ á of stórum skammti eiturlyfja. Atvikið átti að hafa gerst í Barcelona árið 2001.

Sem betur fer fyrir fyrirsætuna hefur ekki allt snúist gegn á henni. H&M, Chanel og Burberrry hafa þegar tilkynnt að fyrirtækin muni ekki starfa með henni, í bili að minnsta kosti. Hins vegar ætlar Coty Beauty, sem er með Rimmel-keðjuna, að standa þétt við bakið á Moss í ljósi iðrunar hennar.

Bresku blöðin hafa farið offari gegn fyrirsætunni og sagt hana hafa stundað stóðlífi með ýmsum þekktum persónum úr skemmtanalífinu. Þá hefur Daily Mirror sagt hana háða krakk-kókaíni. Scotland Yard er komið í mál Moss og segir sir Ian Blair hjá lögreglunni að Moss verði ekki undanskilin rannsókn. Nafn Moss á því eftir að vera mikið í umræðunni í heimi hinna ríku og frægu á næstunni. ■



**MOSS OG DOHERTY** Ef eitthvað má marka yfirlýsingu Moss sem hún gaf út á fimmtudaginn þá verður að teljast líklegt að dagar hennar og Petes Doherty séu taldir.



**DENNIS QUAID** Er ekki minni maður en aðrar Hollywood-stjörnur. Hann ætlar að fresta tökum á nýjustu mynd sinni til þess að geta tekið upp í New Orleans

# Quaid styður við New Orleans

Dennis Quaid sagði á miðvikudaginn að hann hefði í hyggju að fresta fyrirhuguðum tökum á nýjustu mynd sinni, Shame on You. Þetta vildi leikarinn gera til að geta tekið upp í New Orleans eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

New Orleans fór mjög illa út úr hamförunum af völdum fellibylsins Katrínu og bíður borgarinnar mikil uppbygging. Stjörnurnar í Hollywood hafa verið duglegar að láta fé af hendi rakna og standa fyrir styrktarsamkomu.

Quaid sagði við lögreglustjóra borgarinnar, Eddie Compass, að hann vildi koma í janúar og gera myndina. Sagði þetta vera einmitt það sem borgin þarfnaðist. ■

HÁDEGISBÍÓ — HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI — 3 BÍÓ — 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI



ÁLFABAKKI

| | | |
|---|---|---|
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 3.30-6-8-10.30 | B.I. 14 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 1.30-4.45-8-10.30 | |
| VALIANT enskt tal | KL. 2-4-6-8-10.10 | |
| VALIANT ísl. tal | KL. 2-4-6 | |
| SKY HIGH | KL. 1.30-6-8.15 | |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 1.30-3.45-6-8.15-10.30 | |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 8.30-10.30 | B.I. 14 |
| THE DUKES OF HAZZARD | KL. 10.30 | |
| RACING STRIPES ísl. tal | KL. 1.40-3.50 | |

KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| VALIANT ísl. tal | KL. 6 |
| DEUCE BIGALOW: EUROPEAN GIGALO | KL. 8-10 |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 1.45-6 |
| SKY HIGH | KL. 4 |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 8.10-10.10 |

AKUREYRI

| | |
|---|---|
| VALIANT ísl. tal | KL. 2-4-6 |
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 8-10 |
| SKY HIGH | KL. 12-6 |
| THE CAVE | KL. 10 |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 2-4-8 |
| RACING STRIPES ísl. tal | KL. 12 |

KRINGLAN

| | | |
|---|---|---|
| THE CAVE | KL. 8.15-10.30 | B.I. 16 |
| VALIANT ísl. tal | KL. 12-2-4-6 | |
| CHARLIE & THE CHO.. | KL. 12-2.15-4.30-6.45-8.20-10.40 | |
| SKY HIGH | KL. 12-2.05-4.10-6.15 | |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 9-11 | B.I. 14 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| THE 40 YEAR OLD VIRGIN | KL. 5.45-8.10-10.30 | B.I. 14 ára |
| VALIANT ísl. tal | KL. 3-5 | |
| THE CAVE | KL. 8-10 | B.I. 16 ára |
| CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY | KL. 3-5.40-8-10.20 | |
| STRÁKARNIR OKKAR | KL. 4-6-8-10 | B.I. 14 ára |
| THE DUKES OF HAZZARD | KL. 5.50-8-10.05 | |
| RACING STRIPES ísl. tal | KL. 3 | |

Háskólabíó

ÁLFABAKKI 587 8900 — KRINGLAN 588 0800 — AKUREYRI 461 4666 — KEFLAVÍK 421 1170




**KENNY CHESNEY** Er að jafna sig á skilnaðinum við Reneé Zellwegger.

# Kenny Chesney er að jafna sig

„Ég hef það ágætt, mér líður sæmilega. Mér hefur að vísu liðið betur, en ég á eftir að ná mér," sagði sveitasöngvarinn Kenny Chesney í viðtali við tímaritið Country Weekly. Hann skildi nýverið við eiginkonu sína Renee Zellwegger, en þau giftu sig í maí á þessu ári.

„Ég var að gera svo marga stóra hluti á þessu ári," segir Chesney. „Ég fór á stærsta tónleikatúr ævi minnar, ég þurfti að klára plötu sem var mér mjög mikilvæg og auðvitað hafði ég líka fundið eitthvað nýtt í mínu persónulega lífi sem ég var líka að reyna að einbeita mér að. Það endaði á því að verða mér um megn." Chesney sem er virtur sveitasöngvari sagði ennfremur. „Ég er þreyttur núna en ég verð spenntur að byrja aftur á nýjum verkefnum á næsta ári og þá verður það tónlistin sem á huga minn allan." ■

# Beanie Sigel fer fyrir rétt

Rapparinn Beanie Sigel fór fyrir rétt í Fíladelfíu á miðvikudaginn til að verjast ásökunum um að hann hafi átt þátt í morðtilraun í skotárás sem átti sér stað árið 2003. Beanie Sigel, sem heitir réttu nafni Dwight Grant, var látinn laus úr fangelsi í New Jersey eftir að hafa eytt tæpu ári á bak við lás og slá vegna annars máls.

Siegel er ákærður fyrir að hafa skotið á Terrance Speller margsinnis fyrir utan nektarbúllu í Fíladelfíu í júlí árið 2003. Lögfræðingur Sigel hélt því fram að fórnarlambið Speller væri á sakaskrá og að hann hefði verið fullur og uppdópaður þetta kvöld. Speller klúðraði sínu máli þó sjálfur að miklu leyti þegar hann sagði lögreglunni frá því að hann hefði verið skotinn meðan á ráni stóð. En næsta dag hélt hann því fram að rapparinn Sigel hefði staðið fyrir skotárásinni og væri ábyrgur fyrir meiðslum hans.



**BEANIE SIGEL** Er í vondum málum þessa dagana og verst fyrir rétti vegna ákæru um morðtilraun.

Speller sagðist ekki hafa þorað að segja sannleikann. „Ég vildi sjá til þess að það yrði í lagi með mig og fjölskyldu mína," sagði hann og bætti því ennfremur við að hann hefði rifist við táningsdóttur vinar rapparans Sigel og það hefði verið ástæða þess að Sigel hefði ráðist á sig. Réttarhöldunum er ekki lokið. ■

# Óeftirminnilegt stjörnuhrap

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

Þessi duglega snót er frá Seattle, heimabæ gruggrokksins, en það er þó ekki mikið rokk í henni. Síðustu ár hefur komið plata á hverju ári en lífið hlýtur að hafa verið henni erfitt síðasta árið því Year of Meteors er önnur útgáfan hennar á þessu ári.

Laura er kassagítarstelpa, með hljómsveit á bak við sig, og opnar hún hjarta sitt upp á gátt í hverju lagi. Hún syngur um gremju og unað ástarinnar og tekur einstaka sinnum á öðrum lífsþrautum. Vonandi verður stelpan alltaf ástfangin, því annars grunar mig að hún hefði lítið að fjalla um. Ef hún lendir í þeirri krísu getur hún alltaf bara hætt með kærastanum sínum og skapað sér nýja dramatík.

Tónlistarlega er þetta lítið þrekvirki. Hún hljómar nánast alveg nákvæmlega eins og ég hafði gert mér hugarlund áður en ég renndi henni í tækið. Hún hefur enga sérstöðu þegar kemur að rödd, tjáningu eða útsetningum. Það er meiri pressa á þannig listamönnum að þeir standi sig í lagasmíðum en því miður er ekkert við lög Lauru sem fyllir mig af löngun til þess að heyra þau aftur. Af einhverjum ástæðum minna lögin mig svolítið á eins manns sveitina Eels, sem missti sjarmann fyrir þó nokkrum plötum. Það hlýtur líka að vera vísbending um að eitthvað vanti þegar maður er búinn að renna plötu í gegn þrisvar sinnum, en samt gæti ég varla raulað lag af henni til að bjarga lífi mínu. Helst að ég kæmist í gegnum viðlagsins Galaxies.



**LAURA VEIRS:**

YEAR OF METEORS

**Niðurstaða:** Laura Veirs hefur fengið glimrandi dóma í erlendu tónlistarpressunni, og ég botna ekkert í því. Sæmilegasta plata sem hljómar of mikið eins og svo margt annað til þess að vera eftirminnileg.

En bara svona til að hafa það á hreinu, þá hefur hún Laura fengið mjög góða dóma í heimspressunni. Það er heldur ekkert við þetta sem fer beint í taugarnar á mér. Þetta er allt vel unnið og augljóst að Laura býr yfir heilmiklum hæfileikum. Gallinn er að hún hefur engan brodd, enga sérstöðu og á varla eftir að fá meiri viðurkenningu en þessi plata hefur fært henni, nema að hún spýti aðeins í lófana.

Í hafsjó fjölbreytninnar sem er löngu búinn að flæða yfir bakka sína er bara ekki nóg að hafa hæfileika. Þú verður líka að vera áhugaverður, hafa sérstöðu, ef þú ætlar að haldast á floti í tónlistarbransanum. Year of Meteors er loftsteinn sem brennur upp í gufuhvolfinu áður en hann nær að klessa á jörðina með látum. Slíkt kallast stjörnuhrap.

**Birgir Örn Steinarsson**

# Aniston komin með nýjan?

Jennifer Aniston á víst að vera búin að finna sér nýjan kærasta. Það er ekki Vince Vaughn eins og allir héldu heldur hjartaknúsarinn Geoff Stults. Hann leikur kærastann hennar í kvikmyndinni Break Up sem Vaughn leikur líka í og tökur standa yfir á um þessar mundir.

Heimildamaður á tökustað sagði við slúðurblaðið National Enquirer að við tökur á myndinni í Chicago hefði Aniston daðrað sem vitlaus væri við Geoff. „Það hefði þurft blindan mann til að sjá ekki þá kynferðislegu spennu sem ríkti á milli þeirra," var haft eftir heimildarmanninum. ■



**JENNIFER ANISTON** Hún skildi við kyntröllið Brad Pitt á þessu ári og á að vera komin með nýjan hjartaknúsara upp á arminn.

# FRÉTTIR AF FÓLKI

**Keira Knightley** hefur lofað sjálfri sér því að fara aldrei í lýtaaðgerð. Hún segist aldrei geta lagst undir hnífinn eftir að hafa séð vinsælan sjónvarpsþátt sem ber heitið Dr 9-0-0 þar sem sýnt er frá alvöru lýtaaðgerðum. „Lýtaaðgerðir eru svakalegar," segir hún. „Það er einn hræðilegur þáttur sem heitir Dr. 9-0-0 þar sem sýnt er frá því þegar fólk fer í lýtaaðgerðir og það er rosalegt að sjá. Það lætur mann hugsa, eruð þið öll brjáluð? Ég gæti þetta ekki, ég þoli ekki sársauka."



Leikkonan **Cameron Diaz** missti þolinmæðina við ljósmyndara á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto þegar hún upplýsti þá um það að smellirnir úr myndavélunum gerðu hana taugaveiklaða. Diaz ferðaðist til Kanada til að kynna nýja mynd sína *In Her Shoes* og fannst hræðilegt að glamparnir úr myndavélinni trufluðu hana meðan á blaðamannafundi stóð. Hún tapaði sér og sagði: „Allt í lagi, hve margar myndir haldið þið að þið séuð búnir að taka? Í alvörunni, talið þið líka svona saman í svefnherberginu? Þetta er rugl. Ég er að fá taugaáfall út af öllum þessum smellum."



Hollywood-leikkonan **Jennifer Love Hewitt** er móðguð út í leikarann **Matt Damon** því hann sendi henni ekki þakkarbréf fyrir gjöf sem hún sendi honum. Hún sá grein um hann í blaði þar sem hann sagði að hann fengi svo sjaldan að sofa í eigin rúmi. Hún útskýrir: „Það var grein í blaðinu um Matt Damon þar sem hann sagði að hann ynni svo mikið að honum liði eins og hann ætti hvergi orðið sitt eigið rúm og það fannst mér soldið sorglegt. Svo ég sendi honum rúm sem maður blæs upp, sæng og rúmföt. Ég skrifaði að ég væri einlægur aðdáandi og að ég vildi að hann gæti ferðast með rúmið hvert sem hann færi. Ég heyrði aldrei í honum aftur. Ég hef samt séð hann og hann horfði bara



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I must go now Clarice, I'm having an old friend for dinner“**

**Svar:**
Hannibal Lecter í kvikmyndinni
Silence of the Lambs (1991).

# dagskrá

**Í TÆKINU** VIGGO MORTENSEN LEIKUR Í HIDALGO Á STÖÐ 2 KLUKKAN 21.05 Í KVÖLD

## *Blómasali og ljóðskáld*



Leikarinn Viggo Mortensen fæddist í New York árið 1958. Móðir hans var bandarísk og faðirinn danskur en þau kynntust í Noregi. Saman fluttu þau til New York og stuttu síðar til Suður-Ameríku þar sem pabbinn rak kjúklingabúgarða bæði í Venesúela og Argentínu.

Viggo var sjö ára sendur í strangan, einangraðan heimavistarskóla en fjórum árum síðar skildu foreldrarnir og móðirin fór með börnin til New York. Viggo var duglegur í námi og íþróttum. Hann kláraði háskólanám og hélt til Danmerkur í leit að tilgangi lífsins. Þar vann hann við ýmislegt, meðal annars sem aðstoðarmaður læknis og blómasali, og skrifaði mikið af ljóðum og smásögum. Viggo byrjaði með danskri stúlku sem hann elti til New York í von um ævilanga ást og frama í skrifum sínum. Því miður fékk hann hvorugt en í staðinn hóf hann leiklistarnám og hlaut sitt fyrsta kvikmyndahlutverk innan þriggja ára. Árið 1987 fluttist Viggo til Los Angeles. Hann giftist leikkonunni Exene Cervenka og saman eignuðust þau soninn Henry. Þau skildu eftir 10 ára hjónaband. Árið 1999 var hringt í Viggo vegna myndarinnar The Lord of the Rings. Hann vissi lítið um myndina og hafði ekki áhuga á hlutverkinu þar sem hann þyrfti að vera frá syni sínum. Henry var hins vegar mikill aðdáandi bókanna og sagði föður sínum að hafna ekki hlutverkinu. Eins og allir vita öðlaðist Viggo mikla frægð í kjölfar myndarinnar sem reyndist honum bæði raun og gleði því hann hefur alltaf verið lítið fyrir sviðsljósið.

**Þrjár bestu myndir Viggos:** **The Lord of the Rings: The Fellowship of the Ring** – 2001 **Psycho** – 1998 **G.I. Jane** – 1997



**kl.20.40** BÍÓ

Sweet Home Alabama



**21.05** BÍÓ

Hidalgo



**19.00** YFIRNÁTTÚRULEGT

Tru Calling



**22.45** SAKAMÁL

Peacemakers



**22.00** FÓLTBOLTI

Spænski boltinn

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Gurra grís **8.06** Kóalabræður **8.17** Pósturinn Páll **8.35** Hopp og hí Sessamí **8.59** Bitti nú! **9.22** Tómas og Tim **9.31** Arthur **9.57** Gormur **10.20** Kóalabirnirnir **10.45** Kastljósið **11.15** Út og suður **11.40** Peter Sellers – Brot af því besta

**12.40** Kvöldstund með Jools Holland **13.50** Bikarkeppnin í fótbolta **15.50** Formúla 1 **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Matur um víða veröld **18.54** Lottó

**19.00** Fréttir, íþróttir og veður
**19.40** Hljómsveit kvöldsins Hljómsveitin Ske flytur nokkur lög.
**20.10 Spaugstofan**
**20.40 Heim til Alabama** (Sweet Home Alabama) Bandarísk gamanmynd frá 2002. Melanie Carmichael fatahönnuður í New York er allt í einu trúlofuð eigulegasta piparsveini borgarinnar. En hún giftist voðalegum durti þegar hún var enn í gaggó og hann neitar að veita henni skilnað og nú þarf Melanie að fara heim til Alabama til að ganga frá sínum málum.
**22.30 Handan við sól** (Abril Despedaçado) Brasilísk verðlaunamynd frá 2001 um ungan mann sem efast um réttmæti hefndarskyldunnar eftir að pabbi hans skipar honum að hefna eldri bróður hans.

**0.00** Fiðrildamaðurinn (Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára. e) **1.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Jellies, Músti, Póstkort frá Felix, Pingu, Sullukollar, Kærleiksbirnirnir, Kærleiksbirnirnir, Barney, Með afa, Engie Benjy, BeyBlade, Abrafax og sjóræningjarnir Leyfð öllum aldurshópum.) **11.30** Home Improvement 2 (15:27)

**12.00** Bold and the Beautiful **13.40** Osbournes 3 (8:10) **14.00** Strong Medicine 3 (21:22) **14.45** Apprentice 3, The (17:18) **15.30** Amazing Race 7 (3:15) **16.15** Sjálfstætt fólk **16.55** David Blaine: Magic Man (e) **17.40** 60 Minutes I 2004

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.54 Lottó**
**19.00 Íþróttir og veður**
**19.15 George Lopez (1:24)** (George Searches For A Needle In A)
**19.40 Stelpurnar (4:20)**
**20.05 Það var lagið**
**21.05 Hidalgo** Ævintýraleg hasarmynd sem gerist seint á nítjándu öld. Frank Hopkins, þekktur knapi í villta vestrinu, heldur á vit hins ókunna í Arabíu ásamt hesti sínum, Hidalgo. Fram undan er hættuleg keppni þar sem leiðin liggur m.a. um eyðimörkina. Heimamenn eru sannfærðir um yfirburði gæðinga sinna en Frank og Hidalgo láta sér hvergi bregða, staðráðnir í að koma fyrstir í mark. Bönnuð börnum.

**23.20** Silver Streak (Bönnuð börnum) **1.10** White Men Can't Jump **3.00** The Handmaid's Tale (Stranglega bönnuð börnum) **4.45** Strákarnir **5.10** Night Court **5.35** Fréttir Stöðvar 2 **6.20** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**14.00** David Letterman **14.45** Sjáðu **15.00** David Letterman **15.45** Sjáðu **16.00** Kvöldþátturinn **16.50** Supersport (11:50) **17.00** Seinfeld (19:24) **17.30** Friends 3 (9:25) **18.00** Friends 3 (12:25)

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Tru Calling (13:20)** (Drop Dead Gorgeous) Þættir í anda Quantum Leap. Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi.
**20.00 Seinfeld (20:24)**
**20.30 Friends 3 (13:25)**
**21.00 Joan Of Arcadia (12:23)** (Jump) Sagan af Jóhönnu af Örk færð í nútímann. Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana. Hún fer að fá skilaboð frá Guði sem fer að segja henni að gera alls kyns hluti sem hún og gerir.
**22.00 Rescue Me (13:13)** (Sanctuary) Frábærir þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi.
**22.50 American Princess (3:6)** 2

**23.40** Paradise Hotel (12:28) **0.30** David Letterman

### SKJÁREINN

**12.00** The Jamie Kennedy Experiment **12.25** Sledgehammer **12.50** Popppunktur **13.45** Peacemakers **14.30** Ripley's Believe it or not! **15.10** Less than Perfect **15.35** According to Jim **16.00** America's Next Top Model IV **17.00** Survivor Guatemala **18.00** Þak yfir höfuðið

**19.00 The King of Queens (e)**
**19.30 Will & Grace (e)**
**20.00 The O.C. (e)**
**21.00 House (e)** Vírus sem dreifist ört um spítalann stofnar lífum sex ungbarna í hættu.
**21.50 C.S.I. (e)** CSI er frumleg og óvenjuleg glæpaþáttaröð þar sem persónurnar nota tæknilegar meinafræðirannsóknir til rannsóknar á sönnunargögnum sem sanna eiga glæpi af ýmsu tagi.
**22.45 Peacemakers** Tveir menn finnast myrtir, bæjarstjórinn vill kenna Arapaho Indjánunum um morðin en Marshal Stone er ekki á sama máli og reynir ólmur að finna hina réttu sökudólga.

**23.30** Law & Order (e) **0.20** CSI: New York (e) **1.10** Da Vinci's Inquest (e) **2.00** Tvöfaldur Jay Leno (e) **3.30** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**8.10** Presidents Cup

**12.10** Concept to Reality **13.00** A1 Grand Prix **14.50** Presidents Cup

**22.00 Spænski boltinn** (Real Betis – Barcelona) Útsending frá leik Real Betis og Barcelona en bæði félögin eru líkleg tilafreka í vetur. Gestirnir eiga auðvitað meistaratitilinn að verja ogheimamenn er mjög líklegir til að blanda sér í toppbaráttuna. Leikurinn varí beinni á Sýn Extra klukkan 19.55 í kvöld.

**23.40** Hnefaleikar

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Talk of Angels **8.00** Simone **10.00** Boycott **12.00** Double Bill **14.00** Talk of Angels **16.00** Simone **18.00** Boycott **20.00** **Double Bill** Gamansöm sjónvarpsmynd þar sem hjónalífið er í brennidepli. Leyfð öllum aldurshópum. **22.00** **The Five Senses** Sérlega áhugaverð kvikmynd sem bæði vekur upp og svarar ýmsum spurningum. Leyfð öllum aldurshópum. **0.00** Hunter: Back in Force (Bönnuð börnum) **2.00** The Fourth Angel (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** The Five Senses

### OMEGA

**8.00** Sherwood Craig **8.30** Um trúna og tilveruna **9.00** Maríusystur **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** T.D. Jakes **11.00** Robert Schuller **12.00** Samverustund (e) **13.00** Joyce Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Kvöldljós **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Dr. David Cho **17.30** Freddie Filmore **18.00** Mack Lyon **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **20.00** Vatnaskil Hvítasunnukirkjan Fíladelfía **21.00** Mack Lyon Í leit að vegi Drottins **21.30** Acts Full Gospel **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni 23.00 CBN fréttastofan – fréttir á ensku **0.00** Miðnæturhróp **0.30** Nætursjónvarp

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! Entertainment Specials **13.00** The E! True Hollywood Story **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** New York Fashion Week Special **18.00** America's Sweetheart **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** High Price of Fame **21.00** The Anna Nicole Show **21.30** The Anna Nicole Show **22.00** Party @ the Palms **22.30** Party @ the Palms **23.00** Wild On Tara **0.00** The E! True Hollywood Story **1.00** Dr. 90210

### AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

**9.30** Liverpool – Man. Utd frá 18.09 **11.25** Birmingham – Liverpool (b) **13.40** Hlé vegna bikarúrslitaleiks **16.00** Bolton – Portsmouth (b)
**18.30 West Ham – Arsenal** Leikur frá því fyrr í dag.
**20.30 Chelsea – Aston Villa** Leikur frá því fyrr í dag.
**22.30 Dagskrárlok**


Námskeiðin fást í Hagkaup

Skráning hafin á www.rokkskolinn.is og í síma 898 9955

ROKKSKÓLINN



**Söngnámskeið**
Hóptímar - Einkatímar
Upphitun - öndun - raddbeiting - túlkun og texti - framkoma
Sungið með undirleik - Upptaka í hljóðveri í lok námskeiðs



**Gítarnámskeið**
Hóptímar - Einkatímar



**Trommunámskeið**
Einkatímar
Hrinþjálfun, lestur og tækni



**Bassanámskeið**
Hóptímar - Einkatímar

**Söngnámskeið**
Eva Ásrún Albertsdóttir
Erna Þórarinsdóttir
**Gestakennarar:**
Guðrún Gunnarsdóttir
og Helga Möller

**Trommunámskeið**
Magnús Ásvaldsson - d.u.s.t
**Gestakennari:**
Jóhann Hjörleifsson - Sálin

**Gítarnámskeið**
Albert Ásvaldsson - d.u.s.t
**Gestakennari:**
Guðlaugur Falk - Dark Harvest/Exizt

**Bassanámskeið**
Birgir Káráson - Ísafold
Gestakennari:
Hörður Stefánsson - Brain Police




Skemmtileg námskeið fyrir fólk á öllum aldri

Mifa ehf - Smiðjustígur 4a, 101 Reykjavík - Sími 898 9955
www.rokkskolinn.is - rokkskolinn@rokkskolinn.is

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Abril Despedaçado — Sjónvarpið kl. 22.30

### *Lífið að veði*

Í kvöld verður sýnd brasilísk verðlaunamynd frá 2001. Faðir Tonhos skipar honum að hefna eldri bróður síns. Ungi maðurinn veit að ef hann fremur þennan glæp má skipta lífi hans í tvennt, annars vegar þau 20 ár sem hann hefur þegar lifað og hins vegar þá örfáu daga sem hann á ólifaða þar til hin fjölskyldan hefnir sonarins. Tonho efast mjög um réttmæti hefndarskyldunnar og yngri bróðir hans hvetur hann til að hunsa hana. Leikstjóri er Walter Salles, sem gerði meðal annars Mótorhjóladagbækurnar.



*Hinn ungi Tohno stendur frammi fyrir erfiðu vali*

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Bílaþáttur **10.03** Laugardagsmorgunn **12.10** Hádegisútvarpið **13.00** Bókmenntaþátturinn **14.00** Úr skríni **15.03** Royal búningur **16.00** Margrætt **17.03** Frjálsar hendur

**18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Bílaþáttur **20.00** Laugardagsmorgunn **22.00** Hádegisútvarpið **23.00** Bókmenntaþátturinn **0.00** Úr skríni

**1.00** Royal búningur **2.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur **3.00** Frjálsar hendur **4.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt **4.30** Bílaþáttur **5.30** Laugardagsmorgunn

**7.30** Hádegisútv. **8.30** Bókmenntaþátturinn

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.45** Veður **7.00** Fréttir **7.05** Samfélagið í nærmynd **8.05** Músík að morgni dags **9.00** Fréttir **9.03** Út um græna grundu **10.05** Veður **10.15** Fastir punktar **11.00** Í vikulokin

**12.00** Hádegisútv. **12.20** Fréttir **13.00** Laugard.þáttur **14.00** Teygjan **14.30** Dagamunur **15.20** M. laugard.kaffinu **16.10** Á rökstólum **17.05** Fnykur **18.00** Fréttir **18.25** Auglýsingar

**18.28** Trallala dirrindí **18.52** Dánarfr. **19.00** Íslenskir einsöngvarar **19.30** Stefnumót **20.15** Uppskerutíminn **21.05** Góður, betri, bestur **22.00** Fréttir **22.15** Marilyn Monroe

**23.10** Danslög **0.00** Fréttir **0.10** Samt. rásir.

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**0.10** Næturvaktin **1.03** Veður **1.10** Næturvaktin **2.03** Næturtónar **4.30** Veður **6.00** Fréttir **6.05** Morguntónar **8.00** Fréttir **8.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **14.00** Fótboltarásin **16.00** Fréttir **16.08** Með grátt í vöngum

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Auglýsingar **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** PZ-senan

**22.00** Fréttir **22.10** Næturvörðurinn

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson

**15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsd. **22.00** Rósa Ingólfsdóttir

**23.00** Kjartan G. Kjartans. **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielss. **3.00** Rósa Ingólfs **4.00** Kjartan G. Kjartanss. **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**11.30** Cycling: Road World Championship Madrid Spain **16.00** Tennis: WTA Tournament Beijing **17.00** Tennis: WTA Tournament Beijing **18.00** Fight Sport: Fight Club **21.00** Xtreme Sports: Yoz Mag **21.30** Freestyle Motocross: US Tour Greenville United States **22.00** Freestyle Motocross: US Tour Greenville United States **22.30** News: Eurosportnews Report **22.45** Sumo: Nagoya Basho Japan **23.45** Football: Gooooal !

**BBC PRIME**
**12.00** Doctors **12.30** Doctors **13.00** Doctors **13.30** Doctors **14.00** The Good Life **14.30** Yes Minister **15.00** Top of the Pops **15.40** Top of the Pops 2 Specials **15.55** The Weakest Link Special **16.40** Strictly Come Dancing **17.40** Casualty **18.30** The Dobsons of Duncraig **19.00** Grumpy Old Men **19.30** I Knew John Lennon **20.20** I Want My Little Boy Back **21.15** Top of the Pops **21.55** Top of the Pops 2 Specials **22.30** Lenny Henry in Pieces **23.00** Supernatural Science **0.00** Teen Species **1.00** The Mark Steel Lectures **1.30** Lab Rats

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Marine Machines: Pro-diving **13.00** Megastructures: the Bridge of Mostar **14.00** Air Crash Investigation: Fire On Board **15.00** Seconds from Disaster: Zeebrugge Ferry Disaster **16.00** Deep Jungle: New Frontiers **17.00** Deep Jungle: Monsters of the Forest **18.00** Deep Jungle: the Beast Within **19.00** Cinderella Man: the Real Jim Braddock Story **20.00** Wanted – Interpol Investigates: One Way Ticket **21.00** Year of the Dragon **23.30** Paranormal?: Exorcism **0.30** Angel Falls

**ANIMAL PLANET**
**12.00** George and the Rhino **13.00** The Leopard Son **14.00** Growing Up... **15.00** The African King **16.00** Temple of the Tigers **17.00** Return of the Prime Predators **18.00** The Natural World **19.00** The Great Croc Trail **20.00** George and the Rhino **21.00** Menacing Waters **22.00** Future Shark **23.00** The African King **0.00** A Man Called Mother Bear

**DISCOVERY**
**12.00** Brain Story **13.00** Mythbusters **14.00** Mythbusters **15.00** Spy **16.00** Rex Hunt Fishing Adventures **16.30** Lake Escapes **17.00** Deep Salvage **18.00** Extreme Engineering **19.00** American Chopper **20.00** Rides **21.00** Scrapheap Challenge **22.00** Trauma **23.00** Body Image

**MTV**
**12.00** Making the Video **12.30** Behind the Scenes Weekend Music Mix **13.00** Making the Video **13.30** VMA's Uncensored 2005 **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** My Super Sweet 16 **17.00** European Top 20 **18.00** The Fabulous Life Of **18.30** Cribs **19.00** Viva La Bam **19.30** Pimp My Ride **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Trippin' **21.30** A Cut **22.00** So '90s **23.00** Just See MTV **1.00** Chill Out Zone

**VH1**
**12.00** All Access **13.00** All Access **14.00** All Access **15.00** Making the Video MTV **15.30** The Fabulous Life of... **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** VH1 Viewer's Jukebox **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** All Access **20.00** All Access **21.00** Viva la Disco **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Power Food **12.40** Other People's Houses **13.35** Sizzle **14.00** Race to the Altar **15.15** City Hospital **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** G-Girls **17.15** Girls Behaving Badly **17.45** Weddings **18.10** Weddings **18.40** The Roseanne Show **19.30** It's a Girl Thing **20.00** Cheaters **21.00** Spicy Sex Files **22.00** Sextacy **23.00** Ex-Rated **23.30** More Sex Tips for Girls **0.00** Hollywood One on One **0.25** Race to the Altar **1.50** Fantasy Open House

**CARTOON NETWORK**
**12.00** Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Hi Hi Puffy AmiYumi **14.30** Atomic Betty **15.00** Transformers Energon **15.30** Beyblade **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** The Jetsons **20.00** Droopy Master Detective **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

**JETIX**
**12.05** Digimon II **12.30** Moville Mysteries **13.00** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.30** Totally Spies **14.00** Sonic X **14.30** A.T.O.M. Alpha Teens on Machines **15.00** Pucca **15.05** Spider-Man **15.30** Pucca **15.35** Totally Spies

**MGM**
**12.15** Sketches **13.55** So Evil, so Young **15.15** Miles from Home **17.00** Fanfare for a Death Scene **18.15** Getting It Right **19.55** Hey Babu Riba **21.45** Rosebud **23.50** Article 99 **1.30** After Midnight

**TCM**
**19.00** Wild Rovers **21.10** Catlow **22.50** Operation Crossbow **0.45** Buddy Buddy

**HALLMARK**
**12.00** McLeod's Daughters **12.45** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **14.30** Love Comes Softly **16.00** McLeod's Daughters **16.45** McLeod's Daughters **17.30** McLeod's Daughters **18.15** McLeod's Daughters **19.00** McLeod's Daughters **19.45** Robin Cook's Acceptable Risk **21.30** Gunpowder, Treason & Plot **23.15** Freak City **1.00** Arthur Hailey's Detective

**BBC FOOD**
**12.00** Gary Rhodes **12.30** Diet Trials **13.00** Kitchen Takeover **13.30** The Great Canadian Food Show **14.00** Secret Recipes **14.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **15.00** The Best **15.30** Saturday Kitchen **16.00** Rick Stein's Fruits of the Sea **17.00** Fresh Food **17.30** Sophie's Sunshine Food **18.00** Rocco's Dolce Vita **18.30** The Italian Kitchen **19.00** Off the Menu **19.30** My Favourite Chef **20.00** My Favourite Chef **20.30** Gondola On the Murray **21.00** Jamie Oliver **21.30** Saturday Kitchen

**DR1**
**11.45** Happy Gilmore **13.15** Det Vildeste Westen **13.30** Ungefair **14.00** Boogie Listen **15.00** Helle for Lykken **15.40** F¢r s¢ndagen **15.50** Held og Lotto **16.00** Til dans, til vands og i luften **16.20** Sallies historier **16.30** TV Avisen med vejret **16.55** SportNyt **17.05** Hunde på job **17.30** Julie **18.00** aHA! **18.45** Spionen der elskede mig **20.45** Kriminalkommissær Barnaby **22.20** Fanget i sneen **23.50** Boogie Listen

**SV1**
**14.00** Krönikan **15.00** Doobidoo **16.00** BoliBompa **16.01** Disneydags **17.00** Kenny Starfighter **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Folktoppen **19.00** Popcorn **19.30** Brottskod: Försvunnen **20.15** Forsytesagan **21.10** Rapport **21.15** Familjen **22.05** Svindlande insatser

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

HEMMI SLÆR TAKTINN
og þjóðin syngur með alla laugardaga kl. 20:10





## HRÓSIÐ

*...fær hinn ungi menntaskólanemi Benedikt Kristjánsson sem leikur íslenskan hjartaknúsara í þýsku sjónvarpsmyndinni Leben wäre schön.*

## + INNI



**Sólarlandaferðir** Sumarið sveik okkur og nú virðist Vetur konungur hafa gert innrás sína allt of fljótt. Það er því tilvalið að bregða sér til Rimini eða annarra heitra landa svona rétt til að lengja sumarið og slappa af.



**Kvikmyndahátíðir** Tvær eru væntanlegar núna á næstunni. Annar vegar Alþjóðlega kvikmyndahátíðin í Reykjavík þar sem áhersla verður lögð á kvikmyndir sem við myndum að öðrum kosti ekki sjá. Októberbíófest tekur síðan við og sýnir „heitustu“ myndirnar. Frábært í öllu þessu bíóhallæri sem hefur verið í gangi.

**Antony and the Johnsons** Þótt skammt sé liðið frá síðustu heimsókn þessa ágæta tónlistarmanns varð strax uppselt á tónleika hans í Fríkirkjunni. Ef einhver á upp á pallborðið um þessar mundir þá er það Antony.



## ÚTI ÷

**Sumarföt** Ef þú hélst að það væri ennþá sumar þá skjátlast þér all hrapalega. Það er skítakuldi og þér hollast að klæða þig eftir veðri. Það er fátt jafn hallærislegt og að sjá fólk krókna úr kulda bara af því að það telur sér trú um að september sé eitthvað hlýr. Útlendingar hafa vit á þessu, af hverju ekki við?





**Ódýrir raunveruleikaþættir** Það er ekki allt raunveruleikasjónvarp skemmtilegt. Sumt af því er meira að segja leiðinlegt. Þættir á borð við The Swan og American Princess draga sjónvarpsdagskrána niður á lægsta hugsanlega stig þess ágæta afþreyingarmiðils.

**James Blunt** Damien Rice var flottur. Elliott Smith og Nick Drake eru það líka. Jack Johnson er fínn. James Blunt er það ekki. Það sýnir sig á því hversu þreytt lagið hans Beautiful er orðið. Má ég biðja um eitthvert annað lag eða jafnvel smá rokk?





**Lárétt:** **2** æra, **6** smáorð, **8** tíndi, **9** guggin, **11** í röð, **12** giskum, **14** flanar, **16** utan, **17** örn, **18** verkur, **20** tónn, **21** tréílát.

Lóðrétt: **1** garð, **2** belti, **4** steintegund, 5 svei, **7** fréttir, **10** lifir í sjó, **13** dvelja, **15** umrót, **16** stefna, **19** gerist í hnefaleikum

**Lausn.**

**Lárétt:** **2** sómi, **6** ef, **8** las, **9** grá, 11 rs, **12** getum, **14** ganar, **16** án, **17** ara, **18** tak, **20** as, **21** trog.

Lóðrétt: **1** vegg, **3** öl, **4** marmara, **5** iss, **7** fregnar, **10** áta, **13** una, **15** rask, **16** átt, **19** ko.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Boeing 777
2. 151 milljón króna
3. Reading








**BLEIKA SIÐASKRÁIN** Útvarpsstöðin X-ið ætlar markvisst að bæta ímynd sína og hafa groddaleg slagorð hennar verið tekin úr spilun. Hér má sjá þá Frosta, Mána og Gunnar við siðaskrána, sem prentuð var út í bleiku.

FROSTI LOGASON: ER ORÐINN SIÐAPOSTULI ROKKHUNDANNA

# Feminísk endurreisn X-ins 97,7

Útvarpsstöðin X-ið 97,7 hefur hingað til verið þekkt fyrir frekar óheflaða dagskrárgerð. Hún lá lengi vel undir ámæli fyrir að vera neikvæð í garð kvenna og ala jafnvel á kvenfyrirlitningu. Nú horfir hins vegar til betri vegar. Útvarpsstöðin gaf á dögunum út siðareglur fyrir starfsmenn sína þar sem þeim er gert að sýna persónuleg og fagleg heilindi í starfi sínu. „Miðað við hvernig fjölmiðlar eru orðnir fannst okkur kominn tími til að sýna jákvætt frumkvæði í þessum málum,“ segir Frosti Logason, dagskrárstjóri útvarpsstöðvarinnar.

Í síðasta lið fyrsta kafla siðareglnanna er starfsmönnum gert skylt að halda í heiðri sterk feminísk viðhorf. Geri starfsmaður sig sekan um kvenfyrirlitningu varðar það sektum eða jafnvel brottrekstri. „Já, við viljum að starfsmenn sýni smá feminíska viðleitni. Við höfum verið sakaðir um að vera karlrembuútvarp. Það er hér með liðin tíð ef það hefur einhvern tímann verið,“ segir Frosti en lengi vel voru slagorð stöðvarinnar heldur groddaleg í garð kvenna. „Þau hafa verið tekin úr spilun,“ lýsir hann yfir. Til að sýna vilja sinn í verki kom talskona feminista, Katrín Anna Guðmundsdóttir, í morgunþátt stöðvarinnar og prentaði siðareglurnar út á bleikan pappír. „Þær verða hengdar upp í hljóðverinu mönnum til áminningar.“

Eflaust halda einhverjir að hér sé eitthvað grín í gangi hjá stöðinni sem hingað til hefur ekki alltaf kallað á ömmu sína. „Okkur er fúlasta alvara að bæta ímynd stöðvarinnar. Við ætlum til að mynda byrja með þátt á þriðjudagskvöldum sem ber heitið Píkupopp og verður alfarið í umsjá kvenna,“ segir Frosti, en hann hefur verið skipaður siðapostuli stöðvarinnar og mun í samstarfi við siðanefnd hennar ákvarða refsingar fyrir þá starfsmenn sem brjóta reglurnar. „Við viljum hvetja aðra fjölmiðla til að birta svipaða siðaskrá og fara síðan eftir henni,“ segir hann.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Ungfrú Íslandi, **Unni Birnu Vilhjálmsdóttur**, er ekkert óviðkomandi en fegurðardísin heldur úti ansi röggsamri bloggsíðu. Þar tjáir hún sig um sín hjartans mál sem eru ekki bara eitthvað pjatt um dans og púður. Stelpan hefur greinilega bein í nefinu. Ekki alls fyrir löngu hrakti Unnur Birna kjaftasögur um sig og bandaríska leikarann **Ryan Phillippe** í **Málinu**. Þar sendi hún ennfremur **DV** og **Hér og Nú** tóninn. Í færslu á heimasíðu sinni býsnast Ungfrú Ísland síðan yfir frétt sem birtist fyrir skömmu í DV. Blaðið hafði fengið að „láni“ myndir af bloggsíðunni og blaðamaður sett sínar fyrirsagnir við þær. Unnur Birna líkir þessu við einelti og sendir blaðamanninum **Símoni Birgissyni** tóninn. Unnur segist þó ekkert á þeim buxunum að gefast upp og ætlar sér að halda áfram að blogga. Þá segist hún ennfremur hafa fengið sér lögfræðing til að skoða þessi mál. Hún þakkar síðan DV pent fyrir að nú séu allar myndir „læstar“ og einungis vinir eða vandamenn geti skoðað þær.



Lífsreynda brúðan **Lilli** mætir af og til í Kvöldþáttinn til **Guðmundar Steingrímssonar** á sjónvarpsstöðinni Sirkus og deilir reynslu sinni og lífsspeki með áhorfendum. Því er þó þannig farið með Lilla, eins og aðrar brúður, að að baki honum stendur fólk af holdi og blóði. Það eru þeir **Sindri Kjartansson** og **Árni Sveinsson** sem eru andlegir feður Lilla, en þeir hafa báðir komið víða við og sýnt og sannað að þeir eru ýmsum hæfileikum gæddir. Sindri sá lengi um framleiðslu sjónvarpsþátta á Skjá einum en hann er eins og margir vita litli bróðir Tvíhöfðans **Sigurjóns Kjartanssonar**. Árni hefur einnig fengist við kvikmyndagerð en hann er bróðir **Hrannar Sveinsdóttur** og gerði á sínum tíma með henni heimildarmyndina umtöluðu Í skóm drekans.










# *Opið hús hjá RÚV*

Páll Magnússon útvarpsstjóri er þegar farinn að láta til sín taka. Eftir fund með starfsmönnum Sjónvarpsins á fimmtudagskvöld var ákveðið að Kastljós, Mósaík og Ópið yrðu sameinuð í einn þátt.

Gárungar hafa kallað þennan þátt MÓK-ið en Logi Bergmann Eiðsson, ritstjóri þáttarins, segist vera farinn að halla sér að vinnuheitinu Opið hús þótt hitt væri vissulega fyndið. „Við höfum helgina til ákveða nafngiftina,“ sagði hann.

Logi segir að þetta sé gömul hugmynd sem nú hafi verið ákveðið að stökkva á. „Ég held að við fáum betri þátt fyrir vikið. Hann verður meira lifandi,“ útskýrir hann. Logi segir að ákveðið hafi verið að steypa unga fólkinu, menningunni og fréttum í eitt þar sem þeim hefði fundist að ekki ætti að setja fólk í einhver ákveðin hólf.

„Þetta verður magnaður kokteill. Við ætlum að gera það sem viljum gera. Það verður ekkert okkur óviðkomandi,“ segir Logi ákveðinn. Dagskrártíminn, þar sem Kastljósið er, hefur tekið breytingum hjá RÚV á undanförnum áratug eða svo. Nýi þátturinn verður hins vegar lengri en forverarnir og stendur frá 19.40 til 20.40. „Við ætlum að læra af reynslunni, vera fjölbreyttari og ég mun ekki skammast mín fyrir að taka eitthvað sem virkaði í öðrum þáttum,“ segir Logi en fyrsta Opna húsið fer í loftið 10. október. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**LOGI BERGMANN** Segir mikinn kraft vera hjá Ríkissjjónvarpinu. Það er því greinilegt að nýr sjónvarpsstjóri, Páll Magnússon, hefur þegar látið til sín taka.




Skífan Laugavegi 26 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

...skemmtir þér ; )

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** | **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**









BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR STEINGRÍMSSONAR

## *Ný viðmið*

Það er gaman að heyra að nú skuli það ekki lengur teljast áfall fyrir saksóknara í stóru sakamáli fyrir dómstólum að öllum ákæruliðum í málatilbúnaði hans skuli vera vísað frá fyrir héraðsdómi. Svona er mannlífið skemmtilegt. Alltaf verða til ný viðmið eftir því sem tíminn líður og nýir viðburðir setja mark sitt á umræðuna. Saksóknari ber sig vel. Að öllum ákæruliðum sé vísað frá. Hva. Það er í góðu lagi. Bara betra ef eitthvað er.

**ÞETTA** er auðvitað gott að heyra, fyrir mann sjálfan í lífsins ólgusjó. Næst þegar ég klúðra einhverju gjörsamlega, geri all svakalega í buxurnar, verð með allt niðrum mig, geri upp á bak, fokka málum upp í háaloft, fæ hrikalega útreið, er gripinn gjörsamlega í bólinu, er afhjúpaður sem algert sauðnaut – fullkomlega á nærbuxunum – þá ætla ég líka að bera mig mannalega og segja hva, þetta er ekki neitt neitt. Bara betra ef eitthvað er.

**HVAÐ** er áfall og hvað er ekki áfall? Tökum annað dæmi. Það er alveg sama hvað Framsóknarflokkurinn sekkur djúpt í skoðanakönnunum, aldrei viðurkenna ráðamenn þar á bæ að niðurstöðurnar séu teljandi áfall fyrir þá. Menn segjast alltaf hafa séð það svartara. Hva, segja menn. Iss, piss. Þetta er í góðu lagi.

**ÞÓ** svo þessi nýju viðmið séu auðvitað góð tíðindi fyrir þá sem hafa tilhneigingu til þess að sleikja botninn í lífinu, þá verður nú samt að viðurkennast að þessi nýi veruleiki er óneitanlega dálítið ruglandi. Hvað ef saksóknari hefðu unnið fyrir héraðsdómi og fengið sakborningana dæmda seka í öllum ákæruliðum? Hefði það ekki verið betra en hitt, að öllu var vísað frá? Eða hvað? Eru kannski viðmiðin orðin svo breytt að sigur er ekki lengur sigur heldur ósigur og ósigur er sigur?

**OG** auðvitað er eitthvað fallegt við þá nægjusemi að Framsóknarflokkurinn skuli una glaður við tveggja prósenta fylgi í Reykjavík samkvæmt könnunum, sem er álíka fylgi og Flokkur mannsins fékk á sínum tíma, en að sama skapi má spyrja: Væri ekki betra að fá 20 prósent? Eða er kannski verið að spila einhvers konar pólitískt nóló þar sem markmiðið er að fá sem minnsta mögulega tölu, helst ekki neitt atkvæði frá neinum? Þá kannski myndu menn líta svo á, ekki síst flokksforystan, að flokkurinn yrði endanlega laus við áhrif kjósenda og gæti alfarið hætt að hlusta á þá, sem yrði af öllum vísbendingum að dæma ákveðin draumastaða fyrir suma.

**ALLT** ber þetta tal að sama brunni. Það er líklega kominn tími til að menn fari að segja aftur, óhikað og hispurslaust, þessi orð sem löngum voru höfð eftir einum tilteknum stjórnmálamanni á árum áður: Ég hef áhyggjur af þessu.■


